



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ársskýrsla



8. starfsár 2016 – 2017



Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir áttunda starfsár Naustaskóla, 2016-2017. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Bryndís, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Stefna skólans er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra í upphafi skólastarfsins, á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>. Skólaárið 2013-2014 fór fram endurskoðun á áherslum skólans með hliðsjón af nýrri Aðalnámskrá grunnskóla og voru þá áherslur í stefnu skólans settar fram sem markmið og viðmið um starfshætti eins og sjá má hér á eftir.

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.



Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.



Áherslur skólans

Námsaðlögun

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
 - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra
 - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum
 - Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum
 - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
 - Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
 - Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega
- **Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt**
 - Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans
 - Allir nemendur lesa á hverjum degi
 - Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt
- **Nemendur rækti sköpunarhæfileika sína**
 - Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu
 - Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt
 - Leikur er nýttur sem kennsluáðferð
 - Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar
- **Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum**
 - Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni
 - Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur
 - Á mið- og unglingastigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa val um leiðir í náminu
 - Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirra

N ámsaðlögun

A thvarf

Umhyggja/virðing

S amvinna

Athvarf

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Nemendum líði vel í skólanum**
 - Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjúsamt og vingjarnlegt við nemendur
 - Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi
 - Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum
 - Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum
- **Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi**
 - Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum
 - Námssvæði eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda
 - Námssvæði allra aldurshópa innihalda m.a. bóka/lestrarkróa, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausnastað, rólegt svæði, hópavinnusvæði o.s.frv.
 - Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins
 - Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt
 - Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu



- **Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi**
 - Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á
 - Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tók eru á
 - Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn
- **Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins**
 - Skólinn stendur fyrir viðburðum fyrir íbúa hverfisins og veitir aðstöðu fyrir slíka viðburði
 - Skólinn og hverfisnefnd eiga með sér gott samstarf

Umhyggja og virðing

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti**
 - Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólastarfinu
 - Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi
 - Nemendur og starfsfólk þekkir og fylgir skólasáttmála
 - Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís
 - Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi
 - Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum
 - Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum
- **Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum**
 - Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum
 - Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra
 - Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og umhyggju
 - Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað
- **Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti**
 - Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda
 - Skólinn vinnur markvisst að því að öðlast / endurnýja Grænfánann

Samvinna

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum**
 - Allir starfsmenn skólans vinna í teyrum
 - Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir
- **Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum**
 - Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda
 - Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum
 - Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftast eftir þörfum
- **Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna**
 - Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans
 - Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans
 - Viðeigandi starfs-, kennslu- og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef



- **Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu**
 - Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirbyggjandi gögnum
 - Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans
 - Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu
 - Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta
 - Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst í teymiskennslunni
- **Nemendur læra markvisst að vinna saman**
 - Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda
 - Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólapingi eldri nemenda árlega

Táp og fjör

Markmið / viðmið um starfshætti

- **Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel**
 - Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu
 - Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni
 - Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega
 - Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkvöld og fl.
- **Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð**
 - Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu
 - Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi
 - Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda
 - Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

Allir með!

- Í námi
- Í starfi
- Í leik
- Í ákvörðunum
- Til góðra verka

Naustaskóli 2016-2017

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala 530109-0110

Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111

Netfang: naustaskoli@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Bryndís Björnsdóttir

Deildarstjórar: Aðalheiður Skúladóttir og

Hildur Betty Kristjánsdóttir

Fjöldi nemenda: 370

Fjöldi starfsmanna: 70





Húsnæðismál

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk, fyrstu árin bættust við einn árgangur, um 50 nemendur á ári. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 í 1.-10. bekk, en þá var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Nemendum í skólanum fjölga enn og voru á liðnu skólaári, 2014-2015, ríflega 340 talsins. Í skólahúsnæðinu hafa verið auk grunnskólastarfsins, tvær deildir frá leikskólanum Naustatjörn frá haustinu 2012 en ein deild árin 2009-2012. Leikskóladeildirnar bera nöfnin Fífilbrekka og Sunnuhvoll og þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt.

Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrri áfangi skólahúsnæðisins og hafði hann að geyma heimasvæði 1.-7. bekkjar, Frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu. Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglingastígs, verkgreinastofur, miðrými (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Búið er að reisa stjórnunarálmu sem verður tekin í notkun haustið 2015 og íþróttahús sem verður tekið í notkun haustið 2016.

Vorið 2015 var tekin ákvörðun um að hýsa framangreindar leikskóladeildir í húsnæði Naustaskóla til frambúðar og slá þannig af um óákveðinn tíma fyrirhugaða byggingu annars leikskóla í hverfinu, en fram að því hafði vera leikskóladeildanna verið hugsuð sem tímabundið úrræði. Vegna þessa var farið í nokkra endurskipulagningu innanhúss í skólanum á vordögum og um sumarið 2015, frístund og tónmenntastofa flutt o.fl.

Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.





Skólinn í tölum

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs. .

	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15	15-16	16-17
Fjöldi nemenda	200	241	295	328	335	372	370
Fjöldi almennra kennslustunda	378	445	589	620	654	672	696
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,890	1,846	1,996	1,890	1,952	1,806	1,881
Fjöldi sérkennslustunda	84	86	91	80	105	115	111
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,420	0,357	0,308	0,244	0,313	0,309	0,3
Fjöldi umsjónarkennara	12	15	17	17	17	20	20
Meðaltal nemenda pr.umsj.kennara	16,67	16,07	17,35	19,29	19,71	18,60	18,50
Fjöldi barna í Frístund	71	76	81	86	89	95	92
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,61	1,81	1,88	1,88	2,63	2,63	2,63
Fjöldi stöðugilda í kennslu	17,76	20,42	26,15	26,92	29,19	30,27	30
Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %	74 / 26	75 / 25	80 / 20	82 / 18	79 / 21	76 / 24	55/15
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	2,93	2,58	4,58	3,90	3,80	3,23	3,33
Stöðugildi skólaliða	3,64	3,82	5,23	6,09	6,34	6,78	8,85
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,40	0,40	0,55	0,55	0,75	0,75	0,65
Stöðugildi vegna Frístundar	2,24	2,81	2,81	2,81	2,43	2,85	2,85
Stöðugildi vegna bókasafns	0,50	0,80	0,80	0,80	0,80	1,0	1,0
Stöðugildi vegna eldhúss	1,74	1,50	1,50	1,50	1,50	1,5	1,50
Stöðugildi vegna húsvörslu	1	1	1	1	1	1	1
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,80	0,80	0,80	0,80	0,80	0,8	1
Tölvur alls	50	61	128	128	130	163	163
Tölvur fyrir nemendur	30	33	87	87	87	114	114
Nemendur pr tölvu	6,67	7,30	3,39	3,77	3,85	3,26	2,26
Tölvur í stjórnun og kennslu	20	28	41	41	43	49	52
Hlutfall nemenda í mötuneyti	97%	96%	89%	89%	93%	93%	82%
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	79%	74%	74%	75%	76%	73%	57%
Meðaltal samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	26,55	29,70	23,30	24,25	30,17	-	-
Meðaltal samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	24,15	24,20	28,75	27,22	32,05	-	-
Meðaltal samr.pr. í 10.b(mt. ís/stæ)	-	-	29,83	29,77	23,81	-	-
Stærð húsnæðis	2338m ²	2338m ²	4500m ²	4500m ²	4500m ²	4800m ²	4800m ²



Nemendur

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1. SA	6	8	12	Sunna Alexandersdóttir
1. GBH	7	7	14	Gréta Halldórsdóttir
1. KS	6	8	14	Kristín Sigurðardóttir
2/3. EHE	12	9	21	Elín Hulda Einarsdóttir
2/3. KS	9	11	20	Kolbrún Sigurgeirsdóttir
2/3. LP	9	12	21	Lilja Þorkelsdóttir
2/3. BB	12	8	20	Berglind Bergvinsdóttir
4/5. KMG	10	12	22	Kristín Margrét Gísladóttir
4/5. SJI	12	10	22	Sigríður Jóna Ingólfssdóttir
4/5. SSJ	13	8	21	Stefán Smári Jónsson
4/5. ÞÝS	13	10	23	Þóra Ýr Sveinsdóttir
6/7. ASS	9	11	20	Andri Snær Stefánsson
6/7. SM	8	12	20	Særún Magnúsdóttir
6/7. HÖA	12	7	20	Heimir Örn Árnason
8/9/10. AHH	12	5	17	Árni Hrólfur Helgason
8/9/10. AJ	5	12	17	Aníta Jónsdóttir
8/9/10. ÁKG	6	12	18	Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
8/9/10. BBB	10	6	16	Björn Benedikt Benediktsson
8/9/10. ASP	12	5	17	Atli Sveinn Þórarinnsson
8/9/10. MJM	9	7	16	Magnús Jón Magnússon
	191	179	370	

Árgangaskipting:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:
Árg. 2001 (10.b.)	18	13	31
Árg. 2002 (9.b.)	18	14	32
Árg. 2003 (8.b.)	18	20	38
Árg. 2004 (7.b.)	12	17	29
Árg. 2005 (6.b.)	17	13	30
Árg. 2006 (5.b.)	20	21	41
Árg. 2007 (4.b.)	28	19	42
Árg. 2008 (3.b.)	25	23	48
Árg. 2009 (2.b.)	17	17	34
Árg. 2010 (1.b.)	18	22	40
	191	179	370

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
Aðalheiður Skúladóttir	deildarstjóri	stjórnun
Agnes Þorleifsdóttir	stuðningsfulltrúi	8.-9.-10.bekkur
Andrea Laufey Hauksdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting/frístund
Andri Hjörvar Albertsson	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
Andri Snær Stefánsson	kennari	6.-7. bekkur
Aníta Jónsdóttir	kennari	8. -9. -10. bekkur
Anna Margrét Helgadóttir	bókavörður	bókasafn
Atli Sveinn Þórarinnsson	kennari	8.-9.10. bekkur
Árni Hrólfur Helgason	kennari	8.- 9.-10.bekkur
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	kennari	8.-9.-10.bekkur
Áslaug Hallbjörnsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Berglind Bergvinsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Birgitta Rós Laxdal	stuðningsfulltrúi	1.bekkur
Björn Benedikt Benediktsson	kennari	8.-9.10. bekkur



Bryndís Björnsdóttir	skólastjóri	stjórnun
Bryndís Indíana Stefánsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Brynjar Hermannsson	umsjónarmaður	húsvarsla
Dögg Stefánsdóttir	kennari	forfallakennari
Elín Hulda Einarsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Elísabet Þóra Alfsdóttir	skólaliði	mötuneyti
Elva Rósa Helgadóttir	skólaliði	mötuneyti
Emilía Jóhanna Guðjónsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Ester Jóhanna Magnúsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Eva Björg Skúladóttir	námsráðgjafi	ráðgjöf
Gréta Björk Halldórsdóttir	kennari	1. bekkur
Guðrún Huld Gunnarsdóttir	kennari	stuðningskennari
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
Gutti Guttesen	skólaliði	gæsla/ræsting
Hafdís Björg Bjarnadóttir	þroskajálfi	stoðkennari 4.-5. bekk
Halla Jóhannesdóttir	kennari	myndmennt
Harpa Hilmarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
Heiðar Freyr Leifsson	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur/frístund
Heimir Örn Árnason	kennari	6.-7. bekkur
Helgi Valur Harðarson	kennari	hönnun og smíði
Herdís Margrét Ívarsdóttir	kennari	8.- 9.- 10. bekkur
Hildur Betty Kristjánsdóttir	deildarstjóri	stjórnun
Hrafnhildur Stefánsdóttir	forst.m. frístundar	umsjón með frístund
Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Hulda Davíðsdóttir	þroskajálfi	stoðkennari 2.-3. bekk
Inga Vala Magnúsdóttir	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur
Ingólfur Björn Stefánsson	skólaliði	íþróttahús
Íris Berglind C Jónasdóttir	kennari	heimilisfræði
Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir	kennari	forfallakennari
Jóna Sigurdís Svavarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Katrín Eymundsdóttir	skólaliði	íþróttahús
Kolbrún Eva Helgadóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Kolbrún Sigurðardóttir	skólaliði	gæsla/ræsting/frístund
Kolbrún Sigurgeirsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Kristín Margrét Gísladóttir	kennari	4.-5. bekkur
Kristín Sigurðardóttir	kennari	1. bekkur
Kristjana Sigurgeirsdóttir	skólaritari	
Lilja Þorkelsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Magnús Jón Magnússon	kennari	8.-9.-10. bekkur
Salóme Ýr Svavarsdóttir	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur/frístund
Sandra Ásgrímsdóttir	skólahjúkrunarfræðingur	
Sandra Ósk Sigurgeirsdóttir	Skólaliði	mötuneyti
Sandra Dís Leifsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Sigríður Jóna Ingólfssdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Sigurgeir Ólafsson	matreiðslumaður	mötuneyti / starfsmaður Naustatjarnar
Sigurlaug J Jóhannesdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Stefán Smári Jónsson	kennari	4.-5. bekkur
Sunna Alexandersdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Sunniva Lind Gjerde	skólaliði	gæsla/ræsting
Svandís Þóroddsdóttir	skólaliði	frístund
Særún Magnúsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Valborg Inga Guðjónsdóttir	skólaliði	mötuneyti
Valdís Rut Jósavinsdóttir	kennari	textílmennt
Vilborg Hjörný Ívarsdóttir	Félagsmiðstöð	
Þorsteinn Marinósson	kennari	íþróttakennsla
Þóra Ýr Sveinsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Þórey Sjöfn Sigurðardóttir	kennari	íþróttakennsla
Þórunn Erlingsdóttir	kennari	íþróttakennsla

**Breytingar á starfsfólki**

Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahópnum á þessu skólaári.

Hugrún Sigurbjörnsdóttir skólaliði, lét af störfum í desember vegna aldurs. Í hennar stað kom Birta Guðmundsdóttir. Ingólfur Björn Stefánsson skólaliði í íþróttahúsi, hætti einnig um áramót og Steinar Logi Þórðarson var ráðinn í hans stað. Í afleysingar skólaliða voru ráðnar Elva Dögg Hafdísardóttir og Karen Dögg Gunnarsdóttir, Alma Almarsdóttir og Guðný Sif Njálsdóttir. Þær komu inn stuttan tíma og leystu af í veikindaleyfum og öðrum forföllum. Einnig leyst Ólöf Stefánsdóttir af í Frístund í veikindaforföllum.

Salóme Ýr Svavarsdóttir stuðningsfulltrúi og Elísabet Alfsdóttir aðstoðarmatráður, fóru í fæðingarorlof í mars.

Magnús Jón Magnússon og Heimir Örn Árnason sögðu upp stöðu sinni sem umsjónarkennarar og hurfu til annarra starfa í mars. Andri Snær Stefánsson fór í fæðingarorlof í febrúar, mars og maí, og Atli Sveinn Þórarinsson sagði upp stöðu sinni frá og með 1. maí. Kári Ellertsson og Paula María Pálsdóttir voru ráðin inn tímabundið sem umsjónarkennarar í 6. - 7. bekk, Íris Berglind Jónasdóttir heimilisfræðikennari, tók við stöðu umsjónarkennara í 8.- 9. -10. bekk og í hennar stað kom Emilía Jóhanna Guðjónsdóttir í heimilisfræðikennsluna. Birna Baldursdóttir fór í 50% stöðu kennara í 4.-5. bekk í stað Emilíu.



Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2016 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

Lyklar	Raun 2016	Áætlun 2016	Mismunur	Notað (%)
Tekjur	-50.379.117	- 37.473.000	-12.906.117	134.44
Laun og launatengd gjöld	364.307.122	348.835.000	- 15.471.561	104.44
Vörukaup	33.421.209	30.012.000	-3.409.209	111,36
Þjónustukaup	191.889.141	192.250.000	-3.409.000	99.81
Styrkir og framlög	470.000	0	- 470.000	
Samtals:	640.466.579	608.570.000	- 35.65.887	350.05

Töluverð frávik voru frá fjárhagsáætlun en heildarniðurstaðan varð neikvæð um rúmar um 3.5 %. Það skýrist í raun alfarið af því að launakostnaður var verulega umfram áætlun, komu þar bæði til mikil langtímaforföll s.s. í aðdraganda fæðingarorlofa og önnur veikindi, kostnaður vegna ógreiddra sumarleyfa þegar starfsmenn sneru til baka úr fæðingarorlofum.

Samþykkt fjárhagsáætlun ársins 2016 er sem hér segir, áætlun 2017 til samanburðar:

Lyklar	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Staða eftir fyrstu 6 mánuði ársins
Tekjur	- 37.473.000	39.860.000	-15.889.000
Laun og launatengd gjöld	348.835.000	376.841.000	140.208.480
Vörukaup	30.012.000	31.243.000	11.991.801
Þjónustukaup	192.250.000	202.186.000	58.323.155
Styrkir og framlög			
Samtals:	608.570.000	650.130.000	249.929.334

Niðurstaða eftir fyrstu 6 mánuði ársins er ekki að fullu marktæk þar sem fram eru komnar hækkanir vegna kjarasamninga en eftir að endurskoða áætlun vegna þess. Varðandi vörukaupalið má nefna að búið er að fjárfesta í tölvubúnaði o.fl. sem ekki verður gert á seinni hluta ársins.



Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

Í september var uppákoma innan skólans til þess að fagna tilkomu nýja íþróttahússins. Nemendur komu saman inn í sal og dönsuðu og fögnuðu þeim áfanga.

Dagur íslenskrar tungu var haldin hátíðlegur með samveru á sal skólans, en þann dag hófst formlegt lestrarátak innan skólans og í lok lestrarátaksins var haldin uppskeruhátíð þar sem Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur kom og ræddi við börnin og veitti viðurkenningar þeim bekkjum sem stóðu sig best í áttakinu.

Naustaskóli tók þátt í stóru upplestrarkeppninni á Akureyri og átti tvo fulltrúa þar sem stóðu sig með mestu þrýði. Einnig tóku nemendur úr Naustaskóla þátt í Skólahreystikeppninni og lönduðu þar fjórða sæti.

Nemendur kusu í nemendaráð, en áður en gengið var til kosninga, var haldin framboðsfundur, þar sem frambjóðendur fengu tækifæri til þess að halda framboðsræður til að kynna sig og sínar áhrslur.

Nemendaráð stóð fyrir nemendadeginum og hæfileikakeppni starfsmanna og haldin var sparifatadagur 1. desember til að fagna fullveldisdeginum.

Einstökum árgöngum skólans var boðið á ýmsar uppákomur á vegum MAK í Hofi – sem við þáðum með þökkum. Einnig fór 6. bekkur í siglingu og veiðiferð með Húna. Nemendur 8.9 og 10. bekkjar buðu aðstandendum, fjölskyldu og starfsfólki á kynningu í lok þema um atvinnulífið sem þau unnu á þemadögum í smiðjutímum á vorönninni.

Haldnar voru tvær brunaæfingar fyrir starfsfólk og nemendur á skólaárinu, við tókum þátt í degi gegn einelti með því að mynda hring í kringum skólann, hlupum norræna skólahlaupið og söfnuðum góðri upphæð til styrktar UNICEF – á unicefdeginum.

Starfsfólk skólans náði góðum árangri í „hjólað í vinnuna átaki“ – voru í fyrsta sæti í okkar flokki.



Skóladagatal 2016-2017

Skýringar með skóladagatali;

Á skóladagatali koma fram þeir dagar sem nemendur eiga að sækja skóla, hvaða daga er vikið frá venjulegum skóladegi og hvaða daga nemendur fá leyfi.

- 9.-19. ágúst unnu starfsmenn að undirbúningi skólastarfsins og sóttu námskeið og fræðslufundi.
- 22. ágúst hófst skólastarfið með skólasetningu og viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkjar.
- Kennsla skv. stundaskrá hófst þriðjudaginn 23. ágúst. Kennsla hjá 1. bekk hófst miðvikudaginn 24. ágúst.
- Föstudaginn 26. ágúst var útivistardagur. Nemendur fóru í gönguferðir, hjólaferðir, veiðiferðir, í leiki á Hömrum o.fl.
- 1. september var skólafræðinámsskeið fyrir foreldra 1. bekkja.
- Í vikunni 7.-11. september mæta foreldrar til morgunfunda með kennurum þar sem starf vetrarins er kynnt.
- 30. ágúst var aðalfundur foreldrafélags Naustaskóla
- Samræmd próf voru í 4. og 7. bekk vikuna 22.-30. september.
- Föstudaginn 16. október var starfsdagur og Haustþing BKNE.
- 7. nóvember, 3. Janúar, 20. Janúar og 21. apríl voru einnig starfsdagar.
- Vikuna 10.-14. október var opin vika og foreldrar þá sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann.
- 20. október voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara og var unnið að markmiðssetningu fyrir veturinn
- 21.-24. október var vetrarfrí. Frístund var lokuð þann 21. október
- 21. desember vor litlu-jólin og jólafrí nemenda hófst.
- 4. janúar hófst kennsla að loknu jólafríi.
- 23. og 24. janúar voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara.
- 24. Febrúar var nemendadagurinn en það er dagur þar sem nemendaráð tekur að sér skipulag skólastarfsins.
- 6. apríl var Árshátíð Naustaskóla.
- 7. apríl var bíó og snakkdagur.
- 10. apríl hófst páskafrí nemenda. Kennsla að loknu páskafríi hófst 18. apríl.
- 29. maí var vorhátíð í samvinnu við Foreldrafélag og hverfisnefnd.
- Nokkrir dagar voru eins konar „uppákomudagar“ s.s. rugludagur, litadagur, slæmur hárdagur o.fl.
- „Smiðjuskil“ voru hjá 2.-5. bekk 25. október, 4. janúar, og 13. mars. Hjá 4.-7. bekk voru smiðjuskil. 10. október, 30. nóvember, 6. febrúar og 27. mars. Á þessum tíma urðu breytingar á smiðjuhópum hjá 2.-7. bekk þ.e. að hópar færðust milli verkgreina.
- Frístund var opin alla virka daga frá skólasetningu til skólaslita, nema 21. okt. og 3. jan. þá var hún lokuð allan daginn og 16. sept. var Frístund lokuð eftir hádegi.

Skóladagatal Naustaskóla fyrir skólaárið 2016-2017 má sjá á næstu blaðsíðu.

Skóladagatal 2016 - 2017

Naustaskóli
Vilhjálmur
800 Akureyri


[illegible]

Sanktiونت Karasamogit svetarskaga vō Karasamabanda fānāni, daktu sēkōdāggr nemenda vā 180 ā tīnāblānu 20. āggrāni 10. jini. Sānsbōr sārīs dāggr kennara ā dārdāma nemenda eni tīnni and sēdu ākvechir āfāklān fōrā fāmānī vō hennara and mechi hōlōn āf Karasamogit. Sārīs dāggr kennara utān sār t hāna nemenda eni ā.



Stjórnun og skipurit

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Frá hausti 2014 jókst stjórnunarhlutfall við Naustaskóla og frá þeim tíma bættist við staða deildarstjóra og eru því stjórnendur skólans orðnir þrír talsins. Gengið var út frá eftirfarandi skipuriti en stjórnendur skiptu síðan með sér verkum á ýmsan hátt t.d. varðandi samskipti við og umsjón með starfsmannateyrum.





Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis.

Skólaráð fundaði mánaðarlega yfir skólaárið og var stuðst við fundaplan sem birt var í starfsáætlun og stóðst það í grófum dráttum. Alls urðu fundir skólaráðs 7 talsins og voru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.

Í skólaráði 2016-2017 sátu Bryndís Björnsdóttir skólastjóri, Aðalheiður Skúladóttir deildarstjóri, Hildur Betty Kristjánsdóttirdeildarstjóri, Þóra Ýr Sveinsdóttir og Bryndís Indiana Stefánsdóttir fltr.kennara, Andrea Laufey Hauksdóttir fltr.starfsmanna, Anna Steinunn Þengilsdóttir fltr. hverfisnefndar, Borghildur Ína Sölvadóttir og Ingibjörg Þórðardóttir fltr. foreldra.

Teymi - fundir

Starfsmenn skólans störfuðu í teymum. Kennarar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúi í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúi í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennarar. Þá er litið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi.

Í vetur funduðu að stjórnendur vikulega með hverju teymi. Stjórnendur skiptu teymunum á milli sín og höfðu umsjón með sömu teymunum allan veturinn, einnig boðuðu stjórnendur teymismeðlimi reglulega í „óformlegt spjall“ einstaklingslega. Teymin unnu samkvæmt verklagsreglum um vinnubrögð í teymum og ætlast var til að teymi kennara fylgdu þeim á fundum. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi héldi þrenns konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun. Lögð var áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gekk það eftir. Skipulögð var áætlun yfir umræðuefni vetrarins á trúnaðarfundum, kennarar voru ánægðir með aðkomu stjórnenda og töldu setu þeirra á fundum hafa skipt máli og veitt teymunum mikinn stuðning. Kennarafundir voru á þriðjudögum kl. 14.30 – 16.00. Þessir fundir voru með hefðbundnu sniði þar sem fjallað var um stefnumótandi málefni og ýmis skipulagsmál, ákvarðanir kynntar og teknar og fram fór ýmis hópvinna og samræður, ásamt því að þeir voru nýttir til endurskoðunar á námsmarkmiðum og skólanámskrá skólans.

Starfsmannafundir voru á þriðjudögum kl. 14:00-14:30. Þeir hófust jafnan á hróshring þar sem starfsmenn koma á framfæri hrósi og þökkum fyrir það sem vel er gert en síðan var gengið til dagskrár sem samanstóð að mestu af ýmsum málum frá starfsmönnum sjálfum, sem þeir skráðu á dagskrá með þar til gerðu skráningarblaði sem lá frammi á kaffistofu, en einnig var fundurinn nýttur til upplýsingamiðlunar t.d. um málefni einstakra nemenda, og fræðslu um jákvæðan aga. Á þessu skólaárinu voru formlegir fundir stjórnenda með skólaliðum, vikulega á þriðjudagsmorgnum.

Á fimmtudögum kl.14:00-15:00 var gert ráð fyrir ýmsum fræðslufundum eða samráðsfundum á milli teyma og kennara innan skólans.



Nemendaráð

Nemendur í 4.-10. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir: Birgir Baldvinsson 10. bekk – formaður, Haraldur Bolli Heimisson 9. bekk Starkaður Sigurðarson 8. bekk, Aron Ísak Hjálmarsson 7. bekk, Telma Ósk Þórhallsdóttir 6. bekk, Dagbjartur Búi Davíðsson 5. bekk og Anton Sigurðarson 4. bekk.

Varamenn í nemendaráði voru: Brynjólfur Skúlason 10. bekk, Sveinn Sigurbjörnsson 9. bekk, Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir 8. bekk, Breki Mikael Adamsson 7. bekk, Salka Sverrisdóttir 6. bekk, Hilmar Þór Hjartarson 5. bekk og Arna Dögg Hjörvarsdóttir 4. bekk

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni.

Nemendaráð fundaði 8 sinnum yfir veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina.

Kennsluskipan

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftar í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem „**viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.**”

Við höfum skilgreint nám sem „**ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.**”

Kennslu skilgreinum við þannig: „**Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.**”

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efli skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með



hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatækninnar. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum sex grunnþáttum menntunar við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir. Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

b) Vinnustundir. Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Mikið er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsi“ og „Orð af orði“ í kennslunni en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina. Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er talsvert við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

c) Smíðjur. Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smíðjum“ þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smíðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmenn, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

d) Þemavinna. Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8./9/10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu í gangi.



Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldurstigum saman í vinnuhópa.

e) Íþróttir og sund. Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nýtt íþróttahús var tekið til notkunar í skólanum að hausti og öllum nemendum kenndar íþróttir þar. Að auki er svo miðað við að nemendur fái hreyfingu og þjálfun að hluta til með samþættingu námsgreina með útikennslu undir stjórn umsýjarkennara.



Valgreinar

Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2016-2017 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum: Í Naustaskóla: Áætlun/námstækni, heimilisfræði, bakstri, kvikmyndir, myndmennt, tauprykk og fatalitun, skartgripagerð, skrin og spil, hönnun og smíði, rafmögnuð smíði, félagsmiðstöðvarval, hljómsveitarval, verkleg knattspyrna og skólahreysti. Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Félagsmiðstöðvaval, flugunýtingar og stangveiði, frönsku, spænsk, heimspeki, stjörnu- og jarðfræði, leitin að grendargralinu, crossfit, handboltaskóli, knattspyrnuskóli, líkamsrækt, jóga, spaðaiþróttir, sjónlist, fatasaumur og endurnýting, rafiðnir, raungreinar verklegt og tréiðnir og klúbbaval. Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu margir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Þá voru nemendur 2,5 kennslustundir á viku í smiðjum þar sem unnið var með margskonar viðfangsefni. Á haustönn var lögð áhersla á hópefli og þema í verk – og listgreinum. Á vorönn hafa nemendur í 8-10 bekk í Naustaskóla unnið að verkefni í sambandi við fyrirtæki og stofnanir á Akureyri. Nemendur kynntu sér fyrirtæki og stofnanir í bænum, ólíka starfsgreinar og hvaða menntun eða starfsreynslu þarf innan þeirra.

Einstaklingar úr atvinnulífinu komu í heimsókn í skólann og kynntu störf sín og menntun fyrir nemendum. Því næst fengu nemendur val um hvaða fyrirtæki og stofnanir þeir vildu heimsækja, útbjuggu spurningalista og höfðu sjálfir samband við fyrirtækin sem þeir vildu heimsækja.

Nemendur tóku viðtöl við starfsmenn, fengu kynningu á fyrirtækinu og starfsemi þess. Því næst afrituðu nemendur viðtölin upp orðrétt, kynntu sér hvaða nám þurfti fyrir tiltekin störf og útbjuggu svo bæklinga og plaköt. Í lokin voru nemendur með kynningarbás og buðu aðstandendum, fjölskyldu og starfsfólki á kynninguna. Verkefnið tók um 10 vikur og var hluti af sérstökum smiðju áfanga sem er kenndur í skólanum.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati vorið 2017 var notuð sama aðferð og árið áður þ.e. að prenta út markmiðalista úr mentor ásamt nokkuð ítarlegri almennri umsögn um nemendur. Notast var við svokallaða „námsframvindueningu“ í mentor en mat á hæfni nemenda fór fram jafnt og þétt allt



skólaárið, við matið safnast ýmis gögn sem haldið er til haga í námsframvindueningunni en einnig í verkefnabókum í Mentor (t.d. einkunnir úr áfangakönnunum, upplýsingar um lestrarhraða o.fl). Markmiðalistarnir voru afhentir nemendum á skólaslitum nú í vor ásamt umsagnarblaði frá umsjónarkennara þar sem lögð var áhersla á að gefa hvetjandi og leiðbeinandi umsögn til nemenda. Með þessu móti var leitast við að gera foreldrum kleift að fylgjast jafnt og þétt með námsframvindu barna sinna. Námsmöppur voru einnig sendar heim reglulega yfir veturinn og virtist sú leið gefast ágætlega til að miðla upplýsingum um námsstöðu og viðfangsefni nemenda. Nú í vor var foreldrum síðan boðið að koma og skoða námsmöppur barna sinna á skólaslitadaginn. Að öðru leyti vísast til skrifa kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Sem fyrr annaðist Naustatjörn rekstur eldhússins en Naustaskóli lagði einnig til starfsmenn í eldhús. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan þetta árið varð að um 93% nemenda voru skráðir í mötuneytið og er það aukning um fjögur prósentustig frá fyrra ári. Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 54 % nemenda þá þjónustu.

Frístund

Að lokinni kennslu gafst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru milli 70 og 80 nemendur mestan part vetrar.

Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn dálítið af bókum og stöku sinnum hafa borist bókaþjálfr frá velunnurum skólans. Safnið fékk nýja aðstöðu í vetur og er nú staðsett á sal skólans. Anna Margrét Helgadóttir var í vetur í 50% stöðu við safnið og annaðist hún umsjón með safninu og útlán.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Elstu deildir leikskólans (Fífilbrekka og Sunnuhvoll) eru til húsa innan veggja Naustaskóla og deila starfssvæði með 1. bekk. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti, húsvörður þjónar báðum skólunum, nokkurt samstarf er milli Frístundar/1. bekkjar og Fífilbrekku/Sunnuhvals, skóladagatal er samræmt að hluta o.fl.

Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.



Ársskýrsla 1. bekkjar.



Teymi og nemendur 1. bekkjar

Haustið 2016 byrjuðu 37 börn í 1. bekk, 20 stúlkur og 17 drengir. Á haustönninni bættust síðan 3 nemendur við sem þýðir að 1. bekkur taldi 40 nemendur, 22 stúlkur og 18 drengi. Ein stúlka hætti í febrúar en önnur kom ný inn í maí svo lokatalan varð 40 nemendur, 22 stúlkur og 18 drengir. Umsjónarkennarar 1. bekkjar voru Gréta Björk Halldórsdóttir (100% starf), Kristín Sigurðardóttir (100% starf) og Sunna Alexandersdóttir (75% starf). Birgitta Rós Laxdal var stuðningsfulltrúi í 75% starfi.

Í upphafi annar var lagt upp með að Gréta Björk og Kristín væru með 12 og 13 nemendur í umsjón þar sem þær voru í stærra starfshlutfalli en Sunna. Umsjónarnemendur Sunnu voru 12 talsins. Þeir nemendur sem bættust við á skólaárinu fóru til skiptis til Grétu og Kristínar. Gréta tók við 2 nemendum og Kristín 2. Lokatölur umsjónarhópanna urðu því Gréta 14, Kristín 14 og Sunna 12.

Námsumhverfi og skipulag

Þegar við skiptum í námshópa í upphafi annar var stuðst við niðurstöður Hljóm prófa frá leikskólum barnanna. Reynt var að hafa dreifingu í umsjónarhópum þannig eins jafna, þarfalega séð, til að fá sem jafnasta mynd af hópnum. Reyndist þetta mjög vel og væri til eftirbreytni. Haft var í huga að Sunna væri í hlutastarfi og því þótti kennurunum sem voru í 100% stöðu eðlilegt að hafa fleiri nemendur í umsjón. Nemendur voru þó lítið í umsjónarhóp, ef frá voru skildir nestistímar og sérstakir umsjónarhópatímar þar sem unnin voru ýmis verkefni sem þurfti að ljúka eða þegar okkur fannst þörfin vera til staðar.

Allir umsjónarhóparnir áttu sín „umsjónarsvæði“ með krók og merktum borðum. Umsjónarsvæðin voru síðan nýtt undir hina ýmsu hópa, í stærðfræði og íslensku og fleira. Allir nemendur hófu daginn í „Stóra krók“ þar sem farið var yfir daginn, gert manntal, farið yfir viku- og mánaðardag, tölu dagsins, hvað væri í matinn og svo framvegis. Sungið var alla morgna, lög tengd þema hverju sinni. Þá fengu nemendur einnig óskálög ef þeir áttu afmæli og einstaka sinnum á föstudögum. Nemendur unnu í mörgum ólíkum hópum. Þá voru þarfaskiptir hópar í bæði íslensku- og stærðfræði. Íslenskuhóparnir voru nefndir eftir litum, gulur, rauður og grænn og stærðfræðihóparnir eftir formum, þríhyrninga- hringa- og ferningahópur. Hringekjur voru tvisvar sinnum í viku, íslenskuhringekja á fimmtudögum og stærðfræðihringekja á föstudögum og nemendur voru í hringekjuhópum sem voru tölustafir upp í 5. Nemendur fóru allir saman í íþróttir en sundhóparnir voru 4 talsins. Nemendahópnum var skipt í tvo hópa, blóma- og stjörnuhóp á mánudögum og föstudögum. Fór þá annar hópurinn í útikennslu á meðan hinn var inni, tvískiptur, annars vegar á bekkjarfund og hins vegar í dans eða mynd- og sönglist. Allur hópurinn fór saman í íþróttir tvisvar sinnum í viku, á fimmtudögum og föstudögum. Áhersla var á að endurmeta reglulega hvort nemendur þyrftu að færa sig í annan hóp, í íslensku eða stærðfræði og var nokkur hreyfing á nemendum. Við vorum nokkuð duglegar að leyfa heimsóknir á milli króka en þá aðallega á nestistíma eða þegar umsjónarhópar unnu en engar slíkar heimsóknir voru leyfðar í íslensku- eða stærðfræðihópum. Þá skoðuðum við ófemnar möguleika á að færa nemendur á milli umsjónarhópa ef þörf þótti þó við hefðum einungis nýtt okkur það einu sinni.

Stundatafla, dagskipulag og kennslufyrirkomulag

Kenndar voru 30 stundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn (Undantekningin var mánudagur þegar kennslu lauk 11:30 og nemendur fóru í frístund þar sem þeim var skipt í sundhópa).



Á morgnanna var byrjað á því að setja upp daginn sjónrænt á töflu, lag vikunnar sungið, talið í 100 daga hátíðina, farið yfir dagsetninguna, vikudag og hvað væri í matinn. Eftir að 100 daga hátíðinni lauk voru skóladagarnir taldir niður fram að sumarfríi. Umsjónarkennarar voru með hópinn að frátöldum þeim tímum sem voru í höndum íþróttakennara, íþróttir og sund. Einnig voru nemendur hjá Guðrúnu Huld sem kenndi þeim dans og Höllu sem kenndi mynd- og sönglist. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur, ásamt frímínútum, 30 mínútur. Ávaxtastund fór fram á svæði nemenda og tók yfirleitt um 10-15 mínútur en að henni lokinni lásu kennarar sögu, fóru í orðaleiki, hugarleikfimi eða fóru með gátur í heimakrókum, með sínum umsjónarhóp. Einnig hittist stundum allur hópurinn í stóra krók eftir nesti þar sem lesin var saga fyrir þau, til dæmis í tengslum við álfapemað.

Samstarf skólastiga

Samstarf leik- og grunnskólans var mjög mikið og gott í vetur. Nemendaskipti voru aðra hverja viku (nema þegar mikið var um að vera, til dæmis í kringum jól) og reyndist mjög vel. Farið var í jólahringekju, ferð í Naustaborgir í tengslum við haustþema, sameiginlegt húsdýrapema eftir áramót, og val. Kennarar beggja skólastiganna hittust einnig reglulega og funduðu. Samstarfið var meira að segja það gott að kennarar beggja skólastiga hikuðu ekki við að spjalla og halda óformlega fundi ef svo bar við. Góð tengsl mynduðust á milli okkar kennaranna og verðandi 1. bekinga sem var dýrmætt. Það er mat okkar að þetta skref auðveldi leikskólabörnunum að stíga yfir í grunnskólann.

Kennsluhættir og aðferðir

Að okkar mati var teymisvinna og teymiskennsla það sem stóð upp úr og einkenndi starf okkar í 1. bekk í vetur. Þeir kennsluhættir og/eða aðferðir sem við notuðumst við voru flaggskip stefnu skólans, Byrjendalæsi og góð námsaðlögun. Einnig var áhersla á að reyna að nýta sér bæði verkfæri og hugmyndafræði Jákvaðs aga.

Fyrsta vika skólaársins fór í að kynna nemendum, sjá hvar þeir voru staddir og leyfa þeim að fóta sig á nýjum stað, í nýjum hópi, á nýju skólastigi og hinu mikilvæga fyrsta ári sem „nemendur í grunnskóla“.

Í fyrsta bekk var unnið samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis og var öllum námsgreinum fléttað saman í þemu. Í Byrjendalæsi var unnið í hringekjum, einstaklingslega, í umsjónarhópum, þarfaskiptum hópum og stöðvavinnu.

Mjög mikil og góð teymisvinna var í gangi og áhersla var á að nemendur fengju verkefni við hæfi. Ávallt var reynt að aðlaga námsefnið að ólíkum einstaklingum eða haga því þannig að þeir einstaklingar sem unnu að verkefnum fengju bæði hjálp og stuðning við hæfi. Gott dæmi um þessa vinnu voru þarfaskiptu hóparnir okkar, í íslensku og stærðfræði. Þar náðist að vinna mjög nálægt nemendum hvað þarfir varðar og hægt að nota mismunandi námsgögn, verkefni og fleira sem hentaði einum og sama hópnum, en á ólíkan hátt. Má þar nefna að á meðan nemendur í þríhyrningahóp unnu mikið með tölur og talnaskilning á tölum upp í 10 og 20, unnu nemendur í hringahóp með tölur allt að hundrað og notuðu báðir hópar hjálpargögn og verkefni sem hentuðu hvorum hóp fyrir sig. Mikið var um sjónrænar vísbendingar í námsumhverfinu og voru börnin fljót að tileinka sér þær.

Nemendur fengu að spreyta sig í hópavinnu, bæði í sögugerðinni í Álfapemanu og sérfræðingahópum sem þeir unnu í tengdum húsdýrapemanu í Helgi skoðar heiminn. Þetta var mikil og dýrmæt reynsla sem nemendur þurfa meiri þjálfun í. Þetta gekk þó mjög vel og við reyndum eftir fremsta megni að finna verkefni í þessari vinnu sem hentuðu ólíkum hæfileikum einstaklinganna. Þá fóru nemendur í ákveðin hlutverk, til dæmis lesari, skrifari, teiknari og litari og fleira í þeim dúr þannig að allir gátu látið ljós sín skína skærar.



Kennsluhættir voru fjölbreyttir, þarfamiðaðir og með áherslu á að mæta öllum einstaklingum í nemendahópnum eftir fremsta megni.

Áætlanir og áform

Ársáætlun var unnin og gekk næstum alveg eftir, það sem út af gekk var stærðfræði PALS (Pör Að Læra Saman) en ástæðan fyrir því var sú að innleiðingarferlið kallar á mikla undirbúningsvinnu og þegar til stóð að fara í þá vinnu hafði flætt í skólanum sem gerði það að verkum að undirbúningsaðstaða kennara var mjög bág. Þegar það horfði til betri tíðar máttum við að það væri orðið of seint að hefjast handa. Við sjáum fyrir okkur að PALS í stærðfræði henti þessum hóp, 1. bekk, mjög vel og það væri spennandi að láta á það reyna næsta vetur. Einnig var skammur tími sem við höfðum í síðasta þema ársins, endurvinnslu og hringrásir, en við gerðum það besta úr því sem komið var.

Starfsáætlun var unnin og stuðst við eftir föngum og við metum að hún hafi gengið vel eftir. Námsáætlanir voru unnar, vandað var til verka og mikill tími fór í yfirlestur og fleira sem þeim fylgdi, bæði í íslensku og stærðfræði. Þessar áætlanir voru vistaðar á samgögnum Naustaskóla en stundum gleymdist að senda þær á aðilann sem sá um að setja þær inn á heimasíðu skólans og æskilegast væri að sá hinn sami nálgæðist þær sjálfur svo ekki færi meiri vinna í þennan lið starfsins. Vikuáætlanir voru unnar, sem voru þá nánari útfærsla á námsáætlunum, unnar fyrir okkur kennarana og stuðningsfulltrúa. Í henni voru verkefni sett inn, hringekjur, hópar og uppbrot einnig og oftast var slík áætlun unnin fyrir hvert þema í senn. Við reyndum að vera sveigjanlegar og vera óhræddar við að breyta út af vananum-eða stundaskránni þegar svo bar við og endurmátum þessar vikuáætlanir reglulega.

Í 1. bekk var enginn stoðkennari til aðstoðar og ráðaskröf svo kennarar teymisins fóru reglulega í lausnaleyti til að geta mætt nemendum sem best. Þetta gekk mjög vel og að okkar mati reyndist betur að hafa 3 umsjónarkennara í 1. bekk og færri í umsjón heldur en að hafa stoðkennara sem hefði þó að sjálfsögðu getað aðstoðað okkur mikið og oft. Þessi liður hlýtur þó að fara eftir samsetningu hvers teymis en hjá okkur gekk þetta mjög vel, enda kennarar með nokkuð góða yfirsýn og reynslu. Við vorum einnig duglegar að miðla okkar á milli hvað gekk vel varðandi ákveðna nemendur og vorum ófeimnar við að deila hugmyndum okkar á milli. Stærð umsjónarhópa skiptir miklu máli og þetta var okkar leið til að hafa færri í umsjón.

Við náðum fram mjög góðri námsaðlögun með þarfaskiptu hópnum okkar og fannst að þar væri hægt að miða á mjög nákvæman hátt á ákveðin markmið, byggt á getu og þörfum hvers og eins. Aðlögunin fór þó fram mun víðar og við reyndum að tala um fjölbreytileika mannfólksins sem mest til að enginn upplifði að hann væri „lélegri“ en einhver annar hvað námið varðaði. Við eyddum umræðum þar sem einhver fór að tala um að hann væri betri en einhver annar og vildum lítið heyra um það. Allir eru góðir í einhverju en enginn er góður í öllu.

Í þróunarverkefninu okkar fórum við í markvissa vinnu við að auka sjálfstæði nemenda þar sem ljóst var í upphafi að nemendur voru frekar ósjálfstæðir í vinnubrögðum. Nemendur unnu eftir áætlun í stærðfræði og gekk það verkefni vonum framar. Einnig unnum við nokkur verkefni þar sem nemendur unnu algjörlega sjálfstætt, til dæmis í tengslum við Grýluþemað og hluta af Líkamaþema. Það er einnig mat okkar að hringekjurnar þjálfuðu sjálfstæði nemenda allmikið og það var frábær stund þegar við komum inn í hringekju eftir frímínútur og allir voru á sínum stað, í sínum verkefnum. Þau þurftu litla stýringu þegar þau höfðu náð sjálfstæði í hringekjum sem við upplifðum á mjög jákvæðan hátt.

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem umsjónarkennarar fyrsta bekkjar kenndu í vetur voru íslenska, stærðfræði, sérgreinar og samfélags- og náttúrufræði kennt í þemum, og lífsleikni (Sjá nánar í annaráætlun hvaða námsgrein var kennd hverju sinni).



Jákvæður agi/bekkjarfundir

Bekkjarfundir fóru fram í litlum hópum á mánudögum og föstudögum, á móti útikennslu helmings hópsins. Þá var ¼ hluti hópsins á bekkjarfundi og gafst það mjög vel. Nemendur í 1. bekk sem komu frá leikskólanum Naustatjörn, sem vinnur eftir Jákvæðum aga, komu mjög vel undirbúnir fyrir bekkjarfundi. Þeir kunnu helstu reglur og búið var að fara í suma þætti sem við hugðumst taka fyrir. Naustatjörn ætlar að skila næsta hóp af sér með yfirliti yfir þá þætti sem farið hefur verið í í tengslum við Jákvæðan aga, sem er frábært. Þá er bara hægt að taka stutta upprifjun og halda svo ansi langt með næsta hóp. Bekkjarfundir voru góðir og nemendur voru virkir þátttakendur á þeim. Bekkjarsáttmáli var unninn, hróshringir teknir, Kalli krumpaði unninn, hlutverkin rædd (en ekki hrint í framkvæmd), lausnahjólið kynnt og útskýrt, sanngjarnt og ósanngjarnt tekið fyrir auk fjölmargra annarra verkefna. Stóri krókur var einnig nýttur í þessa hluti og ýmis mál bæði rædd og leyst. Við lögðum okkur einnig fram við að leysa öll mál sem upp komu og notuðum verkfæri og hugmyndir jákvæðs aga í þeim samræðum. Það hentaði mjög vel að nota umræðuna um heilann og ójafnvægi og gefa þeim tíma til að jafna sig, bæði á griðastað og í kastalanum okkar eða sófanum góða. Nemendur voru duglegir að nýta sér þessa staði og báðu stundum um þá að fyrra bragði.

Þemaverkefni

Fyrsta þema haustsins var **skólinn, nærumhverfið** og skólafærni. Þar var bókin **Asnaskóli** notuð. Unnið var með skólaumhverfið og reglur auk þess sem áhersla var á samvinnu og stafi. Lög vikunnar voru „Það er leikur að læra, Mánaðavísur, Það er skemmtilegast að leika sér og Brosa“.

Í öðru þema tókum við fyrir **vináttu, samskipti og að lesa í líðan annarra. Unnið var út frá bókinni Ýma tröllastelpa**. Lög vikunnar voru „Ég er vinur þinn, Hérna koma nokkur risa tröll“.

Í þriðja þema var markmið að börnin myndu læra um ólíkar fjölskyldugerðir og til þess var bókin **Blómlegt fjölskyldulíf** notuð. Lög vikunnar voru „Ein stór fjölskylda, Takk og Ég er gula blómið“.

Fjórdi þemað var **Geimveruþema**, þar sem tekin var fyrir léttlestrarbókin **Geimveran**. Í þemanu var lögð áhersla á sögugerð og sköpun. Unnið með kórlestur og paralestur. Eftir þetta þema fórum við stuttlega í þema tengt þakklæti og nægjusemi þar sem unnið var með bókina **Kanínan sem fékk aldrei nóg**.

Fimmta þemað var **Hákarlaþema** en þar var unnið með gæðatexta úr ljóðunum „Hákarlalagið“ og „Það var eitt sinn sjómaður“. Lögð var áhersla að kynna ljóð og rím fyrir börnunum auk myndsköpunar.

Sjötta þemað var **Grýlukvæði** en þá var textinn Grýlukvæði eftir Jóhannes úr Kötlum notaður sem gæðatexti og margt skemmtilegt unnið uppúr honum. Lag vikunnar „Skín í rauðar skotthúfur, Klukkurnar dinga linga ling og Við óskum þér góðra jóla“.

Sjöunda þemað var **Álfapema** og var gæðatextinn Álfareiðin notaður, unnin voru ýmis verkefni tengd honum. Í þessu þema misstum við okkur örlítið í gleðinni og lengdum þemað töluvert. Bókin **Gunnhildur og Glói** var lesin. Við bættum við bókinni **Álfar**, sem er heimildabók um álfa og lásam söguna um **Dísu ljósálf** fyrir börnin í nestinu. Einnig sungum við lagið **Eru álfar kannski menn?** og studdumst við þann texta í vinnunni. Það var mikil áhersla á sköpun í þessu þema og einnig á ritun og lestur. Lög vikunnar „Stóð ég úti í tunglsljósi, Álfareiðin og Komdu nú með (Benedikt búálfur) og Eru álfar kannski menn?“.

Í upphafi þorrans tókum við áttunda þemað sem var **þorrapema** en þar var bókin **Kuggur og þorrablót** notuð í byrjendalæsi. Lög vikunnar voru „Þorrapræll“.



Í níunda þemanu sem var „**Líkamabema**“ tókum við fyrir bókina „**Komdu og skoðaðu líkamann**“ en þar útskýrt var á einfaldan hátt hvernig líkaminn virkar. Lög vikunnar „Ég heyri svo vel, Tilfinningablús og Allir hafa eitthvað til að ganga á“.

Tíunda þemað var „**Getnaðurinn**“ en þá notuðum við bókina „**Svona varð ég til**“ í henni er útskýrt hvernig börnin verða til. Unnin voru ýmis verkefni því tengdu. Í þessu þema tók hjúkrunarfræðingur skólans börnin í litlum hópum og ræddi við þau um **einkastaði**. Lög vikunnar „Ég er furðuverk og Guð gaf mer eyra“.

Ellefta þemað var **Húsdýrabema**. Tekin var fyrir bókin „**Helgi skoðar heiminn**“. Unnin voru margvísleg verkefni tengd bókinni. Húsdýravinnan var mjög skemmtileg og reyndi mikið á samstarf þar sem börnin unnu í hópavinnu í svokölluðum „sérfræðingahópum“. Í þemanum unnum við einnig með leikskólanum í 2 daga, í húsdýrahringekju. Þá fóru börnin á 6 stöðvar í blönduðum hópum. Unnin voru kort af heiminum hans Helga, föndruð húsdýr úr pappadiskum, dýr smíðuð úr við og fjölbreyttum verðlausum efniviði. Þá var ein kubba/leikstöð. Lög vikunnar voru „Hani, krummi, hundur, svín og vorlög“.

Síðustu 3 þemun (12., 13. og 14.) fléttuðust saman og náðu allt að skólalokum. **Hringrásabema**. Börnin völdu sér hringrás og unnu verkefni tengd henni. Bókin „**Komdu og skoðaðu hringrásir**“ var lesin fyrir börnin og efni hennar rætt. Lítill tími gafst til að fara djúpt í þessi þemu en þó reynt að kynna þau vel fyrir nemendum. **Endurvinnslubema**. Bókin **Ruslaskrímslið** var lesin fyrir börnin auk **Rusladrekans** og rætt við þau um hvar ruslið endar. Unnin voru verkefni tengd þemanu eins og að flokka rusl í endurvinnslutunnu og fleira. Farin var vettvangsferð upp í Gámaþjónustu Norðurlands þar sem nemendur fengu að vita hvað verður um ruslið. Einnig fórum við út í ruslatínslu og flokkuðu krakkarnir allt rusl sem þeir tíndu.

Útikennsla

Helmingur 1. bekkjar fór í útikennslu í senn, annar hópurinn á mánudögum og hinn á föstudögum og svo voru skipti á þessu eftir áramót. Það er okkar mat að þessir tímar hafi verið í sjálfu sér ágætir en að útikennslan ætti frekar að fléttast inn í starfið og þemun eftir þörfum og kennurum ætti að vera treyst til að meta hver þörfin er hverju sinni. Það varð því miður raunin að oftast voru þetta tímarnir sem fengu hvað minnstan undirbúning. Við fengum lóð leikskólans til afnota fyrir þessa tíma en annar hópurinn skaraðist á við svefn yngri barna á deildum leikskólans og því þurfti að hafa frekar lágt úti til að vekja ekki börnin. Einnig er leikskólinn (eðlilega) með ansi strangar reglur á leikskólalóðinni sem okkur fannst að börnin okkar í 1. bekk væru komin framúr, til dæmis að einungis mætti renna sér niður rennibrautina en ekki klifra upp hana og fleira. Þetta varð því ekki mikið frelsi og ekki sniðið alveg að þörfum okkar hóps að okkar mati. Við nýttum okkur þetta þó nokkuð þar sem þægilegt var að halda utan um hópinn á þennan hátt. Einnig fórum við í nokkrar ferðir um nágrennið, upp um hóla og hæðir, í kirkjugarðinn og leikvelli í nágrenninu. Við notuðum tímana til að syngja fyrir hverfið og fara í ýmsa hring- og hópleiki auk þess sem bekkjarfundur var haldinn á útsýnishæðinni við kirkjugarðinn.

Stundum fannst okkur að tíma okkar væri betur varið innanhúss í önnur verkefni. Í það minnsta þarf að áætla aukatíma í undirbúning þessarar kennslu. Við erum þakklátar leikskólanum fyrir afnot af lóðinni en finnst á sama tíma að aðrar reglur mættu gilda fyrir grunnskólaaldurinn (í það minnsta ef þau eru ein á leikskólalóðinni) rétt eins og sömu reglur gildi ekki fyrir börn og fullorðna í lífinu. Eftir áramót fórum við að nýta þennan tíma í bæði útikennslu og önnur verkefni, bæði í þemum og námsgreinum eins og íslensku og stærðfræði.



Upplýsingatækni

Við vorum duglegar að nýta okkur upplýsingatæknina í leik og starfi. Nemendur fóru tvisvar sinnum í viku (flestar vikur) í tölvur í íslensku- og stærðfræðihringekjum. Þá var ein stöð tileinkuð tölvum þar sem við fórum í bæði forrit og gagnvirkar síður sem tengdust markmiðum eða þemum sem unnið var útfrá. Nemendur skrifuðu þá einnig bæði orð og texta í Word og voru orðnir ansi lunknir að gera bil, kommur, punkta, hástafi og kommustafi (í, ó, á, ú, é, ý). Þá voru nokkrir nemendur einnig farnir að spreyta sig í því að breyta lit eða leturgerðum stafanna. Þetta er mjög spennandi að þróa áfram og hafa þetta þá í meiri mæli allt frá byrjun. Margir sem eiga erfitt með ritun geta skrifað heilu sögurnar í ritvinnsluforriti. Það er því spurning um að ritun í ritvinnsluforrit verði jafn sjálfsagður hlutur og ritun í stílabók eða á verkefnablað þó við vitum auðvitað að bæði er mikilvægt að æfa.

Það hefði verið gaman að hafa gott magn af spjaldtölvum á svæðinu til að auka enn á upplýsingatæknina í hópnum. Við vorum með Facebook síðu fyrir foreldrahópinn og settum inn myndir, myndskreið og skilaboð. Einnig vorum við á hverjum morgni að nýta okkur upplýsingatæknina þegar við sungum og einnig til að fletta upp myndum ef okkur langaði að sýna þeim eitthvað. Til dæmis var mjög skemmtilegt að skoða Fugla- og húsdýravefinn með þeim til að vekja áhuga og einnig vörpuðum við upp mynd af Lausnahjólinu (JA) þegar upp kom mál eftir frímínútur. Þetta fannst okkur góð leið til að vekja áhuga þeirra á ýmsu og auka á mynðrænt umhverfi.

Vettvangsferðir og uppákomur

September

- Á útivistardeginum í haust var farið í Lystigarðinn, við borðuðum nesti og fórum í leiki
- Í september sýndum við atriði á söngsamveru.

Október

- Í október tókum við þátt í Norræna skólahlaupinu og hlupum í Naustaborgum.
- Í október vígðum við nýja íþróttahúsið okkar með pompi og prakt.
- Í október var hrekkjavökuball.

Nóvember

- Í nóvember fórum við í haustþema með leikskólanum í Naustaborgum.
- Í nóvember fór allur skólinn í lestrarátak og við unnum það.
- Í nóvember fórum við í jólahringekju með leikskólanum.
- Í nóvember kvöddum við Lillu skólaliða og sungum fyrir hana fallegt vinalag og enduðum á hópknúsi.

Desember

- Í desember sýndi Blómahópur dans á samveru eftir danstíma annarinnar.
- Í desember drukkum við kakó með Naustatjörn og það var jólahúfudagur.
- Í desember fórum við á jólatónleika í Hofi.
- Í desember fórum við í jólaljósaferð í miðbæinn og drukkum kakó í boði foreldrafélagsins.
- Í desember voru jólaþemadagar þvert á árganga skólans.
- Í desember bökuðum við kókoskúlur.



- Í desember sendum við foreldrum myndband sem unnið var í tengslum við þemað um kanínuna sem fékk aldrei nóg og það var einnig sýnt á samveru.

Janúar

- Í janúar var vasaljósadagur.
- Í janúar bjuggum við til Álfakastalann.
- Í lok janúar heimsóttu álfarnir okkur!

Febrúar

- Í febrúar var haldin 100 daga hátíð!
- Í febrúar heimsóttum við fimleikahúsið í Giljaskóla.

Mars

- Í mars var útivistardagur í Hlíðarfjalli.

Apríl

- Í apríl var árshátíðin okkar.
- Í apríl fórum við á bókasafnið – farið var með hópinn á Amtsbókasafnið í tengslum við húsdýrþema í apríl. Við fengum lánaðar bækur um húsdýrin sem nýttust mjög vel í þemanu.

Maí

- Í maí var sumarball.
- Í maí fórum við í ísferð í Ísbúðina. Krakkarnir komu með 300 krónur hver og fengu að velja sér ís í brauði, hvítan, bleikan eða brúnan ís. Við gengum niður í bæ í mildu og góðu veðri og tókum svo strætó heim. Sungum á leiðinni og bjuggum til minningar.
- Í maí fórum við í Endurvinnsluna – Farið var upp í Endurvinnslu þar sem við fengum að vita hvað verður um ruslið sem við hendum. Bekkurinn var vigtaður og var hann 930 kg.
- Þemadagar voru í síðustu vikunni fyrir skólaslit. Fyrri dagurinn var haldin í skólanum, þar sem krakkarnir fóru á 14 mismunandi stöðvar. Seinni dagurinn var í Kjarnaskógi, þar átti að vera frjáls leikur í skóginum, bæði í leiktækjum og með vatnsbyssum. Vegna veðurs var ekki farið í þessa ferð, nemendur og kennarar voru með dekurdag í skólanum, horfðu á kvikmynd, fóru smá út að leika og fengu pylsur inn á svæði.

Júní

- Vorhátíð skólans var haldin hátíðleg 1. júní, krakkarnir komu í fylgd með foreldrum og gátu valið um stöðvar bæði innan og utandyra. Í lokin voru svo grillaðar pylsur.
- Skólaslit voru 2. júní.

Aðalnámskrá grunnskóla

Naustaskóli vinnur eftir markmiðum sem unnin eru eftir Aðalnámskrá grunnskóla. Við erum með markmiðin í endurskoðun reglulega og erum en að sníða þau til, breyta og bæta. Engin eiginleg samfélags- og náttúrufræðimarkmið eru til í skólanum en eru í vinnslu. Það verður spennandi að vinna eftir þeim þegar þau verða tilbúin.



Námsmat

Námsmat fór fram á margvíslegan hátt og bæði símat og mat á ákveðnum markmiðum var reglulegt. Tekin voru upp lesfímipróf sem Menntamálastofnun hefur sett upp á nokkuð aðgengilegum vef, skolasatt.is. Þar má finna mjög vel uppsett og góð próf. Þau mæla meðal annars nefnuhraða, lesin orð á mínútu og svo er mjög vandað lesfímipróf sem geta á skýran hátt gefið til kynna ef lestrarörðugleikar eru til staðar og hvernig hægt sé að bregðast við þeim. Við mælumst til þess að þessi próf verði áfram lög fyrir nemendur í 1. bekk. Þá lögðum við einnig Læsispróf fyrir nemendur og þau gáfu okkur einnig glögga mynd af stöðu nemenda í lestri. Nemendur unnu eftir áætlunum í stærðfræði og tóku kannanir við lok hvers markmiðapakka.

Námsmöppur

Námsmöppur voru sendar heim með börnunum fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar fyrir áramótin og tvisvar eftir áramótin. Þau gögn sem fóru í möppurnar voru m.a. kannanir, fjölbreytt sýnishorn af verkefnavinnu nemenda tengd þema hverju sinni, sjálfsmat o.fl. Möppuna áttu nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins. Foreldrar höfðu einnig kost á því að skrifa athugasemdir eða kveðju frá sér í möppuna við hver skil.

Möppuskil í október:

Í möppuna fóru vinaputtareglur, hugtakakort um Ýmu, flettibók úr Asnaskólabema, talnaþekkingarblað (talan á undan og eftir), verkefnablöð úr formahópum og bókstafa- og talnaþekkingarblöð sem unnin voru heima. Þá gerðu foreldrar hugtakakort um börnin sín sem áttu það eftir (frá skólafærninámskeiðinu). Blað tengt skólagátt fór einnig heim en þar fylltu foreldrar út ýmsar grunnupplýsingar um börnin sín varðandi lestrarnám.

Möppuskil í desember:

Í möppuna fóru byrjendalæsisverkefni (sóknarskrift) (þakklæti) auk lesskinlningsverkefnis. Tvö stærðfræðiverkefni (tálnalína)(rúmfræðiform) voru einnig í möppunni. Matsblað í stærðfræði fór þá einnig með heim og var samstarfsverkefni foreldra og barna. Einnig fór blað í möppuna þar sem nemendur lýstu viðhorfum sínum til ólíkra námsgreina.

Möppuskil í febrúar:

Í möppunni voru tvö byrjendalæsisverkefni (hugtakakort)(ritun) og þrjú stærðfræðiverkefni (frádráttur á tálnalínu)(100 talna taflan)(heimaverkefni-frádráttarspil). Kveðja frá foreldrum til barns fór einnig í þessa matsmöppu.

Möppuskil í apríl:

Í möppunni var líkamabókin mín. Í henni voru þrjú náttúrufræðiverkefni, þrjú íslenskuverkefni, og eitt stærðfræðiverkefni.

(Möppuskil í júní):

Foreldrar gátu skoðað möppur barna sinna á skólaslitunum.

Okkur fannst þessi skammtur mjög hæfilegur og skemmtilegt að hafa eitthvað „heimanám“ í hverri möppu. Það var einnig lærdómsríkt, fyrir bæði foreldra og okkur kennarana, að senda matsverkefni heim. Foreldrum fannst gott að sjá hvaða markmið væri verið að vinna með og hvernig þau væru metin. Hugsanlega hefði verið hægt að gera meira af þessu. Gott væri að námsmöppurnar væru kynntar



foreldrum VEL á skólafærninámskeiði þar sem allur gangur var á því hvort við fengjum þær undirritaðar eða ekki.

Námsárangur

Það er mat okkar að í hópnum hafi námsárangur verið góður. Örfáir nemendur náðu ekki markmiðum sínum í íslensku og/eða stærðfræði en algengt var að markmiðum væri náð að fullu. Einnig voru nokkrir nemendur að vinna á hærri þrepum en ætluð eru fyrsta bekk, bæði í íslensku og stærðfræði. Breiddin í hópnum var því mjög mikil, þó einungis væri um einn árgang að ræða. Varðandi lestur vorum við til dæmis með börn sem ekki voru tilbúin í atkvæðapróf og þurftu á stafainnlögnum að halda og önnur sem lásu í atkvæðaprófum allt að 214 atkvæði.

Nemendur komu almennt séð vel út í lesskilningsprófinu Læsi 3. Meðal árangur nemendanna 35 sem þreyttu prófið er um 82% rétt svör sem er mjög góður árangur. Við Sáum framfarir hjá öllum nemendum þó vissulega væru sigrar þeirra mis stórir. Þrátt fyrir að námsárangur hafi farið vaxandi er rétt að nefna að það sem við tókum mest eftir var hversu mikið sjálfstæði nemenda óx. Þeir voru óöruggir og ósjálfstæðir þegar þeir byrjuðu en eftir markvissa vinnu með þessa þætti horfði þetta til betri vegar og rétt er að benda á skýrslu um Þróunarverkefni okkar í þeim efnum. Þar má sjá hvernig nemendum gekk og hvernig við unnum á markvissan hátt með sjálfstæði í vinnubrögðum og vinnu nemenda. Það bar ávöxt.

Námsárangur í stærðfræði var góður og breiddin var einnig til staðar þar. Þá voru nokkrir nemendur að vinna með tölur upp í 20 (eins og markmið 1. bekkjar gera ráð fyrir) en stærsti hluti nemenda fékkst við hærri tölur, upp í 100 og einn hópur fékkst við tölur upp í 100 og hærri. Nokkrir úr þeim hópi unnu þá einnig að markmiðum ofar þrepi 1. bekkjar.

Þannig metum við einnig að við höfum komið vel til móts við þarfir nemenda og skapað þeim bæði aðstæður og verkefni eftir þörfum og styrk.

Ástundun

Þar sem við erum að kenna í 1. bekk og nemendur að stíga sín fyrstu skref í grunnskóla tókum við meðvitaða ákvörðun um að hafa örlítinn slaka á mætingum fram að áramótum. Við merktum við á hverjum morgni en sendum mætingu ekki heim vikulega heldur stundum eftir mánuðinn. Eftir áramót fórum við síðan að taka harðar á þessu þar sem börnin áttu að hafa lært á stundvísi eftir þann tíma. Við reyndum þá einnig að senda ástundun heim í tölvupósti vikulega eða í það minnsta hálfsmánaðarlega. Við ræddum ástundun nemenda í foreldrasamtölum og sendum tölvupóst heim eftir ákveðinn fjölda seinkoma. Við fylgdum því skipuriti sem skólinn hafði gefið út og vorum í góðu samstarfi við foreldra þeirra barna sem skiluðu sér of seint í skólann. Aðalheiður deildarstjóri hafði einnig samband við foreldra eins og skipuritið gerði ráð fyrir. Að okkar mati gekk þetta því ágætlega og okkur finnst eðlilegt að gefa ákveðinn slaka í byrjun. Það mætti þó endurskoða hvort mætti byrja fyrr á því að hamra á stundvísi, hugsanlega í október. Nemendur voru að stærstum hluta stundvísir og skiluðu sér á réttum tíma. Nokkrir þurftu að bæta sig.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarfið var frá fyrstu stundu bæði mikið og gott. Við fundum það strax á skólafærninámskeiðinu að hugmyndir okkar og sýn fékk mjög góðan meðbyr í foreldrahópnum. Hann var mjög jákvæður fyrir námsgögnunum og námsumhverfi nemenda. Það er gríðarlega mikilvægt og gott að halda þetta námskeið og vanda til verka því þetta virkilega bjó til grunninn að því samstarfi sem fram fór. Við lögðum frá byrjun áherslu á það að hafa reglulega samskipti við foreldra, bæði eitthvað sem þurfti að bæta en einnig til að hrósa og hvetja og tókst það vel til að okkar mati. Við fengum mjög



skjót viðbrögð við flestu sem við báðum um eða bentum á og það var greinilegt að metnaðarfullur hópur foreldra var þarna samankominn. Við hittum foreldra og börn á fyrstu dögum skólaársins og það var mjög gagnlegt og mikilvægt að sama skapi. Við vorum mjög hreinskilnar í seinni samtölum okkar og beindum orðum okkar til barnsins og hrósuðum fyrir það sem gott var og settum, í samstarfi við þau, markmið sem gott var að stefna að til að bæta eitthvað sem þurfti að bæta. Við teljum að þessi leið hafi gert samskipti okkar enn betri því að okkar mati er fátt annað sem foreldrar vilja sjá en hvernig samskipti á milli kennara og barns eru. Við sögðum frá upphafi að við værum mjög duglegar að taka á móti og svara skilaboðum eða spurningum í gegnum tölvupóst og var sú leið mikið notuð.

Stofnuð var Facebook mynda- og upplýsingasíða og teljum við að sú leið sé gagnlegri en hin vikulegu fréttabréf sem við gerðum þó einnig. Á Facebook sést nefnilega hverjir hafa séð skilaboð sem sett eru þar inn og á þann hátt er auðveldara að meta hvernig upplýsingarnar skila sér.

Mjög mikill metnaður var lagður í fréttabréfin eða Föstudagspóstinn eins og við köllum hann. Þar kom fram það helsta sem gert var þá vikuna og fjallað um það sem framundan var í vikunni á eftir. Við settum inn þau markmið sem við unnum að hverju sinni, bæði í íslensku og stærðfræði, dagsetningar á atburðum sem framundan voru auk þess sem við settum lykilorð og lög vikunnar í póstinn. Þessar upplýsingar færu bara ágætlega á Facebook síðu rétt eins og í fréttabréfi. Það var tilfinning okkar að oft skiluðu Föstudagspóstar sér ekki til foreldra, hvort sem það var Mentor sem stríddi okkur eða pósthólf foreldra fullyrðum við ekki um. Það er þó hæglega hægt að gera sér í hugarlund að í troðfullum pósthólum foreldra tynist eitt og annað. Flestir foreldrar eru með Facebook og mjög margir þeirra með viðbótina (appið) í símunum sínum og fá þá tilkynningar í hvert sinn sem eitthvað nýtt kemur inn á síðuna. Þetta er handhægara og einnig léttara í umvöfum en föstudagspósturinn og það mætti endurskoða hvort Facebook gæti hreinlega ekki hýst fréttabréfin.

Facebook myndasíðan var alveg frábær í einu orði sagt og myndirnar og myndskreiðin gáfu foreldrum mjög góða innsýn í starfið og tók í burtu vegginn sem stundum er á milli heimilis og skóla. Það er mikilvægt og í raun ómetanlegt að bæði gefa og þyggja svona upplýsingar og svona síður ættu að vera til hjá öllum bekkjum að okkar mati. Þarna fengum við líka mikið hrós og hvatningu sem var frábært. Starfið var mun sýnilegra og það er jákvætt. Með síðunni varð líka, að við vonum, til umræðugrundvöllur á milli foreldranna við börn sín, um skólann, námið, lífið og leikinn.

Stundum kom upp sú hugmynd að setja myndskreið inn sem sýndu ýmsar leiðir í heimalestri barna þar sem okkur þótti stundum vanta stuðning og hvatningu fyrir foreldra að halda heimalestrinum gangandi og minnka leiða. Ótalmargar hugmyndir eru til og það hefði verið gaman að hafa haft tíma til að hrinda einhverju slíku í framkvæmd. Einnig datt okkur í hug að gott hefði verið að hafa námskreið, kannski bæði í íslensku og stærðfræði, fyrir foreldra til að auðvelda þeim að skilja og aðstoða börn sín í náminu. Þetta er eitthvað sem gæti reynst mjög vel og verið hvetjandi fyrir allan hópinn, kennara, foreldra og nemendur og gæti jafnvel aukið námsárangur og bætt viðhorf til náms.

Foreldrahópurinn var mjög opinn, jákvæður og áhugasamur og við fengum mjög oft jákvæðar athugasemdir sem héldu okkur gangandi. Við erum þakklátar fyrir traustið og samstarfið.

Nemendur

Nemendahópurinn samanstóð af 40 nemendum sem fyrr segir. Hópurinn var nokkuð samheldinn allt frá byrjun. Það var áberandi frá byrjun að margir í hópnum þyrftu hvatningu, þá aðallega í sjálfstæðum vinnubrögðum og greinilegt að auka þurfti öryggi þeirra. Farið var með nokkuð markvissum hætti í að auka sjálfstæði þeirra sem okkur finnst hafa tekist mjög vel upp. Við unnum í áætlunum í stærðfræði þar sem nemendur merktu við blaðsíður sem þeir höfðu lokið í stærðfræði (tengt markmiðum), létum þau taka ábyrgð á hlutum og hvöttum þau til að leita leiða í bæði leik og starfi. Í fyrstu sátu þau til að mynda og biðu eftir blýöntum, skærum eða lími en með tímanum voru þau orðin sjálfstæð í að ná sér í ýmis gögn og umhverfi þeirra bauð upp á það. Nemendur fundu að þeir gátu leitað til okkar með stærri



og minni verkefni eða vandamál og það ríkti mikið traust á milli okkar. Þeir fengu bæði mjög mikla hlýju og gleði en á sama tíma ramma og mörk. Þannig virtist þeim líða mjög vel. Þar sem kennarar voru saman með stóra krók og komu að námi allra barna á einn eða annan hátt myndaðist mjög sterk heild í 1. bekk. Nemendur urðu vitni að góðum og jákvæðum samskiptum okkar starfsfólksins og það hafði áhrif á þau. Við höfðum gríðarlega gaman af og mikla ánægju af kennslunni og við trúum því að það hafi allt spilað inn í að nemendum leið vel í hópnum og með okkur.

Við vorum mjög duglegar að senda línu ef við höfðum áhyggjur af líðan barnanna og eins voru foreldrar duglegir að spyrjast fyrir um þennan mikilvæga hluta skólagöngunnar. Strax frá upphafi urðum við næmar á þarfir og einstaklingseinkenni barnanna og þau á okkar, í raun og veru. Í kveðjum foreldra til barnanna í matsmöppum kom fram að þeim liði vel og einnig á blöðum sem foreldrar fylltu var algengast að foreldrar hefðu orð á því að börnunum liði vel í skólanum, þau væru dugleg að segja frá skólastarfinu heima og væru ánægð. Margir nefndu einnig að börnin væru alltaf spennt að fara í skólann og hlökkudu til.

Könnun á viðhorfi til námsgreina var lögð fyrir nemendur í matsmöppu og útkoman úr því var almennt mjög jákvæð. Þá lögðum við einnig tengslakönnun fyrir hópinn og örfáir (2 eða 3) voru aldrei valdir af samnemendum sínum. Við metum það þó þannig að þessi samheldni hópur hafi nefnt þá sem þeir voru að leika við þá stundina eða þá sem þeir sáu í auglýsingu þegar könnunin var lögð fyrir. Þessir 2 eða 3 voru nemendur sem voru í nokkuð góðum samskiptum við jafnaldra sína eða voru að koma inn í hópinn og hinir krakkarnir áttu eftir að kynnast betur. Til marks um samheldnina áður nefndu er að þeir nemendur sem komu inn í hópinn á miðri önn eða seinna samlöguðust hópnum mjög fljótt og var tekið opnum örmum.

Einelti

Ekkert eineltismál kom upp þó reglulega þyrfti að kenna börnunum að nota orðin sín, nota þau á réttan hátt og sýna öllum virðingu. Við eyddum frekar miklu þúðri í þessa þætti, sem við metum sem hluta af skólafærni því ekki er hægt að ætlast til þess að börn á þessum aldri kunni þetta allt saman, 5 og 6 ára gömul. Við unnum því mikið með vináttu, samkennd, ólík fjölskylduform, fjölbreytileikann og virðingu.

Agamál

Helstu agamál sem við fengumst við voru tengd fótoltavellinum og það er ósk okkar að þau mál verði endurskoðuð að einhverju leyti á meðan öll skólalóðin er ekki klár. Við óskuðum eftir vagni með hlutum sem krakkarnir gátu leikið sér með úti til að létta á vellinum. Þá fóru starfsmenn í endurskoðun á reglum og hegðun á vellinum en fórst það misvel úr hendi. Það er frekar sorglegt að þurfa að eyða miklum kennslutíma í að ræða mál sem tengd eru úrslitum eða liðaskipan á fótoltavelli og fljótlega þurftum við að taka ákvörðun um að það sem gerðist á vellinum yrði að skilja eftir þar. Við fórum þó að sjálfsögðu í öll mál sem upp komu í frímínútum og spjölluðum reglulega við börnin og reyndum að klára allt missætti áður en skóladegi lauk. Það gekk vel. Við brugðum þó á það ráð að hvíla fótoltann og bjóða upp á leiki þegar við áttum völlinn og eins þurftum við að setja nokkra einstaklinga í „bann“.

Samstarf í teyminu

Samstarfið í teyminu hefur verið ótrúlegt og allir unnið bæði mikið og vel saman. Um tíma var hreinlega eins og við þyrftum ekki einu sinni að skipta með okkur verkum og alltaf var allt tilbúið. Strax í upphafi mörkuðum við svolítið hvað hver okkar myndi taka, til dæmis teymisformaður, ritari, Föstudagspóstskrifari og fleira. Við unnum sem ein heild og leið mjög vel. Samskipti okkar hafa alltaf verið mjög opin, bein og jákvæð. Við höfum stutt hvora aðra og verið ófeymnar að gefa ráð eða spyrja ráða sem er mjög þægilegt. Samskipti okkar voru einnig uppbyggjandi og það var mikið um bæði hrós



og hvatningu. Við urðum snemma mjög næmar á þarfir teymisfélaganna og vorum duglegar að halda utan um hver aðra.

Það er mikilvægt að halda teymisfundi og hafa þá reglulega, fasta og heilaga. Við skiptum þeim í skipulagsfundi og nemenda- og trúnaðarfundi og það er mikilvægt að funda með stjórnanda einu sinni í viku að okkar mati. Stundum hefur verið erfitt í vetur að ná á stjórnendum og þarna virtist vera besti vettvangur til að spyrja eða láta vita af ýmsu tengdu skólanum. Trúnaðarfundirnir eru að sama skapi mjög mikilvægir og þegar gott traust ríkir eins og í teyminu okkar í vetur gáfu þeir okkur mjög mikið. Það var mjög gott að funda með Öllu og við gátum treyst henni mjög vel, bæði fyrir ýmsum trúnaðarmálum og eins til að klára ýmsa hluti sem okkur vantaði eða þurfti að bæta.

Sú endurmenntun sem fram fór snéri aðallega að PALS og K-PALS (námskeið) en síðan vorum við mjög duglegar að leita hugmynda á netinu, bæði til að auka einstaklingsmiðun og útfæra þemu nánar. Við þurftum einnig að kynna okkur vel Skólagáttina og hin nýju lestrarviðmið sem Menntamálastofnun gaf út.

Varðandi þróunarverkefni teymis er best að skoða skýrslu sem skrifuð var um það. Verkefnið snéri að því að auka sjálfstæði nemenda, aðallega í stærðfræði en einnig í fleiri þáttum skólastarfsins. Að okkar mati tókst mjög vel upp að byggja aukið sjálfstæði hjá nemendum. Einnig fylgdi skýrslunni okkar ritrýnd grein sem unnin var að ósk Ingvars Sigurgeirssonar sem leiddi þróunarverkefni Naustaskóla. Greinin var í tengslum við Álfapemað okkar.

Næstu skref í þróunarverkefninu gætu verið af svipuðum toga, að auka sjálfstæði nemenda og skólafærni. Það er nemendum í 1. bekk mjög mikilvægt. Það gæti þó verið spennandi að prófa að setja nemendur betur inn í þau markmið sem unnið er með hverju sinni, það er, útskýra hvað felst í hverju markmiði. Þar sem þau eru farin að vinna eftir áætlunum í stærðfræði gæti verið hægt að setja þau í auknum mæli í sjálfsmat og fara í að útskýra markmiðin vel með þeim.

Almenn samantekt

Í stuttu máli mætti segja að endurtaka ætti veturinn. Það er ekkert sem hefði getað gengið betur. Teymið stóð þétt og nemendahópurinn fylgdi á eftir. Það er mikilvægt að vera vakandi fyrir stærð hópa í 1. bekk og í vetur leið okkur eins og við næðum utan um nemendahópinn í mjög víðum skilningi. Hugsanlega hefði verið gott ef námsráðgjafi hefði stigið svolítið inn til okkar til að fylgjast með hópnum og verið okkur innan handar með ráðgjöf. Þar sem enginn stoðkennari var hefði stundum verið gott að fá utanaðkomandi til að sjá, gagnrýna og hvetja áfram. Einnig hefði verið skemmtilegra ef stjórnendur hefðu verið sýnilegri en raunin varð.

Við mælum með því að hafa stóran krók, bjóða upp á fjölbreytta, þarfaskipta hópa, halda söngnum inni og leggja áherslu á aukið sjálfstæði.

Mat á skólastarfinu í heild

Það þarf virkilega að halda vel utan um samheldnina í skólanum og einhvern veginn ná að blanda betur saman ólíkum starfsstéttum. Stjórnendur mættu skipta betur með sér stærri verkefnum svo við vitum hvert skal leita. Einnig skiptir máli að við náum á þeim reglulega, eða vitum hvar þeir eru staddir. Það þarf að auka jákvæðan aga hér innanhúss til að skapist betri heild og einnig mætti samræma marga hluti tengda staðblæ skólans, til dæmis raðir og fleira (líka Jákvæður agi).

Taka þarf til endurskoðunar fyrirkomulag á samverum og stjórnandi ætti að vera sýnilegastur á þeim að okkar mati.



Ársskýrsla 2.-3. bekkjar.

Berglind Bergvinsdóttir
Elín Hulda Einarsdóttir
Harpa Mjöll Hermannsdóttir
Kolbrún Sigurgeirsdóttir
Lilja Þorkelsdóttir
Hulda Davíðsdóttir
Andri Hjörvar Albertsson



Námsumhverfi/skipulag

Nemendafjöldinn í 2. og 3. bekk byrjaði í tölunni 79 í vetur. Töluvert var um breytingar í nemendahópnum þegar leið á veturinn, tvö börn hættu vegna flutninga og fóru í annan skóla og fimm nemendur bættust við hópinn og voru þá nemendurnir 82 talsins við skólalok. Skipt var upp í 4 umsjónarhópa og var nemendafjöldinn frá 19 og upp í 21 á hvern umsjónarkennara. Reynt var að hafa hlutfall kynja sem og fjölda nemenda milli árganga sem jafnastan í umsjónarhópunum. Hulda stoðkennari, Andri og Harpa stuðningsfulltrúar voru umsjónarkennurum til stuðnings í vetur. Veturinn fór nokkuð vel af stað hjá okkur en þó var töluvert um óróleika í nemendahópnum. Teyminu var skipt upp í A og B teymi eftir mikla umbótavinnu frá vetrinum áður með Soffíu Vagnsdóttur fræðslustjóra í fararbroddi. Berglind, Lilja og Harpa unnu í teymi A og Elín, Kolla og Andri unnu í teymi B. Hulda var stoðkennari í báðum teyimum. Teymisvinnan gekk vel milli teymis A og teymis B. Allur undirbúningur kennslu var unninn saman, við skiptum á milli okkar verkum og ráðfærðum okkur hvert við annað varðandi skipulag, kennsluhætti, nemendamál og útfærslu á verkefnum.

Á mánudögum fóru nemendur í íþróttir, nemendur í teymi A fóru saman og nemendur í teymi B fóru saman. Á miðvikudögum og föstudögum fóru nemendur í smiðjur, nemendum í teymi A var skipt upp í smiðjuhópa og fóru saman í smiðjutíma og eins var farið með nemendur í teymi B. Smiðjuhóparnir voru kynjaskiptir. Þetta kerfi virkaði vel hjá okkur, það skapaðist meiri ró og vinnufriður inn á svæðinu fyrir hvort teymi fyrir sig meðan annað teymið var í smiðjum. Á miðvikudögum fóru nemendur í 3. bekk í sund. Nemendum í 2. bekk var blandað milli hópa og voru í vinnustund inn á svæðum á sama tíma. Á fimmtudögum fóru nemendur í íþróttir með sama fyrirkomulagi og á mánudögum. Á föstudögum var sund hjá 2. bekk og þá var 3. bekkur í vinnustund inn á svæði á móti í blönduðum hópum. Nemendur dvöldu í frístund á móti sundi og var skipt upp í 4 sundhópa.

List- og verkgreinakennararsjá um kennslu í smiðjum sem eru; myndlist, smíðar, textílmenn og heimilisfræði og íþróttakennarar sjá um kennslu í sundi og íþróttum. Önnur fög kenna umsjónarkennarar 2.-3. bekkjar.

Samverustundir voru á mánudögum milli klukkan 8:30-8:50. Umsjónarhópar voru með atriði þegar svo bar undir. Stundaskrár vetrarins má sjá nánar í viðhengi 3 hér aftast í skjalinu.

Fyrstu vikurnar voru nemendur í sínum umsjónarhópum til að ná tengslum, til að auka öryggi milli umsjónarkennara og nemenda og skapa góða heild. Ef ástæða þótti til voru nemendur færðir á milli umsjónarhópa sem og á milli teymis A og teymis B, nemendum og kennurum til hagsbóta.



Hópaskiptingar voru með fjölbreyttu sniði, allt fór það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun var háttað hverju sinni. Kennslufyrirkomulag var margbætt og fór það einnig eftir viðfangsefni hverju sinni. Nemendum var þarfaskipt í mörgum tilfellum. Nemendum var líka blandað m.a. í hringekjum og íslenskutímum milli hópa og reynt var að taka tillit til félagstengsla nemenda eins og mögulegt var. Töluvert var um samkenndu á milli hópa, oft voru krókar bæði í teymi A og B sameinaðir og nemendur blönduðust mikið milli umsjónarhópa og teymiskennsla vel nýtt. Stoðkennari skipti sér á milli teymis A og teymis B og vann ýmist með nemendum inn í nemendahópnum eða vann með lítinn hóp í einu.

Reynt var að skipuleggja námsumhverfi þannig að börnin gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og nálgast þau hjálpargögn og efni sem þau þörfuðust hverju sinni. Lögð var áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi. Börnin höfðu greiðan aðgang að yndislestrarbókum í bókavögnum og heimalestrarbókum í lestrarkrók. Einnig fóru þau reglulega á bókasafnið. Námsmarkmið voru kynnt nemendum eftir bestu getu og höfð sýnileg á veggjum inni á svæðum. Verk voru hengd upp í hæð nemenda eins og kostur var og svæðið leyfði.

Kenndar voru 30 kennslustundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn, nema á miðvikudögum þegar nemendur í 3. bekk komu á misjöfnum tímum úr sundi og á föstudögum þegar nemendur í 2. bekk komu á misjöfnum tímum úr sundi. Frístund tók við börnunum þegar/áður en þau fóru í sund og þegar þau komu úr þeim ferðum. Umsjónarkennarar kenndu um 25 tíma á viku og stoðkennari var þeim til aðstoðar. Allir umsjónarkennarar voru í 100% starfshlutfalli og stoðkennarinn einnig. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum spannaði 30 mínútur samtals. Nestis- og ávaxtastund fór fram inni á svæðum og var nýtt sem uppbrot fyrir nemendur í langri kennslulotu milli klukkan 8:10 og 10:10.

Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir, unnið var eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur lærðu að lesa/auka lestrarfærni út frá merkingarbærum textum. Fjölbreytt verkefnavinna bæði athafnamiðuð og námsaðlöguð ýmist unnin í hringekju, umsjónarhópum og öðrum fjölbreyttum hópum. Lögð var áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu nemenda o.fl. Einnig var mikið lagt uppúr lesskilningi, ritun og orðaforða. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir gætu yfirfært viðfangsefnin á daglegt líf. Unnið var í hringekjum og stöðvum í minni og stærri hópum í verkefnavinnu þar sem hverju verkefni var oft á tíðum skipt upp í þrjú þyngdarstig. Áhersla var á að nemendur gætu unnið á þann hátt sem þeim reyndist best, hvort sem það væri á gólfi, við borð o.s.frv. Reynt var eftir bestu getu að beita einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins var íhuguð samhliða því að taka mið af því sem nemendur áttu sameiginlegt. Stoðkennari vann með þá hópa/einstaklinga sem styst voru komnir í námsefninu og þjálfaði færni þeirra á margþættan hátt. Einnig vann stoðkennari með hópa/einstaklinga sem þurftu að vinna í minni hópum vegna lítillar einbeitingar eða hegðunarvanda.

Unnið var eftir ársáætlun veturinn 2016-2017. Byrjendalæsisáætlanir voru settar beint inn í námsáætlanir fyrir hvert tímabil fyrir sig. Þær voru unnar út frá ársáætlun. Ársáætlunina má sjá aftast í þessu skjali sem fylgiskjal 1. Námsáætlanir í íslensku og stærðfræði voru birtar jafn óðum inn á heimasíðu Naustaskóla. Í föstudagspóstum voru yfirmarkmið námsáætlana birt sem og þau markmið sem unnið var að og hakað við jafnóðum inn á Mentor.

Mat og tillögur til úrbóta

Hautbyrjunin fór í það að meðlimir teymisins kynntust hvort öðru, mynduðu tengsl og sköpuðu traust sín á milli. Teljum við það hafa gengið vel og að við höfum náð að stilla strengi okkar vel saman. Við vorum dugleg að skipta með okkur verkum, vorum skipulögð og verkaskipting var skýr. Við reyndum



eins og best verður á kosið að taka tillit til hvers annars, hugsa vel um hvort annað, vorum sveigjanleg og mynduðum traust. Teymið vann í heild sinni vel saman og göngum við sáttt frá borði við skólalok. Nemendafjöldi var of mikill á hvern umsjónarkennara þ.e. 21 og oft á tíðum erfitt að ná að halda utan um allar þarfir nemenda og foreldra. Nægur mannskapur frá upphafi getur skipt sköpum um gæði skólastarfs. Að vera með yfir 80, 7 og 8 ára börn krefst gríðarlegs skipulags, mikillar eftirfylgni með nemendum og gríðarleggrar námsaðlögunar sökum breiddar í hópnum. Á yngsta stigi finnst okkur að hámark nemenda í umsjónarhópi eigi að miðast við 16 nemendur. Stuðningur þarf að vera nægur þar sem mörg börn eiga við margvísleg vandamál að stríða; námslega-, félagslega-, hegðunarlega- eða þroskalega þætti.

Teljum við að skipting í teymi A og B hafi skipt sköpum í því að veturinn gekk svona vel hjá okkur. Utanumhald varð viðráðanlegt og skipulag hæfilegt fyrir hvort teymi fyrir sig. Að hafa rúmlega 40 nemendur sem hver umsjónarkennari kemur að í öllum þeim námsgreinum sem hann kennir er yfirdrifið nóg og gerir starfið viðráðanlegt. Við teljum að öll sú umbótavinna sem fram fór síðastliðið skólaár í samstarfi við Soffíu Vagnsdóttir hafi skilað tilætluðum árangri hvað þetta varðar.

Námsgreinar

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar voru af umsjónarkennurum í 2.-3. bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, útikennsla, upplýsingatækni og lífsleikni (sjá nánar í ársáætlun veturinn 2016-2017 hvað var tekið fyrir hverju sinni). Íþróttir, útikennsla, sund og smíðjur sjá aðrir kennarar skólans um.

Jákvæður agi/bekkjarfundir

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla. Hann var nýttur í allri vinnu með nemendum og fléttaðist inn í allt skólastarf hjá okkur. Unnið var eftir sérstakri námsáætlun með jákvæðan aga. Bekkjarfundir voru tvisvar í viku á haustönn þar sem nemendur voru þjálfaðir í að vinna eftir jákvæðum aga, fengu að kynnast verkfærum jákvæðs aga og þjálfun í að æfa ýmsa þætti tengda jákvæðum aga. Á vorönn voru bekkjarfundir og krókur á morgnana sameinaðir og viðfangsefnum hvoru fyrir sig fléttað saman.

Þemu

Þemu voru fléttuð inn í námsáætlanir okkar. Þau þemu sem við unnum með í vetur eru eftirfarandi, í tímaröð;

- Samvinnuþema/vinátta og samskipti
- Samvinnuþema/heilbrigði og hollusta
- Trúarbragðaþema
- Ýmsar þjóðsögur og ljóð/ álfar og tröll
- Sjávarþema, fiskar og sjór
- Árshátíðarþema, fiskar og sjór
- Veður- og skýjaþema

Nákvæmari tímasetningar á þemu og innlögnum tengdum þeim koma fram í árs- og námsáætlunum sem nálgast má á heimasíðu Naustaskóla.



Útikennsla

Börnin fóru í skipulega útikennslu einu sinni í viku í allan vetur. Skipulag hennar var útfært af umsjónarkennara og tengt öllum námsgreinum. Útikennslan var mjög fjölbreytt hjá okkur og gekk vel í vetur.

Upplýsingatækni

Við nýttum tölvuver okkar of lítið á haustönn. Tölvurnar voru í misjöfnu ástandi og oft lengi að ræsa sig eða frusu. Á vorönn fengu allir umsjónarhópar sérstaka kennslu á word sem gekk nokkuð vel. Umsjónarkennarar nýttu sér tölvuverið samhliða kennslu eins og kostur var og fengu nemendur í sumum tilfellum að leita sér heimilda, vinna stærðfræðiverkefni o.s.frv. meðfram bóknáminu. Spjaldtölvurnar voru töluvert mikið notaðar. Áhersla okkar er sú að nemendur 2.-3. bekkjar geti nýtt sér tölvuvinnu til gagns og ánægju s.s. til lesturs, hlustunar og ritunar.

Vettvangsferðir og uppákomur

Farið var í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu sem gengu almennt vel. Þær ferðir sem við fórum í eru eftirfarandi:

- Margar ferðir í Naustaborgir. Viðfangsefni og markmið Naustaborgaferðanna var eins og áður sagði tengdar þeim hverju sinni og í sumum ferðunum var markmiðið eingöngu leikur og frískt loft.
- Útivistardagar kölluðu í nokkrum tilfellum á vettvangsferðir s.s. ferð í Hlíðarfjall, Kjarnaskóg, Hamra og Naustaborgir.
- Farið var á Listasafnið á listasýningu.
- Háskólinn á Akureyri var sóttur heim og hlýddum við á fyrirlestur um rannsóknir á norðurslóðum.
- Akureyrarkirkja var heimsótt þar sem sungin voru jólalög og sögð saga.
- Í nokkur skipti var farið á leikvelli í hverfinu og grenndarkennslu.
- Farið var í skipulagðar strætóferðir með þeim tilgangi að kenna nemendum að fara eftir reglum í vettvangsferðum og í strætó.
- Farið var í vettvangsferð í kirkjugarðinn og sú ferð tengd námsefni í lífsleikni.
- Farið var í ferð á Minjasafnið þar sem nemendur fengu fræðslu hjá safnstjóra sem tengist hefðum og venjum tengdum jólum í gamla daga.
- Fiskibúðin var heimsótt og nemendur fengu fræðslu um fiska og hvernig þeir eru unnir. Einnig fengu þau að skoða fiskibúðina og það sem þar er boðið upp á.
- Nemendur gerðu sér ferð á hjúrunarheimilið Hlíð og sungu fyrir vistmenn.
- Farið var í sögugöngu um innbæinn.

Uppákomur voru nokkrar yfir veturinn og voru sem hér segir:

- Nokkur atriði á samveru yfir allan veturinn þar sem foreldrar, 1. bekkur og samnemendur horfðu á.
- Foreldraboð;



- ✓ Í nóvember buðu nemendur foreldrum sínum í heimsókn, sýndu þeim afrakstur vinnu sinnar úr trúarbragðapema. Það þema var unnið í samvinnu við verkgreinateymi skólans og tókst einstaklega vel og vakti mikla athygli meðal forráðamanna og foreldra. Foreldrar áttu góða stund saman við leik og störf í þessu boði.
- ✓ Í mars buðu nemendur foreldrum sínum á opið hús þar sem þeir sýndu þeim afrakstur vinnu sinnar úr sjávarþemanu. Gekk það einnig mjög vel.
- Árshátíð skólans var haldin 6. apríl þar sem 2. og 3. bekkur tróð upp með skemmtilegu atriði sem fjallaði um sjómennsku og kærleik. Árshátíðin tókst glimrandi vel. Fyrirkomulag hennar var gott þetta árið og álag nokkuð viðráðanlegt hvað skipulag varðar. Teljum við að þar hafi skipting teyma í A og B skipt miklu máli sem og að nemendur sýndu sitt atriði í hreinum umsjónarhópum. Töluvert var þó um agavandamál og þessháttar spennu í kringum þennan árshátíðarundirbúning.

Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til grundvallar öllu starfi og skipulagi. Voru grunnþættir menntunar sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla hafðir til hliðsjónar og fléttaðir inn í námsáætlanir okkar yfir veturinn þannig að hver þáttur fékk pláss í náminu. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar. Einnig var tekið tillit til lykilhæfnipátta nemenda við gerð námsáætlana og kennsluaðferðir miðaðar að því að þjálfa lykilhæfni þeirra.

Mat og tillögur til úrbóta

Bekkjarfundir hefðu mátt vera markvissari seinni hluta skólaársins og teljum við að það eigi við um allan skólann. Fræðsla í jákvæðum aga þarf að vera oftari og markvissari fyrir starfsmenn skólans.

Hvað upplýsingatækni varðar þá upplifa teymismeðlimir að þeir hafi ekki næga þekkingu eða/og fái lítinn tíma til að afla sér hennar á sviði upplýsingatækni og vinnu með spjaldtölvur í kennslu. Leggja mætti áherslu á þennan þátt við gerð endurmenntunaráætlunar fyrir næsta skólaár.

Námsmat

Námsmöppur

Námsmöppur voru sendar heim með börnunum þrisvar sinnum yfir skólaárið. Tvisvar sinnum fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Möppurnar sýna einhverskonar þverskurð af námi þar sem ákveðnir þættir eru teknir fyrir í Byrjendalæsi og stærðfræði og gefa glögga mynd af þróun náms hjá nemendum yfir veturinn. Hafa ber í huga að bæði Byrjendalæsisverkefnin og stærðfræðiverkefnin geta einnig verið lífsleikni, náttúru- og samfélagsfræðiverkefni. Áhersla var á að verkefni þessi væru bæði íslensku- og stærðfræðitengd eins og áður segir auk þess sem líðan-könnun var send einu sinni heim til að vinna þar og skila aftur í skólann. Heimtur á möppunum aftur í hús voru ágætari, þó var nokkuð um að nemendur fylltu ekki út matsverkefni sem í möppunum voru sem ætlað var að vinna heima. Gefur það okkur vísbendingu um að möppurnar séu ekki skoðaðar nægilega vel meðal foreldra og barna. Áhersla var á að verkefnin sem við settum í möppuna væru fjölbreytt. Lagt var upp með að skýr markmið væru með hverju verkefni og oftast var vitað nokkuð fram í tímann hvaða verkefni væri hugsað fyrir matsmöppurnar. Möppuna eiga nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins og þykir okkur ýmislegt gefa það til kynna að svo sé ekki.



Í sýnismöppum nemenda fóru hefðbundin verkefni eins og rithandarsýnishorn og sjálfsmynd að hausti og vori. Þá völdu nemendur í samráði við foreldra nokkur verkefni í möppuna úr matsmöppu og safnmöppum á skólaslitadaginn. Reyndist þetta ágætlega og skapaðist þarna góður grundvöllur fyrir foreldra og börn að ræða verkefnin sín á milli og spjalla um skólann. Almenn gáfu foreldrar sér góðan tíma í þetta, sýndu mikið þakklæti og virtust á heildina litið ánægð með nám barna sinna.

Námsmat

Við notuðum fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og fléttuðum námsmat saman við námsferli nemenda. Við lítum á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Við notuðum m.a. námsmöppur barnanna til að meta þróun og stöðu náms hjá nemendum. Einnig var notast við kannanir, símat og leiðsagnarmat sem fór fram meðan á kennslu stóð og niðurstöður voru svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega var fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki var námsmatið m.a. byggt á;

- Símati
- Leiðsagnarmati
- Skriflegum og munnlegum könnunum
- Sjálfsmati
- Læsis könnunum í 2. bekk
- Lesmál í 2. bekk
- Lesskilningsprófum
- Hraðlestrarprófum,
- Lesferill Mentamálastofnun, skráð janúar og maí
- Skráð var jafnóðum eins og kostur var í markmiðalista á Mentor hvaða markmiðum börnin höfðu náð og birt foreldrum. Niðurstöður kannana voru birtar undir Verkefnabók á Mentor eða í formi markmiða.

Mat og tillögur til úrbóta

Við veltum fyrir okkur fyrirkomulagi á námsmöppum okkar. Mikil vinna liggur í vinnu við gerð þeirra og höfum við þá tilfinningu að mappan sé ekki nýtt sem skildi eða á þann hátt sem ætlast er til. Í mörgum tilfellum gleymdust möppurnar og þær ekki skoðaðar heima fyrr en farið var að þrýsta á foreldra með það. Oft skiluðu nemendur möppunum aftur í skólann án þess að fyrirmælum sem standa fremst í möppunum væri framfylgt, unnu ekki sjálfsmat eða verkefni sem til var ætlast. Gaman væri að kanna upplifun foreldra á notagildi námsmappanna og fá hugmyndir frá þeim hvernig þeir vilja að möppunum sé háttað. Einnig vantaði upp á skipulag hvað matsmöppurnar varðar, matsmöppuskil þyrftu að vera inni á skóladagatali sem kennarar fá í hendur að hausti svo allir séu með matsmöppuskil á svipuðum tíma. Einnig var seint gefið út af hálfu stjórnenda að matsmöppuskil nr. 4 væru ekki á dagskrá. Sumir kennarar í húsinu búnir að eyða mikilli vinnu í möppurnar á meðan aðrir ætluðu ekki að skila þeim.

Lesferilsprófin voru lögð fyrir þrisvar sinnum, september, janúar og í maí, við skráðum janúar og maí prófinn inn á Skólagáttina. Næsta skólaár verður vonandi hægt að nýta niðurstöður til samanburðar og sem þátt í námsmati.

Við teljum að vel hafi verið staðið að námsmati í vetur og að okkur hafi gengið vel að haka við markmið inn á Mentor jafn óðum. Göngum við stolt frá borði hvað námsmat varðar þetta skólaárið.



Foreldrasamstarf/ mat og tillögur til úrbóta

Foreldrasamstarf fór fram í gegnum tölvupóst, vikupósta, símtöl og fundi. Mikið var um að foreldrar óskuðu eftir fundum og þá bæði vegna náms- og félagslegra þátta. Einnig óskuðum við nokkrum sinnum eftir fundum m.a. vegna námslegrar stöðu eða hegðunar. Fundir gengu almennt vel en þó var mjög mikið um erfið mál í hópnum í vetur. Mikilvægt er að muna að allt spjall milli foreldra og kennara skilar sér margfalt. Einnig voru samskipti í gegnum tölvupóst mjög mikilvæg og góð. Foreldrar voru upplýstir um hverja viku fyrir sig í svo kölluðum föstudagspóstum sem greindu frá hvað væri í gangi hér í skólanum, hvaða markmiðum væri unnið að hverju sinni, ferðum sem voru farnar, uppbrotsdaga og ef við þurftum að kalla eftir einhverju frá foreldrum. Misjafnt virtist vera hversu virkir foreldrar voru að lesa föstudagspóstinn okkar og mikilvægt að íhuga hvernig við getum hvatt til þess. Stundum veltum við því fyrir okkur hvort flæði á tölvupóstum sé of mikið til foreldra úr öllum áttum og þetta verði hreinlega undir í pósthólfinu. Töluverð vinna liggur að baki skrifa við föstudagspóstinn þar sem hann er mjög upplýsandi fyrir foreldra hvað námið varðar, námsmarkmiðin og hvað sé á dagskrá næstu vikunnar. Hvað er hægt að gera til að fá foreldra til að fylgjast betur með? Mörg börn voru alltof illa klædd í vettvangsferðum, foreldrar gleymdu uppbrotsdögum o.s.frv.

Foreldrasamstarf gekk almennt vel og teljum við okkur hafa verið bæði fagleg og skýr í okkar samskiptum við þá. Einnig var ánægjulegt að sjá hversu miklu áætlanakerfið í stærðfræði virðist hafa skilað að því leyti að foreldrar voru vel upplýstir um hvaða viðfangsefni þau voru að fást við í stærðfræði og hvaða þætti þau þurftu að vinna betur með. Þá leituðu foreldrar óhikað til okkar í leit að aukaefni eða til skrafs og ráðagerða. Sá þáttur sem vinna þarf vel að næsta vetur er ástundun nemenda þar sem hún var stundum langt frá því að vera ásættanleg. Margir komu of seint á morgnana, sumir tóku endurtekin frí vegna tómsundaiðkunnar, aðrir fóru í löng frí vegna utanlandsferða o.s.frv. Hver er stefnan í skólanum hvað þetta varðar s.s. að fara á tómsundaæfingu í staðinn fyrir skóla? Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og þar sem foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum er mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um mikilvægi hennar. Þegar skóli hefst er farið yfir mikilvæga hluti eins og skipulag dagsins og því missa þeir af mikilvægum skilaboðum sem getur skilað sér í ööryggi.

Að okkar mati mætti kalla foreldra meira inn í skólann til ábyrgðar þegar hegðun nemenda er óásættanleg. Upplifum við töluvert það viðhorf frá foreldrum og stjórnendum að það sé bara okkar kennaranna að leysa hegðunarvanda nemenda. Stundum er vandinn það mikill að okkur finnst þurfa að draga foreldra meira inn í skólann til ábyrgðar. Þess má geta að einstaka nemendur veittu teymismeðlimum líkamlega áverka í nokkur skipti í vetur. Þegar nemandi ræðst á starfsmann skólans og veitir honum áverka finnst okkur vanta verklagsreglur sem farið er eftir.

Nemendur

Gerð var félagstengslakönnun á haustönninni meðal nemenda og kom í ljós að nokkrir nemendur virtust eiga erfitt félagslega. Farið var í að reyna að virkja þá einstaklinga félagslega og tókst það nokkuð vel. Einnig kom í ljós að það voru ákveðnir einstaklingar sem nefndir voru í nokkur skipti sem nemendur sem stríða. Út frá því var unnið með þá einstaklinga og teljum við árangur úr þeirri vinnu nokkuð góðan. Í einhverjum tilfellum skiptu nemendur um umsjónarhópa. Töluvert var um agavandamál, samskiptavandamál og stríðni. Unnið var með hvert mál fyrir sig á sérstakan hátt. Teljum við að góður árangur hafa hlotist við þá vinnu. Of mikið var um ljótt orðbragð og slæma framkomu nemenda í garð starfsfólks skólans og er það okkur töluvert umhugsunarefni hver ástæðan getur verið.



Við göngum sátt frá borði hvað námsárangur nemenda varðar og teljum okkur hafa náð góðum árangri með nemendum okkar á flestum sviðum og náð að draga fram það besta hjá hverjum og einum. Læsispróf og Lesmál sýna m.a. fram á það. Þróunarverkefnið okkar í stærðfræði skilaði sér vel til nemenda og foreldra og teljum við stærðfræðikennslu hafa verið markvissa og skilað góðum árangri í vetur.

Samstarf í teyminu/mat

Byrjun haustannar hófst á því að koma okkur fyrir á nýju svæði. Mikill tími fór í að ígrunda hvernig svæðið gæti nýst okkur sem best og má segja að við höfum eytt mjög mörgum klukkustundum í vinnu við það að breyta og reyna að finna út úr því hvernig það nýttist sem best fyrir rúmlega 80 nemendur og 7 teymisfélaga. Nokkur tími fór í að glöggva sig á hvernig skipulag hentaði best en umbótavinna síðastliðins vetrar skilaði sér vel í skipulagsvinnunni í haust. Erum við afar ánægð með hvernig skipulagið var og mælum við eindregið með að teymi A og teymi B haldi sér áfram. Teymin unnu alla teymisvinnu saman hvað undirbúningur varðar, námsáætlanir o.s.frv. en kenndu í tveimur kennsluteymum en eftir sömu námsáætlunum með ca 42 nemendur í hvoru kennsluteymi. Finnum við mikinn létti hvað varðar samanburð á milli ára hvað álag varðar og að hafa skipt hópnum upp í tvennt, það dugir alveg að setja sig inn í námslegar og félagslegar aðstæður 42 barna. Við náðum að halda vel utan um nemendahópinn fyrir vikið. Fyrstu vikurnar fóru þá einnig í að átta sig á umsjónarnemendum og hrista saman nýtt teymi. Teyminu gekk vel að tengjast og að okkar mati hefur gengið vel að nýta sterkar hliðar einstaklinganna í teyminu. Þrír nýir aðilar komu inn í teymið í haust, 1. stuðningsfulltrúi, 1 kennari og 1 stoðkennari, hinir höfðu verið áður. Við höfum verið dugleg að tjá okkur og takast á við þau mál sem koma upp og gengið vel að leysa úr þeim. Við höfum verið hreinskilin á teymisfundum hvort við annað innan teymisins og við stjórnendur.

Teymið festi sér teymisfundi á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum. Miðvikudagar voru ætlaðir sem vinnu- og skipulagsfundir þar sem áætlanir voru skoðaðar og kynntar og svo setti hvort teymi fyrir sig skipulagið inn í stundatöfluna sína. Hvort teymi vann að settum markmiðum en fór stundum ólíkar leiðir að þeim. Mánudagarnir voru hugsaðir sem nemendafundir og þriðjudagarnir sem trúnaðarfundir. Bettý deildarstjóri sat fundina með okkur annan hvern þriðjudag og teymið fundaði sjálft þriðjudaginn á móti. Elín var ritari á teymisfundum í vetur og Lilja var teymisformaður. Föstudagspóstur skiptist á milli kennara teymisins. Teymið vann þróunarverkefni í stærðfræði og telur það hafa gengið nokkuð vel. Niðurstöður þess og lokaskýrslu má sjá í viðhengi hér aftar í skjalinu.

Almenn samantekt

Þegar hugsað er til baka yfir síðasta skólaár er margt sem kemur upp í huga okkar. Við göngum nokkuð stolt frá borði eftir þennan vetur og teljum okkur hafa skilað nemendum okkar vel frá okkur. Við erum ánægð með það nám sem hefur átt sér stað í vetur og teljum okkur hafa unnið starf okkar af fagmennsku og af metnaði. Við fylgdum nemendum okkar vel eftir, áttum oftast gott samstarf við foreldra og erum þegar á heildina er litið stolt af starfi vetrarins!

Við viljum benda á að samkennsla árganga er áskorun fyrir kennara sökum mikillar breiddar nemenda og krefst þess vegna meiri vinnu af kennara en ella. Skipulag í kringum svona stóran hóp ungra barna í opnu rými og samkennslu er því mikil áskorun fyrir hvern þann kennara sem þar vinnur. Að okkar mati er því afar mikilvægt að ekki séu of margir nemendur í umsjónarkennslu hjá hverjum kennara. Það getur skipt sköpum fyrir kennarann og nemandann sjálfann að fjöldi nemenda í umsjónarkennslu



hjá kennara sé ekki fleiri en 16-17 á yngsta stigi. Einnig skiptir máli að kennarar njóti starfskrafta stoðkennara og stuðningsfulltrúa og þá fari fjöldi stuðningsfulltrúa einnig eftir nemendafjölda og þyngdarstigi nemendahóps. Það rými sem svona stór nemendahópur hefur til umráða þarf líka að vera nægilega mikið til að allir fái að njóta sín og að hægt sé að fylgja stefnu skólans eftir þ.e. skapa aðstöðu fyrir lestrarsvæði, stærðfræðisvæði, hlutbundna vinnu o.s.frv. Því náðum við ekki nægilega vel í vetur. Líklegt má teljast að minna verði um árekstra milli nemenda á álagstímum þ.e. frímínútum, matartíma o.þ.h. uppbroti en raun ber vitni ef nægt rými er fyrir alla að ganga um. Kostir teymiskennslu eru margir og þarf ekki að tíunda þá hér en ef teymið verður of umfangsmikið þá nýttast kostir þess að vinna í teymi ekki nægilega vel. Reynsla okkar sýnir að þá fer of mikil orka í að miðla upplýsingum, fundir verða ómarkvissari og lengri og öll samræming á skipulagi verður of viðamikil. Eins og þetta var gert í vetur með skiptingu teymisins var allt starf auðveldara viðureignar. Við upplifðum að við næðum að halda utan um nemendahópana og að fylgja nemendum betur eftir. Þó voru of margir umsjónarnemendur á hvern umsjónarkennara. Að hafa 21 nemanda á aldrinum 7 og 8 ára í umsjónarhóp er alltof mikið.

Upplýsingatækni er eitthvað sem við óskum eftir að verði sett á endurmenntunaráætlun skólans fyrir næsta skólaár og teljum við þörf á að við aukum notkun borð- og spjaldtölva í kennslu. Einnig teljum við matarmenningu í skólanum ekki vera nógu góða en þó hefur það lagast eftir að nemendur fóru að skammta sér sjálfir. Nemendur þurfa þó meiri leiðbeiningar þegar þeir eru að skammta sér og finnst okkur oft vanta að það sé starfsmaður við skömmunarborðið og leiðbeini þeim góðlátlega þegar þeir eru að fá sér mat á diskana sína. Einnig metum við það svo að mötuneytismaturinn gæti verið hollari en raun ber vitni og að minna verði um að notaðir séu gamlir matarafgangar sem eru hakkaðir niður í lasagne og í fleiri kjötrétti. Hvað varðar heildarskipulag í skólanum þá mætti upplýsingaflæði vera betra t.d. fá fundargerðir sendar með vikupóstum, fá meiri fyrirvara á skipulagi á uppbrotsdögum o.s.frv. Einnig þegar um ákveðna viðburði er að ræða þyrftu að vera viðburðarstjórar sem sjá um viðburðina. Það er ekki nóg að ætla að halda hátíð inn í sal eða íþróttahúsi og vera ekki búin að leggja línurnar niður hvernig því skal hagað. Hvernig nemendur eiga að koma inn á hátíðina, hvernig á að skipuleggja hverjir sitja, standa hvar o.s.frv. Teljum við þetta afar mikilvægan þátt í því að viðburðir takist vel. Ef nemendur koma æstir inn í sal, lítið skipulag er á innkomu og hvar nemendur eigi að koma sér fyrir verður erfiðara að ná til nemendanna og þeir njóta sín síður á viðburðinum. Yngstu nemendurnir taka hávaða og ringulreið oft illa. Hægt væri að hafa verklagsreglur sem myndu alltaf gilda þegar svona samkomur eru, t.d. að allir komi í röð inn í salinn með sínum umsjónarkennara, séu rólegir og setjist í sínar raðir. Of mikið var um að umsjónarkennarar sendu nemendur sína eina á svona viðburði og komu svo síðar sjálfir sem gerði það að verkum að mikill æsingur skapaðist meðal nemenda. Einnig þarf allt starfsfólk að fara eftir því sem ákveðið er á kennarafundum hvað varðar fyrirkomulag á viðburðum í skólanum. Lentum við stundum í því að yngri nemendur skólans voru hálfpartinn hlaupin niður af eldri nemendum skólans.

Skólaárið hjá teyminu gekk nokkuð vel þegar á heildina var lítið og lítum við sátt til baka yfir farinn veg.

Húrra fyrir okkur!

Skýrsla 4. – 5. bekkjar



Teymi 4. – 5. bekkjar veturinn 2016-2017: Birna Baldursdóttir stoðkennari (frá 1. febrúar), Bryndís Indíana Stefánsdóttir stoðkennari, Emilía Jóhanna Guðjónsdóttir stoðkennari (til 1. febrúar), Heiðar Freyr Leifsson stuðningsfulltrúi, Inga Vala Magnúsdóttir stuðningsfulltrúi, Kristín Margrét Gísladóttir umsjónarkennari, Sigríður Jóna Ingólfssdóttir umsjónarkennari, Stefán Smári Jónsson umsjónarkennari og Þóra Ýr Sveinsdóttir umsjónarkennari.

1. Námsumhverfi – skipulag og námsgreinar

Í vetur voru 88 nemendur í 4. – 5. bekk en sjö þeirra komu eftir að skólastarf var hafið. Það voru 20 strákar og 21 stelpa í 5. bekk og 28 strákar og 19 stelpur í 4. bekk. Í teyminu eru fjórir umsjónarkennarar, tveir stoðkennarar (annar í hálfu starfi) og tveir stuðningsfulltrúar. Hópnum var skipt í fjóra umsjónarhópa og var nemendafjöldinn frá 19 til 23 nemendur yfir veturinn. Unnið var í ýmsum hópum eins og umsjónarhópum, teymishópum, árgangaskiptum hópum, stærðfræðihópum og þemahópum.

1.1. Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Nemendahópnum var skipt upp í A og B hóp, í hverjum hóp voru tveir umsjónarhópar. Nemendur fóru í Smiðjur og Íþróttir í þessum hópum. Á mánudögum var allur hópurinn á svæðinu fram að mat. Eftir hádegi fóru nemendur í sund á þremur mismunandi tímum. Einn hópur var í stafsetningu og fór síðastur í sund. Hóparnir rúlluðu svo yfir veturinn þannig að allir fengu stafsetningatíma. Á þriðjudögum voru smiðjur, fyrri hópurinn fór kl. 8:10 – 9:30 og seinni hópurinn frá kl. 9:50 – 11:10. Á mótí smiðjum var þemavinna. Eftir hádegi var útivist og vorum við ýmist í 40 eða 80 mínútur úti. Við fórum í mismunandi



hópum í útivist, fór allt eftir viðfangsefni hverju sinni. Á miðvikudögum og föstudögum voru nemendur í íþróttum í fyrstu tveimur tímum sem skiptust á milli A og B hópa. Á fimmtudögum byrjuðum við daginn á ensku þar sem við skiptum hópnum í árgangaskipta hópa. Frá 10:30 og til kl. 13:40 voru smiðjur og þemavinna eins skipulag og á þriðjudögum. Stærðfræðina kenndum við mest á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum og skiptum við hópnum í sex hópa. Við endurskoðuðum fyrirkomulagið í þessum tímum í byrjun nóvember og útbjuggum hringekju sem við kölluðum Tívolí. Við skiptum hverjum árgangi í þrjá hópa og fór hver hópur til þriggja kennarana með mismunandi viðfangsefni. Viðfangsefnin voru oftast stærðfræðinnlagn, stærðfræðiáætlun og íslenskuverkefni. Í febrúar ákváðum við svo að breyta fyrirkomulaginu á Tívolíinu og skiptum í A og B hóp og þrjá hópa innan þeirra. Við byrjuðum haustið á Íslandsþema og unnum í því fram í nóvember. Í desember unnum við með bókina 13 skrátnir jólasveinar. Eftir áramótin unnum við með bókina Sagan af Bláa hnettinum. Í mars unnum við með tilraunaþema og árshátíðarundirbúning. Eftir páska fórum við svo í fuglaþema.

1.2. Kennsluhættir

Við teljum að vinnulag og kennsluhættir hafi verið fjölbreyttir í vetur. Í stærðfræði unnum við eftir markmiðum og krakkarnir fengu áætlun í hendurnar og unnu samkvæmt henni. Einu sinni í viku settist kennari niður með nemanda og áætlaði vinnu vikunnar í stærðfræðinni. Í náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt og íslensku voru við með samþætt þemaverkefni sem byggðust að langmestu leyti á Byrjendalæsi, Orð af orði og söguaðferðinni. Þemavinnan var mjög fjölbreytt m.a. þemavinnu, hópavinnu, einstaklingsvinnu, sérfræðingahópar, leikræn tjáning og vettvangsferðir. Enskukennslan fór fram í fimm hópum. 4. bekk var skipt í tvo hópa og 5. bekk í tvo hópa. Hjá 4. bekk var lögð áhersla á orðaforða og verkefnavinnu honum tengdum. Í 5. bekk var einnig orðaforðavinna og áhersla einnig lögð á hlustun. Það var einn hópur með nemendum sem voru lengra komin í ensku og unnu þau verkefni í PowerPoint, þar var áhersla lögð á talað mál og upplýsingaöflun á ensku. Bekkjarfundir voru 2-3 sinnum í viku bæði í umsjónarhópum og í árganga- og kynjaskiptum hópum. Farið var yfir verkefni jákvæðs aga, hróshringi og umræður um líðandi stundu ásamt umræðum um hegðun, kurteisi, samskipti og virðingu. Stelpurnar voru í árgangaskiptum hópum þar sem unnið var með verkefni úr háskólanum sem heitir Samskipti stúlkna. Strákarnir voru einnig í árgangaskiptum hóp þar sem unnið var með hegðun og samskipti í frímínútum.

1.3. Áætlun/áform – hvernig voru þær notaðar/hvernig nýttust þær?

Í hverri viku áætluðum við í stærðfræði með öllum nemendum. Tímarnir sem við nýttum í það voru á miðvikudögum og föstudögum. Hvort teymi, A og B, áætlaði með sínum umsjónarhópum eftir íþróttatíma þar sem nemendur týndust inn. Tíminn reyndist stundum knappur, sérstaklega ef nemanda vantaði hjálp með stærðfræðina eða ef kennari og nemandi tóku spjall um námið og líðan. Það var leyst með því að segja nemendum að taka upp stærðfræðibækur en fara í yndislestur meðfram því. Fjöldi



nemenda í áætlunartímum var yfirleitt um og yfir 20 nemendur og auðvelt að missa sjónar á einstaka nemendum. Oft lenti það svo að föstudagar voru frídagar eða aðrir uppbrotsdagar sem varð til þess að áætlunartímar B teymis féllu niður. Í heildina gengu áætlunartímar þó vel.

1.4. Námsaðlögun/skipulag hennar – hvaða leiðir voru farnar?

Í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans en hver og einn vann á því þrepi sem hentaði. Í íslensku var unnið eftir markmiðum en flestir á því þrepi sem samsvarar árgangi þeirra. Fyrri hluta vetrar var nemendum skipt upp eftir árgöngum og þarfaskipt innan þess í stærðfræði og íslensku. Eftir að teymið skipti sér almennilega í A og B var nemendum áfram þarfaskipt og reynt að hafa þá sem meiri hjálp þurfa en ella í smærri hópum. Í þessum 10-15 nemenda hópum var tækifæri til að hafa misjafnar áherslur eftir því hvað hentaði. Nokkrir nemendur voru með efnið niðursneitt í smærri einingar og unnu samkvæmt sínum markmiðum. Í þemavinnu unnu flestir sömu verkefni en útfærslur voru mismunandi eftir þörfum nemenda. Stundum vorum við með auðveldari útfærslur á verkefnum, stundum gátu nemendur sem það þurftu að nota tölvur og spjalddölvur, stundum voru valverkefni þannig að nemendur gátu valið verkefni sem þeir réðu við o.s.frv. Einnig unnu þeir nemendur sem þess þurftu náið með stoðkennurum að verkefnum sínum sem sneru mikið að lestri.

1.5. Hvernig voru kennsluáætlanir útfærðar og birtar?

Allar áætlanir voru unnar samkvæmt ákveðnu formi sem kennurum er sett að vinna eftir. Strax í haust voru allar stærðfræðiáætlanir tilbúnar en þema- og íslenskuáætlanirnar voru unnar jafnóðum allan veturinn. Fyrir áramót voru áætlanir sendar til stjórnenda sem settu þær á heimasíðu skólans en eitthvað vafðist það fyrir teyminu eftir áramót. Áætlanirnar ættu þó að finnast í þar til gerðum möppum á samgagnanetkerfi skólans.

2. Námsgreinar

Stærðfræði - Sproti 3a og 3b, 4a og 4b, Stika 1a og 1b, 2a og 2b, ýmis önnur stærðfræðiverkefni og ítarefnisbækur. **Íslenska** - Skinna 1 og Skræða 1. Verkefni úr ýmsum öðrum kennslubókum t.d. Málrækt og Orðspori. Lesskilningsverkefni, ýmsar sögubækur, fræðibækur og námsbækur sem féllu vel að þemum. **Enska** - Efni úr Adventure Island of English Words/Orðasjóður fyrir 4. bekk. Work out og Speak out fyrir 5. bekk. **Upplýsingatækni** - Í flestum fögum var ritvinnsla notuð, spjalddölvur notaðar mest í námsleiki. **Jákvæður agi** - Kennsluáætlun unnin upp úr Jákvæður agi - handbók fyrir kennara, bekkjarfundir tvisvar til þrisvar sinnum í viku. **Þemu** - *Íslandsþema*, unnið með Ísland, veröld til að njóta og Auðvitað 1. *Jólaþema* - unnið með bókina 13 skrátnir jólasveinar. *Blái hnötturinn*, bókina Sagan af Bláa hnettinum notuð og ýmsar fræðibækur um dýr af bókasafni ~~Alexandru~~ Naustaskóla.



Tilraunapema - unnið með Auðvitað 1. *Fuglabema* - unnið með Náttúran allan ársins hring og efni af Fuglavefnum.

2.1. Útikennsla

Í vetur höfum við verið með markvissa útikennslu eftir hádegi á þriðjudögum. Fyrst vorum við mest í styttri gönguferðum um nágrennið og stýrðum leikjum og svo ýmsum tengdu stærðfræði, t.d. mælingum og reikniaðgerðum. Þegar snjórinn kom nýttum við hann t.d. til snjókarlagerðar en önnur plön með útiveru í snjó urðu að engu þar sem snjórinn lét varla sjá sig í vetur. Útitímann nýttum við af og til þannig að við vorum úti með helming hópsins og hinn helminginn uppi á svæði í ýmsum verkefnum sem gott var að vera með minni hóp í. Síðan skiptum við. Vorpartinn nýttum við mikið til gönguferða, fuglaskoðunar og leikja, bæði stýrðra og frjálsra.

2.2. Upplýsingatækni

Það fór minna fyrir upplýsingatækni nú í ár en í fyrra. Þó var hún fléttuð að einhverju leyti inn í allar námsgreinar. Í stærðfræði voru spjalddölvunar notaðar í námsleiki og borðdölvunar m.a. í almenna stærðfræðikennslu og Excel-vinnu. Í íslensku og þema voru spjalddölvunar notaðar í leit og borð- og fartölvur notaðar í ritvinnslu. Í ensku voru borðdölvunar notaðar mikið af einum hóp og spjalddölvunar mikið notaðar fyrir Kahoot og annað sem fannst á mms.is.

2.3. Vettvangsferðir og uppákomur

Útivistadagur var í lok ágúst þar sem nemendur völdu sér viðfangsefni m.a. var farið upp á Hamra, í fjallgöngu og gönguferð. 4. bekk var boðið í leikhús í byrjun desember að sjá leikritið Stúf. Fyrir jólin fórum við í gönguferð niður í miðbæ að skoða jólas kraut. Í febrúar var 5. bekk boðið í Hof að skoða leikmynd og fræðast um leiksýninguna Núnó og Júnía. Í mars var útivistadagur og var öllum skólanum boðið í Hlíðarfjall. Í útivist fórum við í gönguferðir, að mestu leyti um Naustahverfið. Í maí var farið á frjálsíþróttamót í Boganum á vegum UFA. Á vorþemadögum var farið í Kjarnaskóg. Árshátíð var haldin í apríl þar sem allir nemendur í 4. og 5. bekk tóku þátt í uppsetningu á frumsamda leikritinu Hin dónalega derhúfa. Í byrjun maí fór 4. bekkur í skólabúðir á Kiðagil í Bárðadal og um miðjan maí var haldin Upplestrarhátíð þar sem 4. bekkur las og foreldrum var boðið í heimsókn.

2.3.1. Kiðagil

Nemendur í 4. bekk fóru í sveitaferð að Kiðagili í Bárðardal ásamt tveimur umsjónarkennurum. Lagt var af stað á fimmtudagsmorgni og komið heim um kl. 16 á föstudegi. Þema dvalarinnar var sveitin og handverk og var farið í heimsókn á Lækjarvelli, sem er steinsnar frá Kiðagili. Krakkarnir fengu fræðslu um sveitastörfin og sáu nýborin lömb. Á Kiðagili unnu þau ýmskonar handverk. Ferðin gekk ágætlega en krakkarnir nutu sín ekki alveg þar sem svo stutt var á milli upphafs og loka ferðarinnar. Aðeins var



gist í eina nótt í stað tveggja eins og oft áður. Ferðin var vel mönnuð af foreldrum og voru tveir til sex foreldrar á staðnum allan tímann.

3. Námsmat

Nemendur fóru heim með matsmöppu þrisvar sinnum í vetur. Nemendur völdu svo verkefni úr möppunni í síðustu viku vetrarins og voru þau verkefni sett í safnmöppu. Á skólaslitum skoðuðu foreldrar svo safnmöppuna með nemendum. Verkefni sem fóru í matsmöppu voru af ýmsum toga. Við reyndum að hafa verkefnavalið þannig að verkefnin gæfu skýra mynd af því sem krakkarnir voru að fást við hér í skólanum t.d. verkefni úr þemum, ensku, stærðfræði, skriftarsýnishorn, ritunarverkefni og kannanir í stærðfræði. Nemendur voru prófaðir í lesfimi þrisvar sinnum í vetur og voru niðurstöðurnar settar inn í verkefnabók á Mentor. Lesskilningspróf voru lögð fyrir í nóvember og apríl og voru niðurstöðurnar þeirra settar inn í verkefnabók á Mentor. Í stærðfræði tóku nemendur könnun eftir hverja áætlun þar sem athugað var hvort nemendur höfðu náð markmiðum áætlunarinnar. Markmið í íslensku og stærðfræði voru metin og skráð inn á Mentor. Vitnisburður að vori var umsögn frá umsjónarkennara ásamt tilvísun í markmiðin á Mentor.

4. Foreldrasamstarf

Vikulegir föstudagspóstar hafa verið sendir á alla foreldra ásamt ástundun nemenda. Einnig höfum við skráð í dagbækur einstakra nemenda eða sent tölvupósta, allt eftir umfangi og ástæðum skráningar og eftirfylgni. Reglulegir fundir voru með einstaka nemendum varðandi hegðun, líðan, nám eða félagslega stöðu sem og skilafundir sem aðilar af skóladeild sáu um. Á haustdögum var haldinn kynningarfundur vegna komandi skólaárs og foreldrum var einnig boðið að koma á kynningu hjá nemendum þegar við lukum við Íslandsþema. Í opinni viku í febrúar voru foreldrar duglegir að kíkja í heimsókn, sem og aðrar vikur skólaársins. Foreldrum 4. bekkjar var svo boðið á litlu upplestrarkeppnina í maí. Góð mæting var á alla þessa viðburði.

5. Nemendur

Líðan nemenda - heilt yfir þá höfum við þá tilfinningu að nemendum hafi liðið nokkuð vel með okkur í skólanum, með nokkrum undantekningum þó. Við sjáum greinilega að sjálfstraust og öryggi hefur aukist hjá nemendum sem voru óöruggir í haust. Okkur finnst góð tengsl hafa myndast milli nemenda og umsjónarkennara og tengsl og samskipti við foreldrahópinn voru góð.

Eineltis- og agamál - nokkuð var um agavandamál og stríðni sem tekið var á eftir bestu getu. Agavandamál höfðu á tíðum óþarflega mikil áhrif á starfið okkar í vetur og fór mikil orka í þau.



6. Ástundun

Langflestir nemendur hafa stundað skólann vel í vetur og mætt stundvíslega. Við sendum ástundun til foreldra í tölvupósti á hverjum föstudegi þannig að foreldrar hefðu átt að fá góða yfirsýn um mætingar barna sinna. Einstaka börn komu endurtekið of seint og var það rætt við foreldra ýmist af umsjónarkennara eða stjórnendum. Ástundun lagaðist í langflestum tilfellum eftir samtal.

7. Samstarf í teymi

Teymisfundir voru haldnir tvisvar í viku. Skipulagsfundir voru á miðvikudögum eftir hádegi. Fundur með stjórnendum var einu sinni í viku þar sem farið var yfir fagleg mál, nemendamál og trúnaðarfundur. Þeir fundir voru til að byrja með eftir hádegi á föstudögum en svo færðir á mánudaga eftir hádegi. Bryndís skólastjóri stýrði þeim fundum. Umsjónarkennarar og stoðkennari skiptu með sér hlutverkum formanns, ritara og föstudagspóstasemjara (þetta er orð).

7.1. Endurmenntun

Endurmenntun teymisins var í höndum hvers og eins starfsmanns. Innan skólans voru meðal annars námskeið um One drive, kostner og byrjendalæsi.

7.2. Jafningjastuðningur/ígrundanir/starfendarannsóknir

Kennarar teymisins hafa unnið að þróunarverkefni í vetur í samstarfi við Ingvar Sigurgeirsson. Þróunarverkefnið fjallar um auka sjálfstæði nemenda í stærðfræði.

8. Almenn samantekt, mat og tillögur til úrbóta

Þar sem að teymið er nánast það sama og síðasta vetur fyrir utan stoðkennara og stuðningsfulltrúa var auðveldara að byrja veturinn. Teymið vann vel saman frá fyrsta degi og verkaskiptingin var skýr. Þegar við horfum á veturinn í heild sinni þá var góð ákvörðun að aðgreina betur A og B teymi og þar af leiðandi var hópnum nánast aldrei blandað öllum saman. Þar sem að nemendahópurinn verður fjölmennari næsta vetur en hann var í vetur finnst okkur mikilvægt að halda áfram með að aðgreina vel A og B teymi. Yfirsýn kennaranna var auðveldara og rót og óöryggi nemenda minnkaði. Óvenjumikill tími og orka fór í agavandamál í vetur og var margt reynt með misgóðum árangri. Agavandamálin virtust minnka með tilkomu skiptingarinnar. Í það minnsta minnkaði álag á kennara.

Nemendahópurinn var stór og margir nemendur í hverjum umsjónarhóp. Í vetur höfum við hugsað mikið um aldursblöndun og tilgang hennar, bæði út frá námi nemenda og félagslegri stöðu þeirra. Við höfum lengi gælt við þá hugmynd að skipta 4. og 5. bekk eftir árgöngum, þ.e. að 4. bekkur verði sér í



umsjónarhópum og öfugt. Í tilvonandi 5. bekk verða t.d. 19 stelpur í fyrirhuguðum fimm umsjónarhópum en það þýðir þrjár til fjórar stelpur í hóp ef jafnt er skipt. Kostirnir við árgangaskipta bekkji eru meðal annars þeir að það myndast frekar samheldni og bekkjarandi verður meiri. Einnig er auðveldara að vera með innlagnir í t.d. stærðfræði þar sem sameiginleg þekking og reynsla er á efninu innan árgangsins. Oft verða árekstrar á milli 4. og 5. bekkjar sem myndu leysast með þessu. Að hluta til teljum við að þessir árekstrar liggi í því að nemendur eru að fóta sig í nýjum námshópum sem gerist á hverju einasta ári. Kostirnir eru fleiri en við teljum upp og vissulega eru ókostir við þetta miðað við núverandi blöndun en við teljum að kostirnir við að aldursskipta þeim vegi upp á móti göllunum.



Ársskýrsla 6. og 7. bekkjar



Tölulegar upplýsingar

Töluverðar breytingar urðu á nemendahópnum í vetur, en nemendafjöldinn var samt sá sami í lok vetrar og hann var í byrjun eða 59 nemendur. Umsjónarkennarar voru 3, einn stoðkennari sem aðstoðaði nemendur með aðlagð námsefni, hafði umsjón með fjölfötluðum nemenda og kennslu hans. Tveir stuðningsfulltrúar sinntu stuðningi við nemendahópinn ásamt stuðningi við fjölfatlaða nemandann.

Í gæðahringjum sátu umsjónarhópar saman hver á sínu svæði. Uppröðun á svæðum var mismunandi og breytileg. Í hringekju og þemum var hópnum skipt í 4 hópa. Skipt var í nýja hópa í byrjun hvers þema, reynt var að blanda saman kyni, getu og tekið tillit til félaga.

Skipting milli kynja: Í árgöngunum voru 28 stelpur á móti 31 strákur í lok skólaárs. Árgangaskipting: Í 6.bekk voru 32 nemendur og 27 nemendur í 7.bekk.

Nemendum var skipt í mismunandi hópa:

- Umsjónarhópa
- Smiðjuhópa
- Íþróttahópa
- Hringekjuhópa
- Þemahópa
- Enskuhópa

Skipulag námsins

Stundatafla var nokkuð föst, það er sami rammi í hverri viku en með ólíkum verkefnum. Allir dagar voru fjölbreyttir og úthald yfirleitt gott. Þriðjudagar og miðvikudagar voru þó lengstu skóladagarnir.

Mánudagar: Nemendur byrjuðu daginn í íþróttum, fyrst tveir hópar og einn í vinnustund, síðan einn og hinir í vinnustund. Í upphafi var samvera með 4.-5. bekk á hverjum mánudegi í sal, það gekk illa svo samveran var færð á sameiginlegt svæði 6.-7. og 4.-5. bekkjar. Það gekk alls ekki vel. Þá var hópunum skipt upp og samvera hjá okkar krökkum var annan hvern mánudag á svæði 6.-7. Bekkjar. Nemendur



fengu einnig að hafa meiri ítök í lagavali og gekk það miklu betur. Eftir nesti og frímínútur fóru nemendur í smíðjur og í stafsetningu hjá okkur eftir hádegi. Kl. 13:00 var teymisfundur með Hildi Betty.

Þriðjudagar: Á þriðjudögum byrjuðum við á bekkjarfundi og síðan í vinnustund fram að nesti og frímínútum. Eftir það var þemavinna út daginn þar sem nemendum var skipt í fjóra hópa fyrir utan síðasta þemað en þá voru þrír hópar. Langur dagur.

Miðvikudagar: Á miðvikudögum byrjuðu nemendur á bekkjarfundi, í framhaldi var vinnustund stærðfræði/íslenska. Eftir frímínútur var hringekja. Í hringekju voru þrjár stöðvar /umsjónarhópar: stærðfræði, íslenska, enska og eftir hádegi fórum við út með nemendur og síðan fór annar bekkurinn í sund og hinn í stutta vinnustund. Í byrjun skólaárs byrjaði 6. bekkur í sundi en síðan á miðju skólaári fór 7. bekkur í sund á undan.

Fimmtudagar: Á fimmtudögum byrjuðu nemendur í smíðjum á meðan nýtti teymið tímann til undirbúnings kennslu. Eftir nesti og frímínútur fóru nemendur í íþróttir, fyrst tveir hópar og einn í vinnustund, síðan einn og hinir í vinnustund. Eftir hádegið var hringekja nemendum var skipt í þrjá hópa, enska, stærðfræði og íslenska/danska.

Föstudagar: Byrjuðum daginn á vinnustund/klárutíma. Eftir nesti og frímínútur var enska, nemendum var skipt í þrjá hópa/þarfaskipt. Eftir hádegi lokuðum við vikunni á bekkjarfundi þar sem farið var yfir ýmis mál og það sem framundan var. Föstudagarnir voru gjarnan nýttir fyrir kannanir.

Kennsluhættir

Vinnulag var frekar fjölbreytt og þar af leiðandi kennsluhættir/aðferðir.

- Suttar innlagnir og verkefni
- Paravinna
- Hópavinna
- Samvinnunám
- Einstaklingsvinna/vinnubókarvinna/áætlunarvinna
- Námsleikir
- Vettvangsferðir
- Þemavinna

Í upphafi skólaárs og fram yfir áramót byrjuðu allir í sama krók, í byrjun mars og út skólaárið byrjaði dagurinn í krók hvers umsjónarhóps þar sem var farið yfir dagsskipulagið og spjallað um ýmis málefni er tengdust skólastarfinu. Bekkjarfundir voru fastir í stundatöflu tvisvar til þrisvar í viku. Gerð var áætlun að dagskrá fyrir fundina með stefnu jákvæðs aga að leiðarljósi. Stundaskrá dagsins var skrifuð upp á töflu við inngang að svæðinu. Þetta auðveldaði mörgum nemendum að átta sig betur á því hvað er framundan á hverjum degi. Seinni part skólaárs var sett upp krítartafla þar sem helstu viðburðir vikunnar voru skráðir. Þetta auðveldaði nemendum að fylgjast betur með hvað var framundan.

Kennsluáætlanir í þema voru 4. unnið var með með eitt viðfangsefni í hverri lotu.

Námsefni aðlagð og verkefni stytt fyrir þá nemendur sem þurfa. Áætlanir voru sendar til stjórnenda til birtingar.

Í íslensku var unnið eftir 5 áætlunum, þær voru sendar stjórnendum til birtingar foreldrum.

Námsaðlögun var mætt með styttri verkefnum, aðstoð með upplestri, fyrirmæli gerð sýnileg fyrir nemendur, ritun í tölvu og munnleg skil.

Í stærðfræði var kennsluáætlun einstaklingsbundin. Þ.e.a.s. að í 6.bekk er miðað við að nemendur ljúki 12.þrepi og 7.bekkur 14.þrepi. Hópur nemenda var að vinna á bæði lægri þrepum og efri þrepum, allt frá 8. til 16. þreps. Námsefnið er aðlagð að þörfum hvers og eins.



Námsgreinar

Íslenska:

Íslenskukennsla var með svipuðum hætti og síðastliðinn vetur þ.e. kennt var í lotum og unnið að ákveðnum markmiðum í hverri lotu. Við lok hvers lotu þurftu nemendur að skila verkefnum og/eða voru lagðar fyrir þá kannanir/matsverkefni. Áhersla var á ritun í vetur og unnu nemendur eitt stórt ritunarverkefni ásamt nokkrum minni verkefnum. Námsloturnar voru 5. Íslenskan var samþætt þemavinnu og í hringekju en þar var fjölbreytt vinna í málfræðiheftum, lestrarverkefni, ritunarverkefni í tölvum og ýmis önnur verkefni. Á degi íslenskrar tungu byrjaði undirbúningur fyrir stóru upplestrarkeppnina, eftir það var alltaf ein stöð í hringekju tileinkuð þeim undirbúningi. Stafsetning var einu sinni í viku ýmist upplestur, sóknarskrift, textahlustun úr íslenskri tónlist og eyðufyllingar. Nemendur tóku þrjú hraðlestrarpróf yfir skólaárið.

Stærðfræði:

Stærðfræði var skipt upp í tvö stig. 6. bekkur vann á 12. stigi og 7. bekkur á 14. Talsverður hópur af nemendum vann á öðrum stigum samkvæmt einstaklingsmiðun. Á 12. og 14. stigi voru notaðar kennslubækurnar Stika en einnig Skali, Geisli og fleiri bækur. Nemendur studdust við áætlanir sem skipt var í lotur og kannanir í lok hvers lotu. Í hringekjum voru innlagnir eftir þörfum.

Enska:

Enska var kennd tvisvar í viku. Nemendum var skipt í þrjá hópa samkvæmt þörfum. Á miðvikudögum var lögð áhersla á málfræði, innlagnir og stutt verkefni. Á föstudögum var meiri áhersla lögð á lestur, þýðingu og lesskilning.

Danska:

Danska var kennd einu sinni í viku, sú nýbreytni var höfð að bæði 6. og 7. bekkur byrjuðu á sama tíma í dönsku. Nemendum var skipt í þrjá hópa/umsjónarhópa sem fóru á milli stöðva 20 mín. á hverri stöð. Áhersla var lögð á að hafa fjölbreytt verkefni, s.s. hlustun, samræður, verkefnavinnu og fleira. Áhersla var á munnlega tjáningu nemenda og framburð. Kennarar tala dönsku við nemendur í tímum. Markmið tímanna var að kynna grunnatriði í dönsku fyrir nemendur, s.s. tölur, daga, liti og að gera nemendur klára í að skrifa stutta ritun um sjálfa sig. Í lok vetrar gerðu nemendur verkefni þar sem gert var myndband með samtali tveggja eða fleiri nemenda. Upptökurnar voru sýndar foreldrum undir lok skólaárs.

Þemaverkefni:

Í þemavinnu var nemendum skipt í fjóra hópa, nýja hópa fyrir hvert þema. Þemaverkefni voru eftirfarandi: Benjamín dúfa, Norðurlöndin, Mannsíkamin og síðast vísindapema. Öll markmið og áætlanir í þemum finnast á samgögnum þær voru einnig sendar stjórnendum. Þemu voru unnin í þróunarvinnu að hluta til þar sem áhersla var lögð á samvinnunám. Í byrjun hvers þema fengu nemendur markmið og gátlista. Áhersla var lögð á fjölbreytt verkefni í hverju þema og samþætt öðrum námsgreinum s.s. ensku, íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Einnig fórum við í vettvangsferðir tengdar þemunum.

Útikennsla:

Einu sinni í viku fóru nemendur út í skipulagða leiki með umsjónarkennurum. Ekki var önnur skipulögð útikennsla en tækifæri til útikennslu voru nýtt þegar vel viðraði.

Upplýsingatækni:

Í byrjun skólaárs var upplýsingatækni með fastan tíma í stundatöflu á fimmtudögum. Hópnum var kynjaskipt og bekkjarskipt og það gafst vel. Áhersla var lögð á að nemendur yrðu þökkalega færir í Word. Tölvuverið á svæðinu hefur ekki verið áreiðanlegt í vetur og ekki hægt að treysta á að tölvur virki. Fastir tímar dattu því út seinni hluta vetrar en í staðinn var upplýsingatæknin samþætt öðrum kennslugreinum.



Í maí var haldin tækjadagur þar sem við fengum heimsókn frá skólaþróunarsviði Háskólans. Nemendur fengu að prufa sýndarveruleikagleraugu, Sphero vélmenni til að efla sköpunargáfur með gagnvirkum leik og forritun, Dash forrita og stjórna vélmennum, Osmo forritun og AR (augmented reality).

Vettvangsferðir:

Vettvangsferðir voru nokkrar í vetur. 6. bekkur fór á Húna í haust eins og venjan er. Allur hópurinn fór á Amtbókasafnið, Greifann, Nettó, Lögreglustöðina/fangelsið, Háskólann, Metanstöðina og Vatnsaflsvirkjunina við Glerá.

Mat og tillögur:

Stærðfræði og íslenska voru kennd í lotum líkt og á unglingastiginu með fínum árangri. Nemendur gerðu skriflega könnun eftir hverja lotu. Við munum halda áfram með sama fyrirkomulagi.

Það mætti leggja meiri áherslu á smá heimavinnu í stærðfræði svo nemendur verði öruggari í sínum reikniðgerðum og nái að klára áætlanir á réttum tíma. Við fórum ekki í margföldunartöflu átak eins síðustu vetur en teljum það nauðsynlegt á hverjum vetri.

Varðandi íslensku þá gekk vel að byggja námið upp með lotum, skrifleg könnun var í lok hverrar lotu.

Í lok vetrar gerðu nemendur heimildaritgerð að eigin vali sem kom vel út. Nemendur gerðu nokkur styttri ritunarverkefni yfir veturinn. Stafsetningarkennslan gekk vel.

Framfarir nemenda í lestri voru þokkalegar í vetur þrátt fyrir mikla áherslu á yndislestur, heimalestraráttak, lesskilningsverkefni og fleira.

Þemavinna gekk vel, nemendur unnu í fjórum hópum. Stöðvarnar voru ólíkar að því leiti að sumar voru sjálfstýrandi en aðrar kennarastýrðari. Verkefni voru fjölbreytt og áttu nemendur að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Verkefnin reyndu öll á hugarflug, þekkingu, leikni, skipulag, samvinnu og sköpun nemenda. Verkefnin voru auk þess getumiðuð.

Námsmat

Í stærðfræði og íslensku var símat þ.e. lagðar voru skriflegar kannanir fyrir nemendur eftir hverja áætlun, merkt var við markmið á Mentor. Einnig var skráð í verkefnabók, leshraði, lesskilningur, niðurstöður kannana, þema og ritunarverkefna. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir veturinn og nemendum birtar niðurstöður á súluriti. Í lok skólaársins fengu nemendur blað með árangri vetrarins. Ljóst þykir að nemendur þurfa að vera duglegri við lestur þar sem margir hafa ekki náð lestrarviðmiðum árganganna. Farið var í lestraráttak einu sinni í vetur sem gekk ekki nægilega vel og stóð helst á því að nemendur læsu heima og að einhver kvittaði fyrir heimalesturinn.

Tvö stór lesskilningsverkefni ásamt fleiri minni verkefnum voru lögð fyrir nemendur. Leggja þyrfti meiri áherslu á að láta nemendur endursegja texta sem þeir lesa og að láta þá vinna útdrætti úr stuttum textum til að auka lesskilning.

Töluverð áhersla var á ritun. Nemendur gerðu heimildaritgerð og fleiri ritunarverkefni voru unnin í þemum og hringekju bæði hóp- og einstaklingsverkefni. Í dönsku voru ritunarverkefni nýtt til að kanna stöðu nemenda og nemendur hvattir til að tala tungumálið í kennslustundum. Í dönsku voru ekki lagðar fyrir formlegar kannanir, verkefni voru metin. Í ensku voru verkefni metin ásamt könnun í lok skólaárs. Mikil áhersla var lögð á að auka enskan orðaforða nemenda sem og að nemendur fengju tækifæri til að tala tungumálið í kennslustundum.

Matsmöppur

Matsmöppurnar fóru heim þrisvar sinnum yfir veturinn og fjórða mappan (sem samanstóð af öllum möppunum ásamt viðbót) var til sýnis á skólaslitum og fór síðan heim með nemendum. Verkefnin í matsmöppunni voru valin með það að leiðarljósi að gefa sem skýrasta mynd af viðfangsefnum nemenda hverju sinni. Viðfangsefni áttu jafnframt að vera lýsandi yfir þekkingu, leikni og hæfni þeirra. Foreldrar virtust sáttir með þetta fyrirkomulag og voru hvattir til þess að skrifa



hvatningarorð/skilaboð til nemenda og/eða kennara við hver möppuskil.
Verkefnin sem finna mátti í möppunum voru eftirfarandi:

Skil í október 2016:

- Stærðfræði könnun
- Íslenska stafsetning
- Íslenska könnun
- Íslenska leshraðapróf
- Þema ritun
- Þema/íslenska – Benjamín Dúfa (kjörbókarskýrsla)
- Þema/íslenska – Benjamín Dúfa (umsögn/sjálfsmat)
- Danska – 6. og 7. bekkur (tjáning – Tomas Olason)
- Enska – þýðing
- Íslenska – Lesskilningur (Orðarún)

Skil í desember 2016:

- Stærðfræði könnun
- Íslenska stafsetning
- Íslenska – könnun – lýsingarorð
- Íslenska – lestrarpróf
- Danska – litir og tölur
- Enska – verkefni
- Þema – Norðurlönd
- Smiðjuverkefni

Skil í febrúar 2017:

- Stærðfræði – könnun
- Íslenska – stafsetning
- Íslenska –könnun - sagnorð
- Íslenska – lesskilningur (Orðarún 2)
- Íslenska – lesskilningur (frægt fólk)
- Íslenska – ritunarverkefni
- Danska – verkefni að eigin vali
- Enska – verkefni að eigin vali
- Smiðjuverkefni
- Annað

Skil í maí 2017:

- Lestrarsúlurit
- Stærðfræði – könnun
- Stærðfræði – lokapróf
- Íslenska – ritun
- Íslenska – lestrarbingó
- Íslenska – lokapróf
- Þema – mat kennara á bókargerð um mannslíkamann
- Þema – mat kennara á mannslíkamanum
- Þema – sjálfsmat, orðaforði, stafarugl
- Enska – Tímaverkefni
- Enska – Lokapróf
- Smiðjuverkefni



Samráðs- og matsdagar

Samráðs- og matsdagar voru tveir á skólaárinu. Að hausti og í lok janúar komu foreldrar/forráðamenn í viðtal með börnum sínum. Foreldrar skráðu sig í viðtölin á Mentor. Kennarar höfðu samband við þá foreldra sem ekki skráðu sig og festu með þeim viðtal.

Að auki var fundað reglulega (teymisfundir) yfir skólaárið vegna nokkra nemenda.

Mat og tillögur til úrbóta

Notast var við fjölbreytt námsmat t.d. gátlista, skriflega könnun, munnlega könnun, sjálfsmat, símat og leiðsagnarmat. Við notuðum sjálfsmat í þema og ensku en sjálfsmat hefur marga kosti umfram það að vera bara námsmat þar sem það hvetur nemendur til sjálfskoðunar og eflir gagnrýna hugsun og sjálfstæði.

Eftir að nemendur fengu ákveðin sæti merkt sér á umsjónarsvæðum skapaðist betri vinnufriður og því mælum við með að kennarar haldi því áfram. Það sama má segja með yndislestur, nemendur lesi á umsjónarsvæði við borðin sín. Kennarar þurfa einnig að samræma sig í sambandi við flakk milli svæða. Gott er að hafa markmiðin sýnilegri þannig að nemendur geri sér grein fyrir hvort þeir hafi náð settum markmiðum. Til dæmis má hengja þau upp á vegg, hafa sýnileg á lotublöðum í íslensku og stærðfræði. Þessi markmiðablöð viljum við að fari í matsmöppu nemenda.

Nemendur

Líðan nemenda

Samkvæmt könnunum þá líður nemendum vel í skólanum. Þessar kannanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (undir matsgögn/skýrslur). Tengslakönnun var tekin á haustönn og kom hún nokkuð vel út. Sérstaklega var tekið á samskiptavanda drengja í 7. bekk. Eva námsráðgjafi tók drengina í viðtöl sem skiluðu litlu þar sem vandamálið var að hluta til staðar við skólalok. Nemendaviðtöl voru tekin við alla nemendur einu sinni á skólaárinu og að auki eftir þörfum.

Eineltismál og agamál

Ef upp komu agamál á kennslusvæði eða í frímínútum var tekið á því. Kennarar tóku nemendur úr aðstæðum og ræddu við þá, einnig gátu nemendur farið afsíðis ef þurfti. Nemendur gerðu stórt lausnarhjól samkvæmt jákvæðum aga. Lausnarhjólið sem var stórt í sniðum var sýnilegt á svæðinu og nemendum bent á að notast við það til að leysa ágreining. Hegðunarfrávik voru skráð í dagbók og hringt heim eftir þörfum.

Námsárangur

Námsárangur 7. bekkjar í stærðfræði var mjög viðunandi og náðu margir nemendur að ljúka fjölmörgum markmiðum. Ánægjulegt var að sjá góðan árangur hjá 7. bekk í stærðfræði í samræmdum prófum. Hjá 6. bekk var staðan svipuð, fjölmargir nemendur tóku miklum framförum í vetur og unnu vel að sínum markmiðum. Mikil áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám þannig að hver og einn var á þeim stað sem hæfði þekkingu, leikni og hæfni hans. Heildarárangur vetrarins í stærðfræði er ánægjulegur enda var töluverð áhersla lögð á stærðfræði í vetur. Með því að merkja strax við markmið eftir hverja könnun var betri yfirsýn yfir hvern nemenda.

Í íslensku gekk flestum vel að ná markmiðum vetrarins. Vinna við heimildarritgerð var unnin í samvinnu við heimilin það er nemendur áttu að vinna hana að hluta til heima. Gekk sú vinna nokkuð



vel fyrir utan að það myndi breyta/auðvelda kennsluháttum ef unnið væri í One drive í Office 365. Það gæfi kennurum betri yfirsýn yfir vinnu nemenda og tengdi heimilin betur við skólastarfið. Gaman var að fylgjast með framförum nemenda í aðdraganda stóru upplestrarkeppninnar og tóku langflestir þátt í henni.

Ástundun

Leyfi og mæting nemenda var skráð á mentor og sendar til foreldra í formi yfirlits á tveggja vikna fresti.

Foreldrasamstarf

Á hverjum föstudegi var sendur póstur til foreldra þar sem vikan var gerð upp og farið yfir komandi viku. Margir foreldrar létu vita af ánægju sinni með póstana, þeir væru mikilvægir í upplýsingaflæði milli kennara og foreldra. Stofnuð var facebook síða foreldra þar sem viðburðir, myndir og áriðandi skilaðboð voru sett inn. Á skólaárinu voru tveir viðtalsdagar þar sem fulltrúar allra barna mættu (í byrjun október og í lok janúar).

Ef upp komu árekstrar milli nemenda var hringt heim til foreldra/forráðamanna viðkomandi barna og þeir upplýstir um stöðu mála.

Heimanám var almennt ekki enda samræmist það ekki stefnu skólans hins vegar fengu nemendur einstaka sinnum með sér námsefni heim. Það var þó einungis ef nemendur höfðu ekki nýtt tímann vel eða þurftu að dýpka skilning sinn á námsefni. Kennarar sendu þá ávallt póst heim eða hringdu í foreldra og þeir látnir vita. Nokkrum sinnum í vetur komu beiðnir frá foreldrum um heimanám og var þá fundin sameiginleg lausn á því.

Hvað tókst vel og hvað má betur fara?

Almenn ánægja er með foreldrasamstarfið í vetur. Foreldrar komu í heimsókn tvisvar yfir skólaárið, í lok Norðurlandapeima og í lok skólaárs þar sem nemendur sýndu foreldrum afrakstur vetrarins, myndbönd, bækur, veggspjöld og fleiri skemmtileg verkefni. Foreldrar mættu lesa föstudagspóstana oftast og betur. Það kom nokkrum sinnum í ljós að nemendur voru ekki nægilega vel útbúnir í vettvangsferðir og í útiþróttir.

Við teljum að upplýsingaflæði hafi verið gott og þá sérstaklega í gegnum facebooksíðuna.

Samstarf í teyminu

Miklar breytingar hafa verið í teyminu í vetur en í byrjun febrúar fór Andri Snær í fæðingarorlof en kom aftur í apríl og júní. Í hans stað kom Kári. Heimir hætti störfum þann 1. mars og leysti Paula Maria hann af. Salome stuðningsfulltrúi hætti hjá okkur um áramót og tók Kolla við hennar stöðu. Þessar breytingar reyndu verulega á teymið og eins á nemendur.

Í upphafi voru ákveðnir kennarar með yfirumsjón með ákveðnum námsgreinum en erfitt reyndist þó fyrir nýja kennara að taka við á miðjum vetri. En með ígrundun og sameiginlegri lausnaleit gekk þó allt upp að lokum. Teymisfundir voru í upphafi á fimmtudagsmorgnum en færðust síðar yfir á mánudaga eftir hádegi. Á þeim fundum voru tekin fyrir nemendamál og trúnaðarmál.

Jafningjastuðningur

Yfirhöfuð einkenndi góður mórall teymið þrátt fyrir miklar mannabreytingar. Ígrundun og lausnaleit fór fram jafnt og þétt yfir veturinn á fundum teymisins. Farið var yfir bæði stöðu námshópsins í heild sem og ákveðinna einstaklinga. Auk þess var farið reglulega yfir skipulag námsins og oft voru gerðar breytingar ef þess þurfti. Teymið er sammála um að það hjálpi að geta flett upp í skipulögðum fundagerðum.



Almenn samantekt

Teymið er í heildina ánægt með veturinn en auðvitað kom það niður á starfinu að hafa skipti á starfsfólki um miðjan vetur. Kennarar eru sammála um að stundataflan hafi verið fín t.d. finnst okkur að nauðsynlegt að fá tíma í upphafi viku til þess að skipuleggja starfið þá vikuna. Auk þess var gott að fá einn tíma á viku þar sem einungis annar árgangurinn er á svæðinu. Teymið ætlar sér að nota fjölbreytt námsmat en tengja það betur við sýnileg markmið hvernar lotu fyrir sig. Kennarar eru ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur en eins og áður var getið þá fannst okkur að fleiri hefðu mátt lesa föstudagsfréttirnar. Foreldrar voru þó duglegir að skoða facebook síðuna.

Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaárs?

Teymismeðlimir vilja auka fjölbreytni í kennsluaðferðum, til að mynda markvissa innleiðingu samvinnunáms. Auk þess vantar fjölbreytni í námskeiðsvali og betri tölvu/spjaldtölvukost og að upplýsingatækni verði gert hærra undir höfuð í skólastarfinu. Þá telur teymið vanta eftirfylgni vegna agavandamála og að stjórnendur veiti meiri stuðning og úrræði í þeim málum.



Skýrsla 8.-9.-10. bekkjar

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Ákveðið var, í samstarfi við skólastjóra, að taka aftur upp stundaskrá einstakra námshópa, hverjum árgangi var skipt í 2 námshópa og hafði hver og einn nemandi sína stundaskrá. Í upphafi var hópunum skipt í tvo nokkuð jafna hópa, en þeirri skiptingu var síðar breytt í stelpu- og strákahópa. Eftir áramót var hópaskiptingu í 9. bekk breytt aftur.

Almenn kennsla fór fram frá 08:10 til 12:00 á mánudögum og þriðjudögum. Á miðvikudögum og föstudögum voru nemendur í skólanum til 13.00. Fimmtudagar voru lengstu skóladagarnir, eða til 15:10. Valfög nemenda fóru að öllu jöfnu fram eftir hádegi mánudaga til miðvikudaga.

Mat og tillögur til úrbóta

Fyrirkomulag vinnustunda þarf að skipuleggja vel. Ákveða staðsetningu, hafa skýra byrjun á tímanum með nafnakalli í Mentor.

Kennsluhættir

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, svo sem speglaða kennslu, sjálfstæða vinnu og áætlanagerð, vinnubókarvinnu, fyrirlestra, samvinnu, para – og hópavinnu og hlustun. Upplýsingatækni tengdist öllum námsgreinum með mismiklum hætti þar sem verkefnavinnsla og verkefnaskil fóru að stórum hluta fram með rafrænum hætti í gegnum Google Classroom, sem tók við af Moodle.

Náms- og kennslusvæði

Ákveðið var að skipta kennslusvæðinu gróflega niður eftir grunngreinum. Dönskukennsla fór aðallega fram í norðausturhorni, samfélagsfræði og þema í norðvesturhorni, enska og íslenska voru miðsvæðis og stærðfræðikennsla fór fram í austurenda kennslusvæðisins. Með þessu móti dreifðist nemendahópurinn nokkuð jafnt um svæðið og þetta virtist hafa jákvæð áhrif á vinnufrið og námsframlag. Vinnustundir voru ekki á neinum ákveðnum svæðum, nemendur höfðu oftast val hvort þeir sátu á þeim svæðum sem voru í boði eða sætu við borðin sín.

Við leggjum til að vinnustundatímarnir verða settir inn í stundatöflu hjá hverjum og einum nemanda og kennurum svo það sé skírt hvar hver á að vera í vinnustundum. Borðunum verði raðað meira saman til að hvetja nemendur til að vinna meira við borðin sín í vinnustundum.



Aðkoma list- og verkgreinakennara

Aðkoma list- verkgreinakennara í unglingadeild er val eftir hádegi og smíðjur á fimmtudögum. List- og verkgreinakennarar komu að innanhússvali hjá nemendum, heimilisfræði, bakstri, skartgripagerð, textíl, þrykk, myndlist svo eitthvað sé nefnt.

Námsaðlögun

Námsaðlögun fólst aðallega í aðlögun námsefnis og verkefnaskila. Nokkrir nemendur vinna að öðrum námsmarkmiðum, einkum í stærðfræði, ensku og íslensku. Þeir nemendur sem fylgja þessu skipulagi þurfa oft einnig aðstoð við að halda utan um verkefnaskil og fylgja sérútbúnum áætlunum sem búna eru til af kennara.

Mörgum nemendum fannst gott að fara afsíðis og fá að vinna að verkefnum í næði. Því miður gafst ekki tækifæri á að nýta þetta til fulls því þessir nemendur unnu ekki verkefni sín. Því hefði þurft starfsmann með umsjón með þessum nemendum en ekki gafst kostur á því. Einstaka nemendur litu neikvæðum augum á aðlagð námsefni en það var reynt að leysa það með því að lauma aðstoðinni að þeim á öðrum vettvangi.

Mat og tillögur til úrbóta

Námsaðlögun í ár gekk misvel að okkar mati. Það gekk vel að útbúa námsefni við hæfi fyrir hvern nemenda. Það er nauðsynlegt að bæta gerð einstaklingsnámskrár með skýrum markmiðum sem þarf að haka við í Mentor. Umsjónarkennari þarf að hafa yfirumsjón með nemendum með einstaklingsnámskrá og fylgja vel námsframvindu þeirra. Við þurfum að útbúa einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem fylgja ekki námsmarkmiðum og áætlunum jafnaldra. Það þarf að tryggja að foreldrar nemenda séu upplýstir um stöðu nemenda og að nemendur fái aðlagð námsefni og áætlanir.

Kennsluáætlanir – útfærsla og birting

Í haust var *Moodle* í notkun þar sem námsáætlanir voru útbúnar og birtar á stöðluðu formi. Í byrjun október færðum við okkur úr *Moodle* yfir í *Google Classroom*. Nemendur höfðu rafrænan aðgang að kennsluáætlunum inn á hverju fagi sem oftast voru birtar út frá lotum. Nemendur voru nokkuð duglegir að fylgjast með því sem sett var inn á *Classroom* því þeir þurftu að vinna eftir áætlunum að öllu leyti í flestum fögum (enska, danska, íslenska og stærðfræði) og að einhverju leyti í sumum (þema og nátt/sam). Í mars prófuðum við að taka saman vikuáætlanir fyrir 8. bekk sem við prentuðum út til að hjálpa þeim að ná utan um hvað lá fyrir að gera í hverri viku. Kennarar mátu nemendur samkvæmt markmiðum í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði og merktu við árangur í *Mentor*. Lögð var áhersla á að nemendur myndu sjálfir bera ábyrgð á að vinna samkvæmt áætlun og skipuleggja tíma sinn vel. Að auki fylgdust kennarar með áætlanavinnu nemenda og merktu við inn á *Mentor* og/eða sendu reglulega pósta heim til foreldra ef að nemendur kláruðu ekki áætlanir í skólanum.



Mat og tillögur til úrbóta

Nemendum gekk nokkuð vel að nýta sér *Google Classroom* til að fylgjast með áætlunum, upplýsingum, námsefni og til að vinna í og skila inn verkefnum. Það eru samt sem áður alltaf einhverjir nemendur sem gengur illa að fylgjast sjálfir með og halda utan um eigið nám. Við þurfum að vera duglegri að koma til móts við þessa nemendur með því að taka saman vikuáætlanir og prenta út fyrir þá. Það gæti verið góð hugmynd að byrja á því að prenta út vikuáætlanir fyrir 8. bekk í haust til að halda vel utan um þau til að byrja með.

Námsgreinar

Námsgreinum var skipt í lotur og unnið með ákveðin markmið aðalnámskrár í hverri lotu sem síðan voru metin í lok hennar.

Stærðfræði

Notast var við bækurnar, Átta tíu 5-6, Skali 1a og 1b, 2a og 2b, 3a og 3b og vinnubækur. Almenn stærðfræði I, II, III, og stærðfræði 8+9+10+ einnig var stuðst við aukaefni. Notast var við speglaða kennslu á vendikennsla.is, youtube, rasmus.is sem er góð viðbót í stærðfræðikennsluna. Nemendur geta horft á fyrirlestra bæði heima og í skóla og geta þannig dýpkað skilning sinn á viðfangsefninu. Hver nemandi fékk áætlun og var hún aðlöguð að hverjum og einum.

8. bekkur fór í fimm lotur, Tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot og prósentur, tölfræði, algebra og jöfnur.

9. bekkur tók 6 mismunandi lotur, Talnareikningur, Föll, Algebra, Mál og mælingar, Rúmfræði og Líkur.

10. bekkur fór 7 mismunandi lotur, Rúmfræði og algebra, tölur og talnafræði, líkur, reikningur og algebra, algebra og jöfnur, horn, prósentur, og algebra. Í síðustu lotunni var farið í fjármál unglinga.

Í hverri lotu fengu nemendur afhenta áætlun með námsmarkmiðum og dæmum en nemendur fengu ákveðinn dæmaskammt á viku sem var settur inn á moodle/classroom og þurftu þeir að ljúka því í lok hverrar viku. Þetta skipulag hentaði langflestum nemendum í vetur. Loturnar voru mislangar og voru þær frá tveimur vikum upp í 7 vikur. Allar loturnar enduðu með námsmati eins og könnun, samvinnukönnun, samvinnuverkefnum, fyrirlestrum og öðrum fjölbreyttum verkefnum. Einnig með heimaðæmum, gerð voru veggspjöld með hugtökum, tilraunir eða öðrum skemmtilegum verkefnum.

Áætlun nemenda var byggð upp þannig að nemendur voru með námsmarkmiðin, dæmin sem voru unnin sem og námsmat sýnileg. Einnig var sett inn á áætlunina efni sem var unnið með og allt aukaefni sem nemendur gátu notað til að dýpka skilning sinn og svo kom fram dagsetning á námsmati. Í allan vetur voru reglulega innlagnartímar og vinnustundir. Í heildina gekk vinnan og kennslan í stærðfræði vel í vetur.



Íslenska

Aníta Jónsdóttir kenndi íslensku. Íslenska skiptist í sex lotur byggðar á markmiðum aðalnámskrár: Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, talað mál, hlustun og áhorf. Mest áhersla var lögð á lestur og ritun.

Nemendur lásu fjölbreytta texta. Nýtt námsefni var kennt í lestri og bókmenntum, Sérðu það sem ég sé (8. bekkur), Með fjaðrabliki (9. bekkur) og Mér er í mun (10. bekkur). Nemendur áttu einnig að lesa yndislestrarbækur, mismargar eftir markmiðum bekkja. Lestrarstundir voru fastur liður í stundaskrá einu sinni í viku í 40 mínútur og einnig var 30 mínútna kennslustund í íslensku notuð í yndislestur. Fyrirhugað var að nemendur skiluðu fjölbreyttum verkefnum eftir lestur hverrar bókar en því var ekki fylgt nógu vel eftir. Næsta vetur þarf að halda betur utanum skráningu yndislestrar.

Nemendur skrifuðu tvær ritgerðir, kjörbókarritgerð og heimildaritgerð, auk margskonar ritunarverkefna. Nemendur skiluðu öllum ritunarverkefnum á GoogleDrive og síðar í GoogleClassroom og verkefnin voru metin með matskvörðum. Það er ánægjulegt að segja frá því að nemendur tóku miklum framförum í ritun.

Tekið var upp nýtt námsefni í íslensku þar sem unnið var með málfræði og málnotkun. Kveikjur (8. bekkur), Neistar (9. bekkur) og Logar (10. bekkur). Þetta námsefnið er mjög aðgengilegt, fjölbreytt og unglingamiðað. Einnig var stuðst við gagnvirk efni af vef Námsgagnastofnunar og fannst nemendum það nokkuð gott. Málfræði þarf að þjálfar markvissar, jafnt og þétt yfir veturinn, með margskonar aðferðum, til dæmis í gegnum orð af orði.

Ljóðaverkefni var unnið að vori, nemendur gerðu falleg veggspjöld og kynntu verkefnin sín. Þetta verkefni var mjög vel heppnað og mörg verkefni voru afskaplega vel unnin.

Lokaverkefni 10. bekkjar var málþing sem haldið var á sal skólans. Þar fjölluðu nemendur um framtíð sína eða áhugamál. Kennarar mátu framsögn og framkomu. Þetta verkefni var alveg til fyrirmyndar, það reyndi á nemendur og þeir leystu þetta með prýði. Mikilvægt að þjálfar þetta betur, láta nemendur koma fram á sal og kynna verkefni og fjalla um ákveðin efni frammi fyrir öðrum nemendum og kennurum.

Samvinna er nokkuð sem þarf að þjálfar betur með því til dæmis að draga í hópa eða númera og láta nemendur oftast vinna í blönduðum hópum.

Nemendur sem voru með aðlagð námsefni í íslensku voru aðallega þjálfaðir í lestri og lesskilningi með léttlestrarefni og vinnubókum þeim tengdum þar sem unnið var með lesskilning og ýmiskonar málfræðiatrði. Ritunarverkefni voru aðlöguð með því til dæmis að láta nemendur skrifa færri orð. Öðrum verkefnum tóku allir þátt í, allir á sínum forsendum.

Markmið þau sem skráð voru í Mentor spanna nokkuð vel nám og yfirferð vetrarins. Þegar tekið verður upp K3 hjá Mentor verður hægt að tengja markmið námsáætlunum og nýta þá möguleika sem þar eru til þess að meta nemendur (setja sýnishorn af verkefnum nemenda með námsmati, til dæmis).

Enska

Enskunni var skipt upp í 6 lotur sem voru uppbyggðar út frá viðmiðum og markmiðum aðalnámskrár. Þar var aðaláherslan lögð á ritun, hlustun, lesskilning, frásögn/samskipti, námshæfni og



menningarlæsi. Verkefni vetrarins voru m.a. kynningar (framburður/samskipti), kvikmyndaverkefni (menningarlæsi), lestur sagna á ensku (lesskilningur) og þýðingarverkefni (isl-ens/ens-isl). Verkefnin voru sett saman á þann hátt að vinnan við þau uppfyllti þau markmið sem unnið var út frá í lotunni. Nemendur unnu í námsefninu “Spotlight 8/9/10” eftir því hvaða árgangi þeir tilheyrðu. Nemendur tóku kannanir sem sýndu stöðu þeirra í helstu viðfangsefnum vetrarins.

Þeir nemendur sem þurftu aðlagð námsefni unnu í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og fengu einstaklingsáætlanir aðlagðar að þeirra getu.

Björn Benedikt Benediktsson sá um kennslu. Almennt gekk enskukennslan vel.

Þema

Í upphafi skólaárs var samfélags- og náttúrufræði kennt í aldurskiptum hópum tvisvar í viku. Allir kennarar sáu um skipulagningu á þessum tímum og hver kennari tók ábyrgð á að samþætta kennsluna við sitt fag. Á miðjum vetri var þetta skipulag endurskoðað þar sem ákveðið var að lotuskipta ákveðnu námsefni fyrir alla árganga á unglingastigi og var kennt eftir því skipulagi til vors.

Danska

Í vetur var lögð megináhersla á eflingu orðaforða og lesskilnings meðal nemenda og kennt samkvæmt áætlunum sem birtar voru til að byrja með á vefkerfinu Moodle og svo GoogleClassroom. Notkun Moodle og GoogleClassroom var tekin fyrir sem hluti af þróunarverkefni þar sem tilgangurinn var að efla sjálfstæði í vinnubrögðum með notkun tölva og spjaldtölva við námsefnismiðlun og verkefnaskil. Kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, bókum, rafrókum, hljóðskráum og könnunum var deilt til nemenda og nemendur skiluðu verkefnum í gegnum fyrrgreindar vefgáttir. Þegar á heildina er lítið gekk þetta snurðulaust þegar nemendur voru komnir inn í kerfið og almennt fannst þeim þetta þægileg leið við námið.

Í 8. bekk var stuðst við námsefnið „Smart“ ásamt kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Í 9. bekk var stuðst við námsefnið „Smil“ ásamt kvikmynd og öðru ýtarefni svo sem fréttatengdu efni.

Í 10. bekk var stuðst við námsefnið „Smil“ og „Ekko“ ásamt kvikmyndum og öðru ýtarefni á „rauntexa“, þ.e. ekki einfölduðu máli. Lesið var fréttatengt efni og því gert skil á viðeigandi hátt, kynningar á efni að eigin vali voru fluttar á dönsku. Einnig voru lesnar smásögur og innihaldi þeirra gerð skil í stuttum ritgerðum á dönsku.

Hjá öllum þessum hópum var stundataflan þannig sett upp að kennari hitti hvern nemendahóp tvisvar sinnum, einu sinni í 30 mínútur og öðru sinni í 40 mínútur eða samtals í 70 mínútur á viku. Þess utan áttu nemendur að sinna náminu í vinnustundum. Að mínu mati er þetta alltof stuttur tími með nemendum til þess að ná réttu flæði í námsgreininni, ekki síst vegna þess að danska er tungumál sem nemendur hafa lítið sjálfstraust í og heyra varla né sé nema þeir beri sig sjálfir eftir því. Ég myndi segja að þrisvar sinnum 40 mínútur fyrir utan vinnustundir séu algjört lágmark ef þess á að vera nokkur kostur að uppfylla lágmarksskilyrði Aðalnámsskrár Grunnskóla og gera nemendum kleift að hefja vandræðalítið nám á öðru stigi í framhaldsskóla með því sjálfstrausti sem til þarf.



Einnig má benda á þá staðreynd að skólar á háskólastigi erlendis eru sumir hverjir farnir að gera meiri kröfur til tungumálakunnáttu Íslendinga, bæði í ensku og Norðurlandamálum.

10. bekkur var metinn með bókstöfum skv. tilskipan MMR. Niðurstaða þeirra sem fengu námsmat var eftirfarandi: A fékk enginn, B+ fengu 7%, B fengu 25%, C+ fengu 36%, C fengu 25%, D fengu 7% og enginn fékk undanþágu.

Þetta getur varla talist viðunandi útkoma en stefnt verður á betri útkomu skólaárið 2017 – 2018.

Jákvæður agi - Bekkjarfundir

Á unglingastigi byrja 2 morgnar í viku á 20 mínútna bekkjarfundum. Ljóst er að vinna þarf mun markvissara með Jákvæðan aga á þessu aldurstigi og kennarar þurfa að vera samstíga í þeirri vinnu.

Vettvangsferðir

Í smiðjum og þema fóru nemendur yfir veturinn í vettvangsferðir. Nærleggjandi umhverfi skólans var í flestum tilvikum nýtt í kennslu.

Aðrir viðburðir og fræðsla

8. bekkur

Vímuvagnarfræðsla frá starfsfólki Tróju, kynfræðsla Sigga Dögg, SAFT, VÍS

9. bekkur

Grófin, Aflið, Forvarnardagurinn - hamingjuhornið og jafnrétti, Hinsegin fræðsla, Geðrækt, Forvarnardagur forsetans – m.a. hinsegin fræðsla þar inni, stúlkur fóru í HA í verkefnið Stelpur og tækni og þar að auki fór 9. bekkur í heimsókn í VMA. Einnig var farið á s.k. starfamesu í Íþróttahöllinni.

10. bekkur

Fjarmálavit, Eining Iðja, Þorgrímur Þráinsson (markmiðasetning), Vímuvagnarfræðsla frá starfsfólki Tróju, skólaheimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga, heimsókn í VMA og MA.

Ný aðalnámskrá

Unnið var með markmið aðalnámskrár í námsáætlunum og merkt við þau í Mentor eftir því sem námsmati vatt fram yfir veturinn.



Námsmat

Námsmat hefur verið fjölbreytt í vetur og hefur það einkennst af skriflegum könnunum, krossakönnunum á netinu, samvinnuverkefnum, einstaklingsverkefnum, sjálfsmati, jafningjamati, munnlegum verkefnum, símati. Nemendur hafa nýtt sér að skila verkefnum rafrænt í gegnum Google Classroom.

Námsmöppur

Tekin var sú ákvörðun um breytingu í vetur að unglingdeild myndi breyta matsmöppuforminu og hafa hana rafræna. Þeirri ákvörðun þarf að fylgja markvissara eftir og tryggja það að foreldrar fái vitneskju um hvenær og hvar þeir eiga að nálgast verkefni barna sinna.

Sýnismappa á skólaslitum

Í vor söfnuðu nemendur tveimur verkefnum í hverju fagi sem þeir voru stoltir af og settu í matsmöppu og svo var sú matsmappa til sýnis á skólaslitum.

Samráðs- og matsdagar

Fundað var í þrjú skipti með kennurum úr öðrum skólum. Einnig var fundur með stjórnendum VMA til þess að ræða námsmat.

Foreldrasamstarf

Tveir viðtalsdagar voru settir fyrir skólaárið. Foreldrar og nemendur komu tvisvar sinnum í viðtöl, í fyrra skiptið í 15 mínútur í október og seinna skiptið í 30 mínútur í janúar. Í þessum viðtölum var rætt um námið, líðan og allt það sem kom að nemendum. Kennarar og foreldrar ákváðu svo tíma fyrir aukaviðtöl ef þess reyndist þörf.

Vikulega var sendur póstur til foreldra sem innihélt fréttir af helstu viðburðum í skólanum og hvað nemendur voru að fást við hverju sinni og auk þess var stofnaður Facebookhópur fyrir þá sem tengdust unglingadeildinni. Umsjónarkennar héldu utan um sinn nemendahóp og höfðu samband við foreldra um námið, hegðun og líðan ef þörf var á.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Að hausti byrjuðu nemendur 10. bekkjar að undirbúa fjáröflun fyrir skólaferðalag í samráði við kennarana Anítu og Björn, Agnesi stuðningsfulltrúa sem og foreldra.

Eftirfarandi er skipulag ferðalagsins:



Þriðjudagurinn 23. maí

8:10 Lagt af stað frá Naustaskóla með rútu og ekið suður

15:00 Adrenalíngarðurinn

20:00 Hamborgarafabrikkan

22:00- Smárabíó

Miðvikudagurinn 24. maí

8:00 Morgunmatur

9:30 Go-Kart

11:30 KFC og Smáralind

13:00 Sund

16:00 Óvissuferð

18:30 Kokteilboð á Hótel Cabin

19:30 Kvöldverður á Ruby Tuesday

20:00 Kósý

Fimmtudagur 25. maí

8:00 Morgunmatur

10:00 Reykjavík Escape

11:30 Kringlan

13:00 Lagt af stað norður

19:00 Flatbökur á Bakkaflöt

20:00 Paint Ball

Föstudagur 26. maí

8:00 Vakna

9:30 Rafting

12:00 Súpa og brauð

14:00 Loftboltar



15:00 Lagt af stað til Akureyrar

Athugasemdir fyrir næsta ár: Ferðaáætlun stóðst mjög vel og ekkert mikið sem fararstjórar myndu breyta. Það sem gott væri þó að hafa í huga er að þrátt fyrir að hafa fengið hinar ýmsu staðfestingar á viðburðum, í formi bæði tölvupósta og munnlegra staðfestinga í gegnum síma, þá er það ekki alltaf nóg. Nauðsynlegt er að muna að hringja í vikunni áður á alla staði sem ætlunin er að heimsækja til að minna á hópinn og vera viss um að allt standist örugglega.

Fjáröflun: Nemendur söfnuðu tæpum 2 milljónum fyrir ferðalaginu (sjá uppgjör í möppu teymis). Eitt foreldri hélt alveg utanum reikninginn og skilaði ítarlegu uppgjóri. Fjáröflun var fjölbreytt, til dæmis böll, gulrótasala, sala á peysum, bolum, húfum, sundpokum, símaskrá, kökulottó. Funda þarf strax að hausti til þess að skipuleggja fjáröflun og mikilvægt er að gera foreldra ábyrga fyrir fjáröfluninni - skipulagi og framkvæmd.

Nemendur

Eineltismál og agamál

Alla jafna má segja að það ríki nokkuð góður andi meðal nemenda og starfsfólks í unglingadeild. Það má oft sjá góðan vinnufrið og öfluga samvinnu. Þó þarf að þjálfar nemendur enn frekar í að vinna saman, með hverjum sem er og nýta styrkleika hvers annars í hópavinnu. Þetta hefur verið rætt og hvernig best er að þjálfar þetta, til dæmis með því að númera/draga í hópa. Einnig má setja spurningamerki við að hentugt sé að skipta námshópunum í stelpu- og strákahópa allan veturinn.

Unnið var með strákahópinn í 9. bekk sem er frekar ósamstíga og skiptist upp í nokkra litla hópa. Vilborg Hjörný stýrði hópeflishóp hjá þeim fram að áramótum. Stjórnendur hittu foreldra á fundi til að efla hópinn enn frekar. Fylgja þarf þessu máli mjög vel eftir og vinna áfram að betri samskiptum sérstaklega hjá stórum strákahóp í árganginum sem er hegðun og framkomu gagnvart öðrum.

Námsárangur

Námsárangur nemenda er alla jafna nokkuð góður, flestir nemendur ná þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni í hverju fagi eða eru á góðri leið með að ná þeim. Það þarf að huga vel að þeim nemendum sem ekki ná markmiðum sínum og finna leiðir fyrir þá til að ná betri árangri og tryggja að þeir séu að vinna með námsefni og námsmarkmið við hæfi. Nemendur 10. bekkjar útskrifuðust með nokkuð góðum árangri nú í vor og var það mat kennara að nýtt námsmat endurspegli vel stöðu nemenda.

Ástundun

Ástundun nemenda er skráð inn á *Mentor*. Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs. Óheimil fjarvist og óstundvísi gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um ástundunareinkunn við lok skólaárs. Stig eru gefin sem hér segir. Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 4 punkta. Að mæta of seint gefur 1 punkt. Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina.



Mat og tillögur til úrbóta

Skólinn þarf að vera með enn skýrari skilaboð, viðmið og/eða reglur um ástundun. Ástundunareinkunn þarf að hafa bein áhrif á námsmat nemenda til að veita nemendum meira aðhald og hvatningu að mæta í skólann og koma á réttum tíma o.frv. Ákveðin viðmið þarf að setja hvenær er kominn tími á að boða foreldra í viðtal. Foreldrar þurfa að bera ábyrgð á mætingu barna sinna og efla stundvísi þeirra. Hugsanlega væri sniðugt að hafa smá gulrót fyrir þá nemendur sem ná 10 í ástundunareinkunn, t.d. Pizzaveisla í lok skólaárs.

Samstarf í teyminu

Samstarfið gekk vel í vetur þrátt fyrir töluverðar mannabreytingar í kennarahópnum. Atli Sveinn og Magnús sögðu starfi sínu lausu á skólaárinu og komu þær Íris Berglind C. Jónasdóttir og Dögg Stefánsdóttir inn fyrir þá. Aníta og Árni munu yfirgefa teymið í lok skólaárs og halda á önnur mið.

Þó svo að þessar breytingar hafi gengið vel og hafði þetta nokkur áhrif á daglegt nám og starf nemenda ásamt starfinu í teyminu.

Hver og einn kennari hafði yfirumsjón með hverri námsgrein. Í svokölluðu þema unnu kennarar saman að kennslu og stundum þvert á námsgreinar. Ákveðið hefur verið að athuga aukið samstarf á milli kennara fyrir næsta ár.

Mat á skólastarfinu í heild – umbótatillögur

- Fleiri stýrðar kennslustundir.
- Meira skipulag í vinnustundum. Nemendur og kennarar séu með á hreinu hvar þeir eiga að vera.
- Foreldrafundur með 10. bekk að hausti varðandi fjáröflun fyrir skólaferðalag og vinna við kaffihlaðborð á árhátíð.
- Funda þarf með foreldrum 9.bekkar vegna veitinga á útskrift 10.bekkar.
- Námsráðgjöf fyrir 9. bekk vegna framhaldsskólans - 3ja ára nám og námsmat.
- Skipulag og undirbúningur útskriftar þarf að vera á hreinu allt árið - árbók, ræða, ferðasaga og myndir og tónlistaratriði.
- Aukið samstarf milli teyma.
- Skipulagðir teymisfundir án stjórnenda og með stjórnenda.





Skýrsla verkgreinateymis

Emilía Guðjónsdóttir - Heimilisfræði
Guðrún Huld Gunnarsdóttir - Dans
Halla Jóhannesdóttir - Myndmennt
Helgi Valur Harðarson - Hönnun/Smíðar
Valdís Rut Jósavinsdóttir – Textílmennt



Námsumhverfi/skipulag

Í 1. bekk var boðið upp á myndmennt/tónmennt og dans. Árganginum var skipt í 4 hópa og fékk hver hópur 30 mínútur í senn í hálfan vetur.

2. og 3. bekk var boðið upp á myndmennt, heimilisfræði, smíðar og textílmennt. Hópnum var skipt í fjóra stúlknaþópa og fjóra drengjaþópa. Hver hópur mætti tvisvar í viku og var 60 mínútur í senn í u.þ.b. 14-16 skipti í hverri smíðju. Hópastærð um 10 nemendur.

4. og 5. bekk var boðið upp á myndmennt, heimilisfræði, smíðar og textílmennt. Var þeim skipt í 4 drengjaþópa og 4 stúlknaþópa. Hver hópur mætti tvisvar í viku í hverja smíðju 80 mínútur í senn í 14-16 skipti. Hópastærðir voru frá 8-13 nemendur.

6. og 7. bekk var boðið upp á fimm smíðjur; myndmennt, dans, heimilisfræði, smíðar og textílmennt. Hver hópur mætti tvisvar í viku, 100 mínútur í senn í ca. 14-16 skipti. Ekki var unnt að kynjaskipta.

Námsgreinar/kennsluhættir/námsaðlögun

Myndmennt

Ákveðið var í ljósi þess að tónmennt var ekki í boði þetta skólaár að bjóða **1. bekk** upp á blöndu af tónmennt og myndmennt. Þessir tímar voru mjög stuttir eða 30 mínútur í eina önn fyrir hvern hóp og ekki er hægt að ætlast til mikils vinnuframlags á þeim tíma en ýmislegt var brallað. Þessi árgangur var mjög þægilegur og allt gekk vel.

2. - 3. bekkur

Námsmarkmið vetrarins voru að þekkja frumliti, sexlitahringinn, grunnformin, áferðir, myndbyggingu og nálægð og fjarlægð. Lögð var áhersla á skissuvinnu og að nemendur öðluðust færni í að ræða myndir hvers annars. Lögð var áhersla á að tengja verkefni við þemu sbr. trúarbragðapema og sjávarpema. Hóparnir voru mjög meðfærilegir þennan veturinn enda fjöldinn mjög hæfilegur eða mest 11 nemendur. Einnig var áhersla lögð á almenna sköpun, fjölbreytt vinnubrögð, hópavinnu og tækni. Kennari var með ákveðin markmið í fyrirrúmi sem þurfti að aðlagða að hverjum og einum. Mikil áhersla var lögð á einstaklingupplifum og að efla frumkvæði.



4. - 5. bekkur

Í heildina litið gekk þetta vel. Hóparnir voru mjög misjafnir innbyrðis. Hópunum var kynjaskipt og voru strákahóparnir stundum meira krefjandi enda fleiri í þeim í hópum. Kennari þurfti að aðlagja verkefnin eðlilega eftir innihaldi hópanna og gekk það yfirleitt vel. Markmiðin sem lögð voru til grundvallar voru litahringurinn, frumlitir og andstæðir litir, að teikna eftir fyrirmyndum, þekkja forgrunn, miðrými og bakgrunn. Fjölbreytt vinnubrögð og allskonar efniviður og hópavinna. Nýta skissuvinnu sem eðlilegan hluta af vinnuferli, og að geta þekkt a.m.k. eina stefnu listasögunnar, að sýna ábyrgð og nærgætni í skólastofunni. Kennari tók sig til að útbúa sjálfstýrandi verkefni til að auka sjálfstæði nemenda og gafst það vel. Það getur komið sér vel þegar nemendur vinna verkefnin sína á misjöfnum hraða að hafa nokkur verkefni á hliðarlínunni sem þau geta nálgast og unnið sjálfstætt á sínum hraða.

Verkefnin í smiðjunni voru stundum tengd þemum hverju sinni.

6. - 7. bekkur

Að þessu sinni kom til samvinnu við smíðar. Nemendur smíðuðu sér náttborð og var borðplatan útfærð í myndmennt. Þetta er mjög skemmtleg nýbreytni og myndi ég vilja meira af þessu. Hlutföll mannsandlits í anda Andy Warhol. Nemendur kynntust fjarvidd, hugtakinu uppstillingu og spreyttu sig á að teikna eftir fyrirmyndum úr umhverfinu. Útbúin voru nokkur sjálfstýrandi verkefni fyrir nemendur sem þau gátu leitað í og unnið. Reynt var að tengja sum verkefnin við þemu en það tókst best við Benjamín dúfu og aðeins í Norðurlandáþemanu.

Heimilisfræði

Í upphafi hverra smiðju hjá öllum hópum var byrjað á að fara yfir markmiðin og þau rædd fram og til baka og límd inn í hugmyndabækurnar. Einnig fengu nemendur smá fræðslu um hvernig á að ganga um stofuna og hvar hlutina var að finna. Mikið af upplýsingum sem nemendur fá í fyrsta tíma enda ekki ætlast til þess að þau muni þetta allt saman á núll einni og því byrjuðu fyrstu tímarnir á upprifjun. Nemendur fengu að velja sjálfir með hverjum þeir vildu vinna og völdu sér einnig vinnustöð fyrir hópinn, gekk ótrúlega vel fyrir sig.

Nemendur áttu að fara eftir þrem reglum sem kennarinn setti fram í fyrsta tíma og voru þeir minntir reglulega á reglurnar þrjár. Reglurnar þrjár voru; hlusta á fyrirmæli kennarans til enda, fylgja vel eftir skriflegum fyrirmælum og nýta tímann vel. Þessar þrjár reglur voru settar til þess að fá nemendur til að æxla meiri ábyrgð, því ef þeir fylgdu ekki reglunum þremur þá varð ekkert úr því sem þeir voru að gera, t.d ef tíminn fór í sprell og spjall var deigið ennþá hrátt í skálinni þegar tíminn væri búinn og ekkert til að borða eða ef þeir fylgdu ekki fyrirmælum bæði munnlegum og skriflegum gæti vantað eitthvað hráefni í deigið eða of mikið af einhverju. Flestir fóru eftir reglunum og nemendur voru duglegir að minna hvorn annan á þær. Einnig var útbúið verk-lagsblað um frágang þar sem nemendur áttu að haka við þegar þeir voru búnir, kennari og nemendur tóku svo út vinnusvæðið. Nemendur vönduðu sig betur við frágang þegar þeir vissu að hóparnir ættu að meta hvort annað. Misjafn var hversu oft nemendur gátu unnið í hugmyndabókum að þessu sinni, vegna tímaskorts.

2. - 3. bekkur

Veturinn 2016 – 2017 voru nemendur í 2. og 3. bekk í fyrsta skiptið í heimilisfræði smiðjum. Námsmarkmið fyrir 2. og 3. bekk voru flokkuð í fimm þætti út frá hæfniviðmiðunum í aðalnámskrá, lífshættir, vinnubrögð, umhverfi, menning og menningarlæsi.



Lögð var áhersla á mikilvægi handþvottar, hvernig og af hverju það er mikilvægt að sýna hjálpsemi og tillitsemi ásamt því hvernig við vinnum saman sem einn hópur. Einnig var lögð áhersla á að, nemendur myndu þjálfast í að ganga frá eftir sig, almennum borðsiðum, hvaðan matvælin koma sem við notum, hvernig á að flokka umbúðir sem fylgja matvælum. Og síðan en ekki síst að nemendur þjálfuðust í að nota einföld eldhúsháhold ásamt því að geta mælt í heilum og hálfum með deselítramáli, matskeið og teskeið.

Þegar fór að nálgast endalok í smiðjunum voru nemendur farnir að vilja breyta um hópá, prófa að vinna með öðrum sem var frábært og það gekk mjög vel. Báðir hóparnir voru mjög krefjandi frá fyrsta til síðasta tíma. Sjálfsöryggið þeirra óx aðeins undir lokin en virtust ekki þora að sleppa takinu á kennaranum með að taka eigin ákvaðarnir og treysta á sjálfa sig t.d. varðandi hvaða mælieiningar þau ættu að nota. Því var mikið áreiti á kennarann, tosað í fatnað og nafn hans kallað mikið ;)

4. – 5. bekkur

Nemendur í fjórða bekk voru í fyrsta skiptið í heimilisfræði.

Námsmarkmið fyrir 4. og 5. bekk voru einnig flokkuð í fimm þætti út frá hæfniviðmiðunum í aðalnámskrá, lífshættir, vinnubrögð, umhverfi, menning og menningarlæsi.

Lögð var áhersla á, mikilvægi þess að venja sig á góðar lífsvenjur eins og að borða og hreyfa sig reglulega, hver munurinn er á góðum og slæmum örverum, að læra að lesa utan á matvæli og þjálfá ennfrekar flokkun umbúða í viðeigandi flokkunardalla. Einnig var lögð mikil áhersla á að geta tekið ábyrgð á eigin frágangi og gjörðum, að geta unnið í sátt og samlyndi með öðrum, að geta farið eftir bæði munnlegum og skriflegum fyrirmælum ásamt því að nemendur þjálfuðust betur í að nota mæli- og rafmagnstæki.

Kennarinn stokkað stundum upp hópunum til að fá nemendur til að vinna með öðrum en bara vinum sínum. Hóparnir voru mis krefjandi og þá sérstaklega strákahóparnir. Það tók stundum allt að 20 mínútur fyrir strákana að koma sér að verki sem leiddi til þess að kennarinn þurfti að minna þá stöðugt á að nýta tímann vel og hann þurfti líka í nokkur skipti að klára fyrir þá, t.d. að taka út úr ofninum, bíða þar til þetta kólnaði og setja í poka. Annað hvort komu nemendur að sækja pokana sína eða að kennarinn fór með pokana og setti þá í töskurnar þeirra.

6. – 7. bekkur

Námsmarkmið fyrir 6. og 7. bekk voru líka flokkuð í fimm þætti út frá hæfniviðmiðunum í aðalnámskrá og voru eftirfarandi:

Lífshættir

- Ø gera sér grein fyrir því hvers vegna
persónulegt hreinlæti er mikilvægt
- Ø átta sig á hvað eru góðar lífsvenjur hvað varðar næringu,
hreyfingu, hvíld og svefn
- Ø gera sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna

Vinnubrögð

- Ø þjálfast í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum og geta
stækkað og minnkað þær
- Ø geta notað algeng matreiðsluáhöld og helstu mælieiningar

Umhverfi

Ø læra að kanna hvaða næringarefni eru í þeim

matvælum sem notuð eru

Ø kynnast orkueiningum fæðunnar

Menningarlæsi

Ø geta lagt gagnrýnið mat á eigin frágang í eldhúsi

Ø geta unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra

Smíðjuhóparnir í 6. og 7. bekk voru mis krefjandi og það hefði þurft stuðning inn í kennslu með síðasta hópinn en þetta hafðist að lokum. Nemendur voru flestir mjög áhugasamir og sýndu að þeir geta æxlað ábyrgð og unnið sjálfstætt.

Hönnun og smíði

2. - 3. bekkur

Námsmarkmið vetrarins voru að æfa notkun grunnverkfæra; sög, hamar, tálguhnífur og sandpappír. Nemendur unnu að 2-3 skylduverkefnum, þá var lögð áhersla á að allir prófuðu að tálga með tálguhníf. Ef vel gekk með verkefni var einn tími notaður til að fara í Naustaborgir þar sem kveiktur var eldur og tálgað, það var þó hjá minnihluta hópanna. Aukaverkefni í tímum voru að prufa ýmis verkfæri svo sem borvél, sög, þjöl og rasp.

4.- 5. bekkur

Lagt var upp með 4-5 skylduverkefni í hverjum hóp, nemendur fengu að ráða útfærslu á sínum smíðahlutum sem gerði þá persónulegri fyrir vikið. Áhersla var lögð á að hver nemandi teiknaði sitt verkefni í hugmyndabók áður en smíðin hófst og skipulegði þannig lauslega vinnu sína. Ef skylduverkefni kláruðust hjá nemendum var þeim leyfilegt að gera frjáls verkefni. Margir studdust við aukaverkefnahefti sem kennari hafði útbúið og gerðu sína útfærslu af þeim verkefnum. Í heftinu voru sérvalin létt verkefni sem kröfðust ekki mikillar íhlutunar kennara. Það reyndist stundum erfitt að aðstoða alla þegar margir voru byrjaðir á frjálsum verkefnum, gæta þarf þess að verkefnin séu ekki of flókin eða erfið þannig að þau krefjist mikillar aðstoðar kennara. Örfyrirlestrar voru fáir, morðgátur voru stundum notaðar sem kveikjur.

6.- 7. bekkur

Lagt var upp með 2 skylduverkefni, náttborð og lampa, nemendur fengu að ráða útfærslu á sínum smíðishlutum sem gerði þá persónulegri fyrir vikið. Helstu atriði til þjálfunar eru eftirfarandi; notkun rennibekkjara, sögun með handsög, borun með batteríisborvél og súluborvél, lökkun með spreylakki, samsetning með dílum. Áhersla var lögð á að hver nemandi teiknaði sitt verkefni í hugmyndabók áður en smíðin hófst og skipulegði þannig lauslega vinnu sína. Náttborðið var samþættingarverkefni með myndmennt, borðið smíðað í hönnun og smíði en borðplatan máluð og skreytt í myndmennt. Ef skylduverkefni kláruðust hjá nemendum var þeim leyfilegt að gera frjáls verkefni.



Textílmennnt

Strax síðasta haust fékk textílkennari með góðfúslegu leyfi annarra kennara skólans að sanka að sér skúffuskápum þannig að hver og einn nemandi fékk sína skúffu fyrir verkefni sín og var það algjör bylting hvað varðaði utanumhald um verkefni nemenda og færri hlutir týndust eða rugluðust saman. Hugmyndabækur eru komnar í góðan farveg og verða betri með hverju árinu sem líður og nemendum verður alltaf tamara og tamara að nota þær sem part af vinnuferlinu sínu.

Kennari slakaði aðeins á í skipulagi hvað varaðar frágang á áhöldum í stofunni sem var ekki sniðug hugmynd því uppskeran var að áhöld hafa ekki öll ratað til síns heima og er eitt og annað týnt eftir veturinn sem er ekki gott.

2. - 3. bekkur

Smiðjan byrjaði á samþættingarverkefni í smíðum og textílmennnt. Nemendur byrjuðu á því að teikna upp og hann sitt eigið tré í hugmyndabókina sína. Nemendur skáru síðan tréð sitt út í MDF efni í smíðastofunni, límdu það saman og máluðu. Í textílstofunni þæfðu þeir síðan flöt stykki á tréð. Á flötu stykkinn festu þeir síðan tölur og að lokum voru stykkinn fest á tréð og úr varð einstaklega fallegt samþættingarverkefni.

Fuglinn fljúgandi var verkefni sem nemendur bjuggu til úr fjórum þæfðum kúlum. Nemendur þæfðu tvær jafn stórar kúlur fyrir fætur, eina stóra kúlu fyrir bók og eina miðlungskúlu fyrir höfuð. Málaðar voru síðan fjórar trékúlur, til skreytirnar og þæfður lítill goggur á fuglinn. Fuglinn var síðan settur saman með bandi til að hengja í lofti eða í glugga.

Vefaðir voru kóngulóarvefir sem nemendum þótti sérstaklega gaman að búa til. Langar spítur voru settar saman í stjörnu og vefað utanum spíturnar, hring eftir hring.

Grunnur í hekli var síðan kenndur og hekluð snúra sem síðan vafinn utanum krukku og úr varð kertastjaki.

4. - 5. bekkur

Verkefni nemenda var að búa sér til pennaveski. Nemendur hönnuðu sitt eigið munstur til að sauma út í java eða fundu á netinu munstur sem þeir teiknuðu síðan upp sjálfir og saumuðu út með krosssaumi. Nemendur lærðu einnig nokkrar gerðir af útsaumi sem þeir saumuðu einnig út í javann og skreyttu þannig javann sinn á fallegan hátt með misunandi litum af garni. Nemendur settu síðan rennilás og fóður í veskið og saumuðu það saman.

6. - 7. bekkur

Nemendur í 6. bekk hönnuðu og bjuggu til púða. Skissu og hugmyndavinna fór fram í hugmyndabókum nemenda, nemendur nýttu sér netið og aðrar bjargar við vinnuna. Bútasaurur, þrykk og ýmsar aðferðir voru nýttar við vinnuna og sérstaklega gaman að sjá þann mikla fjölbreytileika og hugmyndaflug sem nemendur búa yfir og kom sér til skila í fallegum verkefnum. Þegar nemendur voru búnir með púðana síðan voru nokkur verkefni sem þeir gátu valið sér sem aukaverkefni eins og svefngríma, hakýsakk bolti, slaufa eða burðarpoki.

Nemendur í 7. bekk hönnuðu svuntu og saumuðu. Nemendur fengu snið og lærðu að sníða eftir því. Sauma saman tvö efni, strauja, þræða saumavélina, stinga örðu efni ofaná hitt og falda efni. Þetta verkefni er mjög stórt og viðamiklegt og náðu nemendur yfirleitt rétt að klára það fyrir smiðjulok og náðu ekki að vinna nein aukaverkefni.



Valhópar

Myndmennt

Tveir hópar voru í vali í myndmennt, 13 nemendur mánudaga og 9 þriðjudaga. Þó afrakstur hafi ekki verið mikill leið nemendum vel og unnu þeir að sínum hugðarefnum. Suma nemendur þurfti að setja fyrir verkefni en aðrir höfðu frumkvæði og voru með höfuðið fullt af hugmyndum. Draumur kennarans er að vera starfsmaður á plani og leiðbeina og styrkja þeirra eigin hugmyndir og hjálpa nemendum að vinna úr sínum hugmyndum og koma þeim til lífs. Mjög misjafnt hvað nemendur eru óhræddir. Það þarf að hjálpa þeim að stíga skrefið og kýla á það.

Heimilisfræði

Í vetur var boðið upp á tvennskónar val í heimilisfræði. Hóparnir voru kallaði heimilisfræði og bakstur. Heimilisfræði valið var kennt á mánudögum og baksturs valið kennt á þriðjudögum og miðvikudögum.

Heimilisfræði- Kennt fyrir og eftir áramót og voru 13 nemendur í hópnum. Lögð var áhersla á að kenna nemendum að matreiða mat í hollari kantinum á móti bakstri. Nemendur komu með uppástungur af því hvað þeir vildu matreiða og baka yfir veturinn og kennarinn bætti svo við ef þess þyrfti. Eldamennskan og baksturinn var mis krefjandi. Nemendur elduðu og bökuðu til skiptis. Lögð var áhersla á að kenna sjálfstæð vinnubrögð, að vanda frágang og samvinnu. Kennslustundirnar voru 1 klst. og 40 mín. einu sinni í viku.

Bakstur- Kennt fyrir og eftir áramót og voru 14 nemendur í þriðjudagshópnum og 10 nemendur í miðvikudagshópnum. Í þessu vali vorum nemendur að spreyta sig áfram í bakstri og voru uppskriftirnar mis krefjandi allt frá því að búa til döðlugott fyrir í Djöflatertu. Lögð var áhersla á að kenna sjálfstæð vinnubrögð, að vanda frágang og samvinnu. Kennslustundirnar voru 1 klst. og 40 mín. einu sinni í viku.

Smíðar

Tveir hópar voru í vali á vegum smíðakennara fyrir áramót og einn hópur eftir áramót. Í öllum áföngum var lagt upp með að útbúa leiðbeiningar jafnóðum á drive sem nýst gætu nemendum að loknum smíðjum.

- *Hönnun og smíði (4 nemendur)*

Viðfangsefnið var stólasmiði, unnið var með reynivið úr garði á Akureyri, viðurinn var höggvinn í strendinga, nemendur hefluðu þá til með handheflum og lökkuðu. Þá var steipt járnstyrkt seta með ísteiptum tréfótum.

- *Rafmögnuð smíði (7 nemendur)*

Nemendur unnu æfingaverkefni í tengingum rafmagns, lóðun og öðru tengdu. Aðalverkefni snéri að hönnun lampa með led perum og batterí sem orkugjafa. Nemendur smíðuðu lampa úr við, þá þurfti að gera ráð fyrir perum og batterí, rafmagnsrásam og tilheyrandi.

- *Skartgripagerð (6 nemendur)*

Nemendur unnu með fjölbreytt úrval smíðisefna. Gerður var hringur úr silfri, hálsmen eða eyrnalokkur úr kopar eða messing, einnig gerðu nemendur skálar úr gylltu loki af niðursuðudós. Smíðisaðferðir voru fjölbreyttar; handsögun með skartgripasög, slípun og pólering, lóðun með gasloga og slaglóði, hitun plasts til formunar og margt fleira.



Fatasaumur

Fatasaumur var kenndur fyrir og eftir áramót. Nemendur eru staddir á mjög misjöfnum stað og þarf því að einstaklingsmiða námið fyrir hvern og einn nemanda og þess vegna er ekkert skyldustykki í fatasaum. Kennari þekkir nemendur vel og reynir því að leiða þá áfram og lætur þá kljást við erfiðari og erfiðari verkefni hverju sinni. Textílkennara finnst mikilvægt að halda úti smiðju þó svo að það séu ekki margir sem velja hverja smiðju þar sem mikilvægt er að bjóða nemendum upp á þeirra áhugasvið í innanskólavali.

Þrykk

Er mjög vinsæll áfangi hjá nemendum skólans og hefur þróast og vaxið. Nemendur takast á við og læra mismunandi aðferðir í þrykki og bylting varð á þegar fjórir skólar á Akureyri tóku sig saman í vetur og keyptu thermovél. Textílkennari Naustaskóla stóð fyrir þessum kaupum er mjög þakklátur stjórnendum fyrir að gefa leyfi á þessi kaup þar sem vélin lyftir þrykkinu upp á nýtt level. Nemendur læra ekki einungis að þrykkja á efni heldur þrykkjum við líka á tré, gler, leir og alla þá hluti sem okkur dettur í hug. Nemendur læra nokkrar mismunandi aðferðir í þrykki sem þeir geta síðan nýtt sér áfram í svo ótrúlega mörgu í lífinu.

Smiðjur unglingastigi

Í upphafi skólaárs var farið af stað með fyrirfram ákveðnar smiðjur í 7 vikur á unglingastigi. Nemendum var skipt í sjö hópa og fór hver hópur einu sinni í hverja smiðju. Boðið var upp á málun á striga og krukur, plasttappaverkefni, origamigugla, ljósmyndamaraþon, smíði á trébekkjum, lýðheilsu og svo bakstur. Haldin var uppskeruhátíð eftir þessar smiðjur þar sem bakkelsið var etið og glaðst yfir afrakstrinum. Eftir áramót var lagt fyrir verkefni sem byggðist á því að nemendur áttu að velja sér starf, kynna sér það, þá menntun sem þyrfti í starfið. Þau fóru í vinnustaðaheimsóknir og tóku viðtöl. Þetta verkefni tók alla vorönnina. Í lokin buðu nemendur foreldrum á kynningu á verkefnum sínum. Þau útbjuggu bæklinga, plakát og fleira til að kynna sín fyrirtæki. Nokkur fyrirtæki styrktu skólann með veitingum og ber þar helst að nefna Matur og Mörk. Emilía bakaði nokkrar súkkulaðikökur. Þökk sé henni.

Námsmat

Myndmennt

Nemendur unnu eftir ákveðnum fyrirframgefnum markmiðum. Hakað var við í markmið í Mentor auk þess sem umsagnir voru skráðar í hugmyndabækur en þar unnu nemendur einnig sjálfsmat. Reynt var að setja myndmenntaverkefni í námsmatmöppur í hvert sinn er þær fóru heim. Umsagnir voru einnig skráðar inn í dagbækur krakkanna inn á Mentor. Myndmenntakennari hefur endurskoðað markmiðin, einfaldað og bætt við. Það á eftir að setja þau inn á K3.



Heimilisfræði

Nemendur unnu eftir fyrirfram ákveðnum markmiðum og ákveðið var í byrjun haustsins að hakað ekki við markmiðin inn í Mentor vegna endurskoðunar á þeim. Hver nemandi í 2. - 7. bekk fékk umsögn skráða inn í dagbók á Mentor og einnig fengu þeir umsögnina límda inn í hugmyndabækurnar ásamt sjálfsmati sem nemendur í 2. - 7. bekkur gerðu. Nemendur í 8. - 9. bekk fengu skráð lokið eða ólokið inn í Mentor. Þeir nemendur sem fengu ólokið fyrir valið fengu athugasemd skráða inn í Mentor.

Smíði

Nemendur unnu eftir ákveðnum fyrirframgefnum markmiðum. Þar sem vinna við endurskoðun markmiða var í gangi var ekki hakað við þau í Mentor. Umsagnir voru skráðar í hugmyndabækur en þar unnu nemendur einnig sjálfsmat. Umsagnir voru einnig skráðar inn í dagbækur krakkanna inn á Mentor. Smíðakennari hefur endurskoðað markmiðin, einfaldað og bætt við. Það á eftir að setja þau inn á K3.

Textílmennt

Markmið nemenda voru sýnileg nemendum á veggjum textílstofunnar og einnig voru þau sett inn í hugmyndabækur nemenda. Þar sem vinna við að endurskoða markmið var í gangi í vetur var ekki hakað við þau í Mentor þar sem ekki var byrjað að nota K3 í vetur. Umsagnir voru skráðar inn á Mentor í dagbók nemenda, en betra væri að búa til verkefnabók fyrir nemendur og skrá umsagnir þeirra þar inn. Umsagnirnar voru einnig prentaðar út og settar inn í hugmyndabækur nemenda ásamt sjálfsmati þeirra.

Árshátíð Naustaskóla

Árshátíð Naustaskóla voru tveir dagar að þessu sinni. List og verkgreinakennarar voru beðnir um að skipuleggja þessa daga. Fyrri daginn var hefðbundinn sýningardagur, fjórar sýningar voru, kl. 9, kl. 12, kl. 15 og kl. 18. Kaffi og kökur voru seldar á milli og á eftir síðustu sýningunni. Boðið var upp á pylsur í hádeginu. Seinni daginn mættu allir í sínu fínasta þússi. Þá voru 4 stöðvar í boði frá kl. 8.30 – 10 og eftir það snakk og bíodagur og hátíðarmatur á LaGeiri.

Undirbúningur fyrir árshátíð er alltaf strangur. Að mörgu þarf að hyggja og væri gott og gaman ef tækjabúnaður og búninga –og sviðsmyndageymsla væri til staðar svo ekki þyrfti alltaf að finna upp hjólið fyrir hverja árshátíð. **Sjá skýrslu hér á eftir.** Tilvalið væri að setja upp hillur í stólageymslunni og jafnvel milliloft svo hægt væri að geyma leikmuni og búninga frá ári til árs.

Þátttaka og undirbúningur heimilisfræðikennara vegna viðburða í

skólanum

Árshátíð

Heimilisfræðikennarinn ásamt nemendum í unglingavali áttu að búa til 10 plötur af döðlugotti fyrir árshátíðina. Þar sem nemendur þóttu þetta lítið spennandi var mikið skrópað í þessum tímum og ákvað kennarinn að hver hópur gerði döðlugott einu sinni í stað tveggja tíma. Kennarinn tók það á sig að gera restina í undirbúningstímanum sínum. Einnig ákvað kennarinn að setja meira súkkulaði á gottið því sumur hóparnir blönduðu því saman við í stað þess að setja það ofan á. Heimilisfræðikennarinn og annað starfsfólk sá um að gera allt klárt fyrir fyrsta kaffihlaðborðið sem gekk vel. Gólfíð var skúrað á milli hlaðborða og dúkar þvegnir. Heimilisfræðikennarinn skipulagði hvað átti að fara mikið fram af kræsingum á hvert hlaðborð og fékk hann einn skólaliða til að aðstoða sig við að merkja hverja kræsing



fyrir sig með númeri frá einum upp í fjóra, hver kræsing var merkt. Einnig skráði heimilisfræðikennarinn upp á töflu hvað átti að fara mikið af heitumréttum fram á hverja sýningu. Þegar foreldrar nemenda í 10. bekk mættu snérust allir í hringi og vissu ekkert hvað þeir áttu að gera. Heimilisfræðikennarinn tók „völdin“ og sagði frá skipulaginu. Þrátt fyrir GOTT skipulag áttu foreldrarnir erfitt með að fylgja því og voru fyrstu foreldrahóparnir frekar óvirkir. Þeir settu allt of mikið fram af kræsingum sem lítið var til af og fóru þar af leiðandi ekki eftir fyrirmælum og merkingum heimilisfræðikennarans sem þurfti að skreppa frá til að sækja barn og koma því í pössun. Eftir það ákvað hann það væri best að vera á staðnum og ekki fara neitt. Síðasti foreldrahópurinn var töluvert skárri og var mikil aðstoð frá honum.

Útskrift 10. bekkjar

Heimilisfræðikennarinn var beðinn um að útbúa tvær plötur af döðlugotti og fjórar miðlungsstórar marengstertur ásamt döðlugott fyrir starfsfólkið, sem varð í heildina sjö plötur af gotti. Sendur var póstur á foreldra nemenda í 9. bekk og þeir beðnir um að koma með kræsingar á kaffihlaðborðið og áttu allir að skila af sér fyrir kl 13. Það vantaði kræsingar frá 12 foreldrum því var afar lítið af kræsingum sem átti að fæða um 100 manns. Heimilisfræðikennarinn bauðst til að baka þrjár skúffukökur með smjörkremsi og kokkurinn bjó til heitarétti. Ef þessum kræsinugm hefði ekki verið bætt við þá hefðu ekki allir fengið að borða. Það gleymdist að láta foreldra vita að þeir ættu að sjá um kaffihlaðborðið og tók heimilisfræðikennarinn „völdin“ aftur í sínar hendur. Hann sá um að koma öllu á hlaðborðið ásamt einum öðrum starfsmanni, sá starfsmaður sá hvað það var mikið að gera og ákvað að aðstoða, sem betur fer. Frágangur eftir útskriftina var í höndum nokkurra skólaliða og heimilisfræðikennarans, því ekki hafði hann það í sér að fara bara þegar allt var í messí.

Foreldrasamstarf

List og verkgreinakennarar upplifa ekki mikið foreldrasamstarf. Einstaka sinnum þarf að hringja heim eða senda póst. List og verkgreinakennara skrá leiðsagnarmat í dagbækur eftir hverja smíðju og geta foreldrar lesið það inn á Mentor. Sjaldan eða aldrei er leitað til okkar vegna upplýsinga um nemendur fyrir útfyllingar á eyðublöðum vegna greiningaferlis. Höfum stofnað Facebook síðu fyrir list og verkgreinar í Naustaskóla og setjum þar inn myndir til að sýna hvað nemendur eru að bardúsa hjá okkur.

Nemendur

Líðan nemenda almennt góð og má örugglega telja á fingrum annarar handar þau vandamál sem upp hafa komið í list og verkgreinum. Er það alger undantekning.

Samstarf teymis

Samstarf teymis var gott að venju, en teymið stóð sig þó illa í að hittast fyrir utan vinnu og styrkja böndin en frekar, vonandi verður breyting þar á næsta skólaári. Teymisfundir voru þó mun færri en hin fyrri ár og voru ekki eins skipulagðir sem áður. Fundir voru á föstudögum og er það ekki góður dagur fyrir fundi. Hildur Bettý hélt utan um teymið. Margir fundir féllu niður en þar sem teymið er frekar geðgott og samstarfsfúst þá kom það kannski ekki að sök.



Almenn samantekt

Í það heila gekk veturinn mjög vel, en alltaf erfitt að detta inn sem nýr kennari á miðri önn. Bryddað var upp á samþættingarverkefnum í textíl og smíðum annarsvegar og myndmennt og smíðum hinsvegar, gafst það mjög vel og er þetta bara byrjunin. Það helsta sem betur má fara er skipulagning á smíðjum unglingastígs og líka tímasetningin á smíðjunum. Þær hafa verið á þeim tíma dagsins að nemendur eru orðin þreyttir og lítið spenntir. Stofurnar ennþá jafn litlar og erfitt að koma nemendum fyrir með stór og viðamikil verkerkefni. Sniðugt væri t.d. að opna inn úr textílstofunni inn í legóstofuna og þannig stækka rýmið á einfaldan hátt. Opna á milli tónmenntarstofu og myndmenntarstofu og færa heimilisfræðistofuna inn í náttúrufræðistofuna. Mikilvægt er að stjórnendur hlusti á kennarana sína sem vinna á gólfinu allan daginn með nemendum skólans og reyni að verða að þeirra óskum eins og kostur er, því góður og glaður kennari getur gert kraftaverk :)



Skýrsla íþróttateymis



Námsumhverfi/skipulag

Að hausti settum við upp kennsluáætlanir fyrir veturinn í íþróttum og sundi. Þar kom fram áætlun vikunnar, áhersluatriði hvers tíma og hvenær eigi að meta nemendur. Sér skipulag er sett upp fyrir íþróttir og sund.

Íþróttir

Íþróttir voru kenndar í umsjónarhópum upp að unglingastigi og skiptum við íþróttakennarar með okkur umsjónarhópum þannig að hvert okkar var ábyrgt fyrir sínum íþróttahóp.

Nemendafjöldi var á bilinu 30-45 og voru 2 íþróttakennarar með hvern tíma. Þetta var fyrsta árið sem íþróttahús Naustaskóla var notað og var upplifunin mjög góð. Hver hópur upp að unglingastigi fékk tvo 40 mínútuna íþróttatíma á viku. Unglingastigið mætti einu sinni í viku í 80 mínútna tíma og auk þess hálfan vetur í 40 mínútur einu sinni í viku á móti sundtímum. Við nýttum okkur hins vegar útsvæði skólans, Kjarnaskóg, Hamrakotstún og Naustaborgir í september og í maí.

Til að ná sem mestum árangri í íþróttakennslu, þarf hópaskipting í hverri kennslustund að vera vel heppnuð. Leiðir sem voru farnar í hópaskiptingu voru kynjaskipting, getuskipting, félagsleg skipting (vinir saman), öllum blandað saman sem og aldursskipting. Oftast skiptum við þó umsjónarhópum í minni hópa áður en við sameinuðum vinnu okkar ef við ætluðum að nýta allan salinn og vinna saman.

Kennslufyrirkomulag var margs konar. Flestir íþróttatímar hófust með upphitun, svo tók við aðalhluti og tímanum lauk oftast með niðurlagi. Til þess að þessir þrír hlutar heppnist vel og tíminn í heild sinni væri æskilegt að hver tími væri 60 mínútur.

Vetrinum var skipt upp í tímabil eins og við gerðum árið áður en það heppnaðist vel og því ákváðum við að gera það aftur. Tímabili urðu eftirfarandi í ár:

Útivist, hópefli og leikir – bandý og spaðar – blak – bardagaíþróttir og dans – körfubolti – leikir og samvinna – handbolti – fimleikar – boltaíþróttir – frjálsíþróttir – fótbolti – útiþróttir

Kennsluhættir voru fjölbreyttir. Mikið var um sýnikennslu og svo verklega kennslu í gegnum leiki og æfingar. Fræðsla fór fram í gegnum spjall og ræður í upphafi og í lok kennslustunda. Við fengum til okkar heimsóknir og kynningu á starfsemi íþróttafélaga frá dansskóla Alice, KA handbolta, KA blak, Taikwondo, KA fótbolta og Golfklúbbum



Námsaðlögun var ýmis konar. Reynt var að koma til móts við nemendur sem það þurftu með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna val um gönguferðir, styrktaræfingar auk þess að verkefni voru aðlöguð að getu nemenda hverju sinni. Einstaklingstími var undirbúinn fyrir einn nemanda í 5. bekk en er e.t.v. e-ð sem þarf að gera fyrir fleiri nemendur og fá til liðs við okkur aðstoð við þann undirbúning.

Kennsluáætlanir voru einungis sýnilegar kennurum og þeim kennurum og foreldrum sem um það báðu.

Sund

Kennt var í Sundlaug Akureyrar frá hádegi mánudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Kennslan fór fram í árgangahópum hjá öllum kennslustigum. 1.-3. bekkur var í 4 litlum hópum, 4. bekkur í 3 hópum og 5. bekkur í 3 hópum.

Kennslan í 6.-7. bekk fór fram í árgangahópum. Kennslan var einu sinni í viku, 40 mín. í senn. Fyrri helming ársins byrjaði 6. bekkur kl. 13:20 og 7. bekkur kl. 14:00. Á miðju skólaárinu skiptu þau. Kennt var í tveim hópum (bekknum skipt upp) og skipustu hóparnir á laugum viku fyrir viku. Hópaskipting var gerð eftir getu og félagslegum þáttum.

Kennsla í 8.-10. bekk var einu sinni í viku 40 mín. í senn, hálfan veturinn. 8. bekkur kl. 11:20, 9. bekkur kl. 12:00 og 10. bekkur kl. 12:40. Þetta verkefni var til reynslu. 8. bekkur stelpur, 9. bekkur strákar og 10. stelpur voru fyrir áramót og 8. bekkur skrákar, 9. bekkur stelpur og 10. bekkur skrákar voru eftir áramót. Þetta var ákveðið tilraunaverkefni og höfðu þeir sem ekki voru í sundi íþróttatíma á móti. Að mati sundkennara, reynist þetta fyrirkomulag ekki vel og var dæmi um nemendur sem fengu aðeins 2 sundtíma vegna veikinda og leyfa. Það gafst þó betur að sundtímarnir hófust fyrr að deginum, en fyrri vetur og var það jákvæð breyting.

Lagt var upp með að nemendur væru meðvitaðir um markmið hvers tíma í upphafi tímans. Hjá yngri hópunum byrjaði tíminn oftast á léttum leik fyrir vinnu að settu markmiði og ef tími var til náðum við frjálsum eða skipulögðum leik síðustu mínúturnar. Reynt var að koma til móts við þarfir hvers og eins með mis góðum árangri, notast við hjálpartæki, boðið upp á aukatíma (garpasund) og unnið í samvinnu við foreldra. Fyrir 6.-10. bekk hófust kennslustundirnar á innlögn og umræðum um markmið og verkefni tímans.

Sundtímunum er raðað seint á dagskipulag nemenda, inn á frístundatíma þeirra. Það skipulag hefur bæði kosti og galla. Sundtíminn mætti vera sem uppbot á degi þeirra í stað þess að vera síðasta stund í lok frístundatíma þar sem þau eru orðin þreytt og misvel upplögð.

Kennsluáætlanir voru einungis sýnilegar kennurum og þeim kennurum og foreldrum sem um það báðu.

Námsmat

Námsmat var í formi símats þegar kom að „huglægum“ markmiðum, t.d. hvað varðar virkni, framkomu og viðhorf.

Þegar kom að mælanlegum markmiðum voru kennslustundirnar nýttar í að meta nemendur. Þetta mat var dreift nokkuð jafnt yfir allt skólaárið.

Einungis voru notuð markmið til að meta nemendur sem hefur reynst vel og höfum við mætt allmennri ánægju foreldra með þau skil. Foreldrar fá tilfinningu fyrir því hvar barn þeirra er statt og hvað þau gætu gert til að efla það enn frekar ef þörf er á því.



Notast var við sjálfsmat nemenda á unglínastigi en skil á þeim pappírurum er ekki í neinu horfi og væri gaman að koma því inn í matsmöppur nemenda.

Foreldrasamstarf

Við boðuðum foreldra í viðtöl í tengslum við viðtalsdaga og gaf það góða raun. Einnig hringdum við í foreldra og ræddum hluti sem þurfti að ræða. Við fengum líka foreldra í heimsókn í íþrótt- og sundtíma. Foreldrar voru líka duglegir að hafa samband ef þeim fannst eitthvað athugasemjulegt eða ábótavant.

Við tókum mikið af myndum og myndbrotum í íþrótt- og sundtímum sem við birtum á lokuðum facebookhópum innan skólans, það vakti mikla ánægju.

Samstarf í teyminu

Í teyminu skólaárið 2016-2017 voru Þórunn (100%), Þórey Sjöfn (98%) og Þorsteinn (62%).

Fundarskipulag var hefðbundið. Teymisfundur með stjórnanda, Öllu, einu sinni á tveggja vikna fresti, sem féll þó nokkuð oft niður vegna veikinda eða annarra verka. Teymið hafði engan fastan sameiginlegan tíma til undirbúnings og funda utan þessa tíma. Þórey og Tóta náðu góðum sameiginlegum tíma á þriðjudögum að teymisfundi loknum sem og á fimmtudögum þegar kennslu lauk 13:40. Á þeim dögum var Þorsteinn ekki í vinnu.

Samstarf innan teymisins hefði mátt ganga betur þar sem við áttum lítinn tíma saman.

Þórey fór á námskeið um vendinám fyrir íþróttakennara/þjálfara. Við fylgdumst með fjölda íþróttæfinga og horfðum á kennslustundir sundlauginni sem og öðrum skólum bæjarins. Þórey og Tóta fóru á handbotlaleikjanámskeið á hjá Sævari Árna og Einvarði í haust. Steini sótti ráðstefnuna „Sýnum karakter“ í HA. Mikill áhugi er á að kynna sér frauðrúllur til endurhæfingar á mjúkvefjum líkamans ásamt styrktaræfingum sem við gætum nýtt okkur til að virkja þá nemendur sem af einhverjum orsökum geta ekki tekið þátt í íþróttatímum. Þórey hefur líka mikinn áhuga á yogaiðkun og ætlar að nýta sumarið í að kynna sér þau fræði örlítið betur. Auk þess æfðum við öll okkar sport og fylgdumst með nemendum okkar við sína íþróttaiðju ef færi gafst til.

Uppröðun á tímum í sundlauginni væri hægt að haga betur og lítur út fyrir að næsti vetur verði betri hvað það varðar. Að hafa einn dag þar sem við erum öll saman í lauginni með innilaug og útilaug kæmi sér mun betur sérstaklega ef íþróttahúsið okkar á að vera til útleigu á skólatíma til annarra skóla. Það myndi líka minnka ferðalög íþróttakennara á milli staða og auka möguleika okkar á að hafa tíma saman sem og gefa okkur meiri tíma innan veggja skólans.

Við hefðum getað verið duglegri við að virkja nemendur betur í að setja sér einstaklingsmarkmið og meta sig sjálf. Þyrftum að gefa okkur tíma í íþrótt- og sundkennslu í almenna uppfræðslu um heilbrigði, heilnæman lífstíl, líkamsvitund, hlutverk ólíkra vöðvahópa og ákveðinn grunn í líffærafræði. Sem við gerðum þó tilraun til að innleiða í vetur en vorum ekki nógu markviss í.

Markmiðin í íþróttakennslunni voru of víð, of mörg og of flókin og við vorum ekki alltaf að meta þau út frá þessum tilteknu mentormarkmiðum.



Almenn samantekt

Það er full þörf á því að taka tillit til eðlis íþróttá- og sundkennslu við gerð stundarskrár. Þegar íþróttatími á að hefjast 8:10 þegar bjallan hringir eru nemendur ekki klárir í íþróttafötum til að byrja tímann sinn. Íþróttakennarinn sem á að stjórna þessum tíma þarf einnig að mæta vel tímanlega í vinnuna til að vera klár þegar tími hefst, búin að stilla upp áhöldum og skrúfa niður tæki og tól ef þess þarf og því þarf að taka tillit til þess í vinnuramma. Eins og staðan á íþróttahúsinu er í dag, þar sem enginn húsvörður er við þá féll það einnig í okkar hlut að fylgjast með frágangi og upplýsa um umgang og meðhöndlun tækja og tóla þegar aðrir starfsmenn voru að nota húsið eða húsið í leigu.

Það fer á köflum mikill tími í að taka á móti nemendum, sinna gæslu o.fl. í sundlauginni.

Markmiðalistanna þarf að nýta með markvissum hætti. Skoða þarf listanna og meta á gagnrýninn hátt til að koma auga á annmarka, ef einhverjir eru. Nýta svo í framhaldinu til að bæta kennsluna og nám.

Krefjandi og skemmtilegt verkefni vetrarins var að búa til góðan ramma í kringum nýtt íþróttahús Naustaskóla, þ.e. umgengnisreglur, að fólk hafi upplifað gleði og almenna ánægju að koma í húsið, stolt yfir þessu mannvirki sem við höfum afnot af. Áhersla okkar var að umgengni í húsinu yrði góð, þar inni væri borin virðing fyrir búnaði jafnt sem samnemendum og starfsfólki. Það var einnig krefjandi verkefni að læra á nýjan útbúnað og áhöld og hvernig farsælast og árangursríkast væri að nota þennan nýja búnað til að nám og kennsla myndi skila sem bestum árangri. Gera öllum grein fyrir sínu hlutverki innan veggja íþróttahússins, að allir hafi skýr hlutverk og finni fyrir öryggi og umhyggju gagnvart þessu fína húsi og fínu áhöldum sem við eigum öll saman og eigum lengi ef við förum vel með.

Heilsu og lífstílsvenjur eru atriði sem skólinn mætti leggja áherslu á næsta skólaár. Holtt mataræði og nesti - hverskonar drykkjarföng viljum við sjá innan veggja skólans - erum við heilbrigðar fyrirmyndir í þessum venjum.

Agamál er eitthvað sem þarf líka að vinna að. Hvert viljum við stefna, vantar að halda uppi jákvæðs aga stefnunni, hver er hún, eru allir meðvitaðir um stefnuna, nemendur, kennarar og annað starfsfólk. Hvernig erum við í samskiptum við hvort annað og börnin okkar í skólanum. Hvernig hegðun sættum við okkur við að þau sýni hvert öðru. Hvar drögum við línuna, hvenær er barn komið of langt og hvernig á þá að bregðast við. Hvar liggur ábyrgð foreldra hvað varðar hegðun og agamál.



Jákvæður agi

Í upphafi skólaársins var haldið námskeið í Jákvæðum aga fyrir starfsfólk skólans sem og nýtt starfsfólk, um það sáu Aðalheiður, Bryndís og Ingileif skólastjóri á Þelamörk. Á starfsdegi eftir áramót var efnt til JA námskeiðs fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa sem Aðalheiður og Bryndís sáu um. Inga Huld kennari í Glerárskóla, hélt fyrirlestur og örnámskeið um hvernig nota á verkfæri jákvæðs aga í skólafundum. Einnig voru haldin tvö foreldranámskeið á vorönn, sem voru ágætlega sótt. Á vordögum fóru átta starfsmenn skólans á tveggja daga námskeið í jákvæðum aga og væntum við mikils af þeirra þekkingu í innleiðingu jákvæðs aga í skólanum.

Eitt af markmiðum vetrarins tengt jákvæðum aga var að hvert teymi kynnti reglulega á kennarafundum þau verkfæri sem verið væri að nota og kynna/kenna nemendum. Það gekk ekki eftir, og lítil umræða fór fram á kennarafundum um jákvæðan aga.

Mat á skólastarfinu

Haustið 2016 varð nokkur breyting á starfsmannahópnum frá því á fyrra starfsári. Nýr skólastjóri tók til starfa og einnig var ráðinn nýr deildarstjóri. Flest teymin fengu nokkuð að halda sér og lítil breyting varð á kennaraliði skólans. Töluverðar breytingar urðu í skólaliðahópnum og einnig bættist við nýr stuðningsfulltrúi. Teymin héldu sínum sömu kennslusvæðum. Skólabyrjun fór vel af stað og allur undirbúningur fyrir skólaárið gekk vel. Áherslan í skólaþróuninni þetta árið lá sem fyrr í að efla starfshætti teymanna með það að markmiði að ná enn frekar fram þeim kostum sem í teymisvinnunni geta falist og skerpa á öllu verklagi í vinnu teymanna. Lögð var áhersla á að teymin héldu áfram að vinna út frá verklagsreglum fyrir teymi sem lögð voru fram á síðasta skólaári. Stjórnendur skiptu á milli sín teymin skólans, sátu vikulega fundi með teyminum, bæði á nemenda- og trúnaðarfundum. Þetta skipulag var ákveðið í kjölfar þess að kennarar óskuðu eftir meiri stuðningi af hálfu stjórnenda. Einnig var fundað reglulega með teymi sérgreinakennara, íþróttakennara og skólaliða. Þetta skipulag og aðkoma stjórnenda, skiptu miklu máli og stuðluðu að samræðum á milli starfsfólks og stjórnenda um ýmiss málafni tengd skólaþróun, nemendamálum og líðan starfsfólks. Önnur aðaláhersla vetrarins fólst í áframhaldandi innleiðingu á Jákvæðum aga, einnig var áhersla lögð á að klára að endurmeta markmið og skólanámskrá skólans, ásamt því að búa til markmiðalista í tungumálum og samfélags- og náttúrufræði.

Í upphafi skólaárs var lögð áhersla á að kennarateymin gerðu annars vegar ársáætlanir og hinsvegar mánaðarlegar námsáætlanir/kennsluáætlanir sem birtar yrðu á Mentor strax að hausti. Markmið þessarar vinnu var að þróa og samræma form og áherslur á árs- og námsáætlunum fyrir Naustaskóla. Þessi vinna gekk vel en verkefni næsta vetrar verður að nýta Mentor við gerð námsáætlana og dýpka enn frekar og þróa þau vinnubrögð, þannig að námsáætlanirnar gefi enn betri innsýn í inntak og framkvæmd kennslunnar, efnistöð og útfærslu námsmats og séu aðgengilegri foreldrum.

Hér á eftir má finna samantekt og mat á því hvernig við teljum að til hafi tekist við framkvæmd umbóta á liðnu skólaári og nokkrar tillögur sem fara inn í starfsáætlun næsta skólaárs sem viðfangsefni til úrbóta. Við mat á starfi skólans er stuðst við ýmis gögn sem safnað er allan veturinn og má þar helst telja:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal nemenda í 6.-10. bekk.
- Niðurstöður úr læsisprófum í 1.-3. bekk.



- Niðurstöður mats og úrbótatillagna í skýrslum teyma starfsmanna hér að framan.
- Mat teyma á stöðu starfs m.t.t. viðmiða um starfshætti sem fram eru sett í stefnu skólans.

Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur

Uppgjör á umbótatillögum síðasta skólaárs

Uppgjör á umbótatillögum síðasta skólaárs

Helstu þættir sem settir voru fram í starfsáætlun ársins, og þar af leiðandi sem unnið var að varðandi úrbætur á skólastarfinu veturinn 2016-2017 voru eftirfarandi (Merkt með grænu lettri sem gekk eftir, gulu sem gekk eftir að hluta en rauðu sem ekki gekk eftir):

Námsaðlögun:

- Áfram þarf að þróa starfsáætlanir kennarateyma með það að markmiði að þær gefi sem besta mynd af starfsháttum í hverju teymi og hvernig námsþættir og áherslur í starfinu raðast á skólaárið. Þessar áætlanir þarf að birta á heimasíðu og kynna vel fyrir foreldrum.

Þetta gekk eftir og var birt á heimasíðu skólans. Þó þarf að kynna þær betur fyrir foreldrum

- Lögð verði áhersla á að sama form og áhersluþætti í kennsluáætlunum skólans, út frá þeim markmiðum að í kennsluáætlunum sé samræmi á milli settra viðmiða, námsmats og að framkvæmd kennslunnar sé fjölbreytt.

Þessu markmiði var náð að hluta. Flest teymin nýttu sér samræmt form og skiluðu til stjórnenda. Leggja þarf áherslu á meiri samfelli á milli einstakra þátta í námsáætlunum og nánari útfærslu á námsmati í samræmi við sett viðmið og aðalnámskrá. Einnig þar skýrari útfærslur á framkvæmd kennslunnar.

- Leggja þarf áherslu á að öll kennarateymi nýti námsmarkmiðakerfið í mentor, þ.e.s að setja þar inn markmið og meta þau eftir því sem náminu vindur fram þannig að kennarar, foreldrar og nemendur geti á auðveldan hátt fylgst með námsframvindunni.

Þetta gekk nokkuð vel hjá okkur. Þó er auðsynlegt að leggja enn meiri áherslu á að merkja jafnt og þétt við markmiðin þegar þeim er náð, til að tryggja sem besta yfirsýn á námsframvinduna.

- Ljúka þarf við gerð námsmarkmiða fyrir tungumál og huga að endurskoðun annarra námsmarkmiða.

Það gekk eftir – á næsta skólaári ættu öll námsmarkmiðin að vera komin inn á mentor.

- Halda þarf áfram að þróa notkun á námsmöppum.

Gekk eftir, í starfsáætlunum teymanna kemur skýrt fram hvað eigi að setja í námsmöppur og hefur því verið fylgt eftir.

- Læsisstefna unnin fyrir skólann.



Ákveðið hefur verið að nýta læsisstefnu Akureyrarbæjar sem viðmið þegar hún verður tilbúin í haust.

- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.
 - Allar starfs- og kennsluáætlanir taki tillit til grunnþátta menntunar og vinnu með lykilhæfni.

Töluvert var unnið í grunnþáttum menntunar og með lykilhæfniþætti í námsmati í námsætlunum teymanna. Þetta var kynnt fyrir foreldrum og nemendum að einhverju marki. Mismunandi var hversu vel kennarateymin náðu að gera grunnþætti menntunar og lykilhæfni sýnilega í sínum námsáætlunum.

Heildarfyrirkomulag námsmats við skólann verði endurskoðað og lagað að kröfum aðalnámskrárinnar.

Námsmat skólans, þar sem merkt var við þau markmið sem nemandinn hafði náð á skólaárinu, fór heim nú á vordögum ásamt umsögn umsjónarkennara.

- Rýnt verði markvisst í kennsluhætti og hversu vel þeir endurspegla áherslur aðalnámskrár. Varðandi kennsluhætti verði sérstaklega horft til hópaskiptinga, nýtingar og skipulagningar á kennslurýmum, samvinnunáms, speglaðrar kennslu o.fl.

Þetta gekk að hluta eftir en þróa þarf betur skipulag og nýtingu á kennslurýmum ásamt útfærslu á námsaðlögun og kennslu á opnum svæðum.

- Festa þarf nemendasamtöl í sessi.

Nemendasamtöl náðu ekki að festa sig skipulega í sessi. Hinsvegar ræða umsjónarkennarar við nemendur en bæta þarf skipulagið í kringum nemendasamtölin.

- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á undanförnum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun og kennsluhætti, vinnu í teymi og mótun námssamfélags

Vinna samkvæmt endurmenntunaráætlun náðist að allnokkru leiti en ekki öllu. Unnið var í öllum teyimum í þróunarverkefni, sem m.a. stuðlaði að samvinnu innan teymisins og ígrundun á kennsluháttum.

Athvarf:

- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.

Gekk ekki eftir. Ekki er unnið eftir sérstöku skipulagi.

- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum. Í síðasta lagi í nóvember þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.

Framfarir hafa orðið í framkvæmd á gæðahringjum en ekki voru öll teymi komin með dagskrármál frá nemendum í nóvember. Ekki eru öll teymi með gæðahringi reglulega á dagskrá.

- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.



Gekk ekki eftir.

- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að „skólinn sé miðstöð hverfisins“ enda gefa samkomusalur og mötuneyti aukna möguleika í þeim efnum.

Gekk eftir að mjög takmörkuðu leyti. Nokkuð er um fundi og mannfagnaði í skólanum sem ekki tengjast skólastarfinu beinlínis en erfitt að halda því fram að skólinn virki sem miðstöð hverfisins. Vorhátíð var eingöngu skipulögð af hálfu skólans og hverfisnefnd ekki virk þetta árið. Nauðsynlegt að endurskoða.

Umhyggja og virðing:

- Áhersla lögð að rifja upp verkfæri í jákvæðum aga, lausnahjólið og notkun bekkjarfunda. Markmið að gera vinnu teymana sýnileg á kennarafundum.

Um hustið voru námskeið og upprifjanir á verkfærum JA. Almennt virðast starfsmenn verða sífellt betur upplýstir um Jákvæðan aga og vinnu samkvæmt honum.

Þó vantar enn nokkuð upp á að teymin nýti sér markvisst verkfæri í Ja og að bekkjarfundir/gæðahringir séu notaðir markvisst fyrir hlutverkaleiki og lausn á agavandamálum.

Samvinna:

- Halda áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogahæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum. Endurskoðun og frekari útfærsla á starfsreglum teyma.

Unnið var vel með starfsreglur teymanna og í upphafi skólaárs skiptu stjórnendur á milli sín teymunum og sátu vikulega fundi með hverju teymi. Lögð var áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gaf það góða raun. Vinnubrögð og samvinna innan teymanna var skilvirkari og gekk betur. Auk þess sem fundarseta stjórnenda leiddi til marvissari lausnaleitar þegar upp komu erfiðleikar og álitamál í samstarfi innan teymis.

- Starfendarannsóknir gerðar af kennurum.

Gekk að einhverju leiti eftir með þátttöku í þróunarverkefni sem kennarar unnu að, þar sem þeir ígrunduðu í sameiningu skipulag kennslu og kennsluumhverfis og lögðu mat á árangur.

- Stjórnendur skipta á milli sín teyllum sitji sem flesta fundi með þeim og verði þannig starfsmönnum til halds og trausts.

Þetta gekk eftir og gekk vel.

- Fundafyrirkomulag skólans endurskoðað og breytt og leitast við að fundir séu sem allra markvissastir.

Þennan þátt þarf að endurskoða og bæta til þess að fundir megi vera markvissari.

- Haldin séu skólaþing með nemendum þar sem nemendur eru virkjaðir til umræðna og ákvarðanatöku um sem flest sem snýr að skólastarfinu.

Gekk ekki eftir



- Verkefni sem vinna þarf að séu unnin á afmörkuðum tíma af því starfsfólki sem hefur raunverulegan áhuga á þeim.

Gekk eftir að hluta, en efla þarf betur og virkja leiðtoga innan starfsmannahópsins.

Táp og fjör:

- Auka þarf útikennslu og nýtingu skólalóðar og umhverfis til kennslu.

Þetta gekk eftir að mestu leyti, útisvæði skólans og næsta nágrenni var bæði nýtt til útikennslu, sérstaklega í íþróttum og einnig í hreystivali á unglingastigi. Hins vegar mætti nýta útikennslu meira til stuðnings við almenna kennslu og gera hana markvissari og sýnilegri í námsáætlunum.

- Meiri áhersla lögð á hópefli skipulagt af stjórnendum í upphafi skólaárs

- Meiri áhersla lögð á hvatningu til starfsmanna og einstaklingsviðtöl við starfsmenn til að ræða líðan og starfsþróu.

Þetta gekk eftir – stjórnendur skiptu starfsmannahópnum á milli sín eftir teyrum. Stjórnendur tóku stutt spjall við hvern starfsmanna á sex vikna fresti, þar sem m.a. var rætt um líðan og starfið. Að allra mati gaf þetta góða raun og stjórnendur fengu tækifæri til að styðja betur við starfsþróun starfsfólks og veita stuðning í starfi.

Mat og umbótatillögur fyrir næsta skólaár

